


skoðun 22

3 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
HM í Svíþjóð
Verkfæri










# FRÉTTABLAÐIÐ

Fimmtudagur
13. janúar 2011
10. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI




**Heiðursgestur í Litháen**
*Jón Baldvin Hannibalsson flytur ávarp við minningarathöfn í Litháen um fórnarlömb sovéska hernámsliðsins árið 1991.*
**tímamót 30**

**Á súlunni í Svíþjóð**
*Eva Rut er á leiðinni til Svíþjóðar á Norðurlandamót í súlufimi.*
**fólk 54**



**Valur vann toppslaginn**
*Valskonur unnu sjö marka sigur á Fram í Safamýrinni.*
**íþróttir 50**

**veðrið í dag**




**STORMUR** með suðurströndinni og allra vestast en hvassviðri eða strekkingur annars staðar. Snjókoma eða él víða um land. Hiti nálægt frostmarki.
**VEÐUR 4**

# Opinberir starfsmenn vilja styttri vinnuviku

**BSRB hefur kynnt ríki og sveitarfélögum þá kröfu sína að vinnuvikan verði stytt um fjórar klukkustundir. Þannig yrði kröfum um fjölskylduvænna umhverfi mætt. Við það myndi Ísland færast nær því sem gerist í nágrannaríkjunum.**

**KJARAMÁL** Stytting vinnuvikunnar úr 40 klukkustundum í 36 er meðal þess sem Bandalag starfsmanna ríkis og bæja (BSRB) leggur áherslu á í viðræðum við viðsemjendur sína – ríki og sveitarfélög.

Aðildarfélög bandalagsins fara með kjarasamningsumboðið hvert fyrir sig en hafa falið forystu bandalagsins að fjalla um nokkur tiltekin mál.

Mál sem snúa bæði að ríki og sveit eru breytingar á rétti til lífeyristöku, viðurkenning á rétti starfsmanna til hlutaveikinda, að frítökuréttar verði getið á launaseðli, að samdar verði reglur um starfslok eftir langan starfsaldur og áðurnefnd stytting vinnuvikunnar.

Elín Björg Jónsdóttir, formaður BSRB, segir það gamalt baráttumál að vinnuvikan verði stytt. „Þegar við fórum síðast fram með þetta mál, fyrir einum sex árum, var viðkvæðið að hér vantaði svo mikið vinnuafl til að reka þetta samfélag okkar að við værum að flytja inn fólk. Nú er ekki vöntun á fólki til starfa heldur þvert á móti og því teljum við að það sé lag,“ segir Elín Björg.

Grunnástæða kröfunnar sé að skapa fjölskylduvænna samfélag; að mæta vilja opinberra starfsmanna til að vinna minna og hafa meiri tíma aflögu fyrir fjölskylduna. Ályktað hefur verið í þá átt á mörgum umliðnum þingum BSRB. „Með þessu værum við að færa okkur í átt til þess sem gerist á hinum Norðurlöndunum,“ segir Elín Björg. Í kröfunni felst að kjör haldist óbreytt. Elín Björg segir jafnframt að hugsun BSRB sé sú að stytting vinnuvikunnar um fjórar klukkustundir komi til framkvæmda í áföngum. - bþs

Ísland á bókamessunni:

## 120 bækur þýddar á þýsku

**MENNING 120 íslenskar bækur verða gefnar út á þýsku á næstu mánuðum. Halldór Guðmundsson, verkefnisstjóri Sögueyjunnar Ísland sem heldur utan um heiðursgestahlutverk Íslands á bókamessunni í Frankfurt, segir þennan fjölda fara fram úr þeirra björtustu vonum. „Við höfðum gert okkur vonir um að þetta yrðu kannski hundrað titlar,“ segir Halldór. Hann er ekki með nákvæman fjölda þeirra höfunda sem verða þýddir á þýsku. „Þetta eru eitthvað í kringum áttatíu höfundar, inni í þessum fjölda eru reyndar smásagna- og ljóðasöfn þannig að þeir gætu verið miklu fleiri.“** -fgg / sjá síðu 54



HALLDÓR GUÐMUNDSSON



**ÞINGMENN Í HÓLFUM** Í byrjun vikunnar var hafist handa við að útbúa aðstöðu fyrir þingmenn og starfsfólk stjórnlagaþingsins á fimmtu hæð í Ofanleiti 2, gamla húsnæði Háskólans í Reykjavík. Í þessum þriggja fermetra básum verður skrifborð, stóll og tölva og pláss fyrir gögn. Einnig þarf að útbúa sal til að þinga í en það kostar minni vinnu að sögn framkvæmdastjóra. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Stjórnlagaþing í undirbúningi:

## Nær 300 sóttu um tólf stöður

**STJÓRNLAGAÞING** Nærri 300 sóttu um tólf störf sem auglýst voru við stjórnlagaþingið sem hefst 15. febrúar, að sögn Þorsteins Fr. Sigurðssonar, framkvæmdastjóra undirbúningsnefndarinnar. Umsóknarfrestur rann út nú í byrjun janúar.

Auglýst var eftir skrifstofustjóra, yfirlögfræðingi, nefndariturum, ræðuskrifurum, skjalalesurum, þingvörðum og starfsmönnum í móttöku og kaffistofu.

Þingið mun starfa stutt og starfstíminn kann að vera breytingum háður. Þetta virðist ekki hafa fælt umsækjendur frá. „Við fengum að minnsta kosti nógu margar umsóknir til að geta valið í öll störf,“ segir Þorsteinn.

Þorsteinn segir að nú sé unnið að tæknilegum undirbúningi, enda þarf þingið öfluga vefsíðu og þá verður sýnt frá þingfundum í beinni útsendingu. - sh

Unnið að bættum almenningssamgöngum í samræmi við stefnulýsingu stjórnar:

## Ódýrara að fara í bíl en rútu

**SAMGÖNGUR** Opinber framlög til almenningssamgangna hér á landi nema rúmum 40 prósentum af því sem að jafnaði gerist í Noregi, Svíþjóð, Danmörku og Finnlandi.

Þetta er meðal þess sem lesa má úr gögnum sem innanríkisráðuneytið hefur birt og varða úttekt og tillögur að endurbótum á kerfi almenningssamgangna hér á landi.

Meðal þess sem starfshópur ráðuneytisins og Vegagerðarinnar hefur lagt til er að kostnaður við fargjöld á styrktum leiðum verði ekki hærri en nemur eldsneytiskostnaði einkabíls á sömu leið.

„Eins og staðan er þá er í mörgum tilvikum ódýrara að ferðast einn í eigin bíl,“ segir í skýrslu sem starfshópurinn skilaði ráðuneytinu í september.

Fram kemur að nýting almenningssamgangna hafi verið mjög lítil síðustu ár. Á 26 af 36 styrktum sérleiðum hópferðabíla séu farþegar að jafnaði færri en þrír í hverri ferð.

Ráðuneytið segir að í ár verði gripið til margvíslegra skammtímaaðgerða um leið og unnið verði að frekari úrbótum og stefnumótun. Kveðið er á um bættar almenningssamgöngur í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. - óká / sjá síðu 16










**SPURNING DAGSINS**



*Hörður, hvað segja bændur?*

„Þeir eru bara mjög hressir á nýju ári."

Hörður Kristjánsson, blaðamaður og ljósmyndari, er að taka við sem ritstjóri Bændablaðsins. Hörður segir blaðið bjóða upp á mikla fjölbreytni þótt sérhæft sé.

ASÍ kynnti hugmyndir sínar um aðgerðir í efnahags- atvinnu- og félagsmálum:

# Kallar eftir stefnu stjórnvalda

**KJARAMÁL** Alþýðusamband Íslands (ASÍ) lagði í gær fyrir ríkisstjórnina hugmyndir að aðgerðaáætlun sem grundvöll að gerð kjarasamninga.

Þar leggur ASÍ meðal annars áherslu á að stórum framkvæmdum í samgöngum og iðnaði verði hrint í framkvæmd og einnig að lífeyrisréttindi landsmanna verði samræmd milli opinbera og almenna vinnumarkaðarins

Þá krefst ASÍ þess að persónuafsláttur verði verðtryggður og fallið verði frá skerðingu barnabóta.

Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, segir í samtali við Fréttablaðið að ríkisvaldið verði að sýna að það hafi vilja og getu til að taka þátt í samstöðu um heildstæða lausn.

„Það er takmakaður tími til að ná saman og draga þannig línur en ef þær fara ekki að skýrast fyrir lok næstu viku fara menn að huga að því að semja til skemmri tíma."

Gylfi hafnar þó hugmyndum atvinnurekenda um 7 til 8 prósenta launahækkanir yfir þrjú ár.

„Kaupmáttur helst þannig rétt svo óbreyttur og það fellur ekki saman við okkar sýn. Það þarf meira til." - þj



**KJARASAMNINGAR** Gylfi Arnbjörnsson forseti ASÍ þrýstir á um skýra stefnu stjórnvalda í yfirstandandi kjaraviðræðum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Tvö heitustu ár sögunnar:

# Árið sem leið jafnaði metið

**VÍSINDI Árið 2010 var jafn heitt og árið 2005, sem var heitasta árið sem sögur fara af, samkvæmt upplýsingum frá veðurgagnamiðstöð Bandaríkjanna.**

**Meðaltalshiti á jörðunni síðastliðið ár var 0,62 gráðum hærri en árið 2009. Alls hafa þá níu af tíu heitustu árunum frá því mælingar hófust komið á þessari öld, en tíunda heitasta árið var 1998. Er þá miðað við upphaf mælinga árið 1880. Árið 2010 var jafnframt úrkomusamasta ár sögunnar.** - gb

Aðkeypt þjónusta ráðuneyta:

# Ekki upplýst hverjir fá greitt

**STJÓRNSÝSLA** Ríkisendurskoðun kannar nú kostnað ráðuneyta við aðkeypta þjónustu starfsmanna félagsvísindasviðs Háskóla Íslands. Í svörum forsætisráðherra við fyrirspurn um málið kemur fram að 30 milljónir hafa verið greiddar til Háskólans en ekki er upplýst hvaða fræðamenn fengu greiðslurnar.



**GUÐLAUGUR ÞÓR ÞÓRÐARSON**

Forsaga málsins er sú að Guðlaugur Þór Þórðarson alþingismaður lagði fram samhljóma fyrirspurn á Alþingi en fékk ónákvæm svör sem ekki þóttu tæmandi. Þingmaðurinn taldi því rétt að biðja forsætisnefnd um að vísa málinu til ríkisendurskoðenda.

Ólögmæt frelsissvipting:

# Dæmdar milljónir í bætur

**DÓMSMÁL Héraðsdómur Reykjavíkur hefur dæmt ríkið til að greiða Ágústi Hilmari Dearborn 6,5 milljónir króna í skaðabætur vegna ólögmætrar frelsissviptingar.**

**Ágúst var handtekinn árið 2003 eftir að hann fékk flogakast undir stýri í Njarðvík og ók út af. Þegar sjúkraflutningamenn hlúðu að honum vaknaði Ágúst og brást hinn versti við. Lögreglan fann sig knúna til þess að handtaka hann. Héraðsdómur féllst á að handtakan hefði verið lögmæt. Einnig fór lögreglan út fyrir valdsvið sitt þegar hún færði Ágúst handjárnaðan á lögreglustöð og lét hann dúsa í fangaklefa járnaðan fyrir aftan bak í um hálftíma án þess að læknir væri fenginn til þess að kanna ástand hans.** - vg

# Vilja veiða hreindýr með boga og örvum

**Félagsmenn nýstofnaðs Bogveiðifélags Íslands vilja fá yfirvöld til að leyfa veiðar með bogum og örvum á Íslandi líkt og heimilt er víða um álfur og lönd, meðal annars á Norðurlöndunum. Þeir vilja til dæmis veiða hreindýr, fugl og fisk.**

**SPORTVEIÐI** „Það ætti að vera hægt að veiða allt með þessu; fugl, ref, mink, hreindýr og fisk," segir Indriði Ragnar Grétarsson, formaður hins nýstofnaða Bogveiðifélags Íslands sem vill að veiðar með bogum og örvum verði leyfðar á Íslandi.

Indriði segist lengi hafa haft áhuga á bogveiði þótt hann hafi ekki lagt stund á hana ennþá sjálfur. Í mars í fyrra stofnaði hann sérstaka síðu á netinu um bogveiði. Þá hefur hann átt samstarf við bogfimideild Íþróttafélags fatlaðra í Reykjavík og skotveiðifélagið Ósmann í Skagafirði þar sem hann sjálfur er liðsmaður.



**INDRIÐI R. GRÉTARSSON**

„Bogveiði er leyfð samkvæmt tilskipun frá Evrópusambandinu en hvert land fyrir sig ákveður hvort þetta er leyft. Bogveiðin er leyfð í nærri helmingi landanna innan sambandsins," segir Indriði sem kveður einnig hefð fyrir bogveiði í Bandaríkjunum, Kanada, Ástralíu og í Afríku. Úti í Evrópu veiða bogmenn að sögn Indriða helst hirti og birni. Í Afríku veiði menn allra handa dýr á boga.

Indriði segir siðferði bogveiðimanna áður fyrr ekki hafa verið nógu gott. Það sama hafi gilt um hittni þeirra.

„Í dag eru kröfurnar orðnar svo miklar svo hittnin er orðin á við það sem gerist með riffla," segir Indriði en bendir um leið á að hérlendis séu strangari kröfur varðandi boga en gerist annars staðar. „Eins og lagaumhverfið er í dag virðist bogi og ör vera hættulegra vopn en byssur. Það er mikið strangara ferli í kring um þetta en með byssur. Til dæmis verða menn að vera í félagi innan ÍSÍ til þess að mega eiga boga og stunda æfingar."

Að sögn Indriða hyggjast bogveiðimenn halda kynningu í febrúar fyrir þá sem hafa að gera með umsagnir og leyfisveitingar vegna bogaeignar og bogveiði. „Í Evrópu þarf hvergi leyfi til þess að eignast boga og örvarodda. Við viljum fá breytingu hérna heima þannig að þetta verði svipað og erlendis."

Í stefnuskrá Bogveiðifélagsins segir að auk bogveiðanna vilji félagið stuðla að sameiningu bogveiðimanna og áhugamanna um bogveiðar, bogfimi, náttúruvernd og standa vörð um hagsmuni þeirra. gar@frettabladid.is



**HREINDÝR** Formaður Bogveiðifélagsins segir að hægt sé að það sé meðal annars hægt að veiða hreindýr með boga. Bogveiðimenn nota helst svokallaða trapisi-boga sem eru afar öflugir og nákvæmir.





**HEIMASÍÐA BOGVEIÐIFÉLAGSINS** Á slóðinni bogaveidi.123.is er hægt að fræðast um nýja félagið.



**JARED LOUGHNER** Flúði undan föður sínum og ók yfir á rauðu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Árásarmaðurinn í Tucson:

# Stóð í ströngu fyrir árásina

**BANDARÍKIN, AP** Jared Loughner, byssumaðurinn sem myrti sex manns og særði fjórtán að auki í matvöruverslun í Tucson á laugardag, var stöðvaður af lögreglu fyrir að aka yfir á rauðu ljósi nokkrum klukkustundum áður en hann framdi ódæðið.

Fyrr um daginn reifst hann einnig við föður sinn og flúði undan honum. Foreldrar Loughners sendu frá sér yfirlýsingu á þriðjudag, þar sem þau sögðust miður sín yfir því sem gerðist.

Þingkonan Gabrielle Giffords, sem árásin beindist að, sýnir hæg batamerki þar sem hún liggur meðvitundarlaus á sjúkrahúsi. - gb

**PANAMA**

## Vilja Noriega framseldan

Stjórnin í Panama vill fá Manuel Noriega, fyrrverandi einræðisherra landsins, framseldan frá Frakklandi, en þangað var hann framseldur frá Bandaríkjunum á síðasta ári eftir að hafa setið þar 20 ár í fangelsi. Dómstóll í Panama hefur dæmt Noriega í 20 ára fangelsi fyrir morð.







Prentútgáfa Fréttablaðsins aðgengileg með einum hnappi á netinu:

# Aðgengilegt um allan heim

**TÆKNI** Fréttablaðið hefur frá í gærmorgun verið aðgengilegt þeim sem nota nettengd tæki og tól á borð við iPhone-farsíma, iPad-spjaldtölvur og iPod Touch og hafa keypt áskrift að hugbúnaðinum PressReader. Forritið sníður dagblöð til fyrir nettengd tæki og líta þau eins út á skjá tækjanna og á pappírsformi.

Kjartan Sverrisson, deildarstjóri vefmiðla hjá 365 miðlum, segir þetta í samræmi við það sem gerist erlendis. „Nú erum við komin á markað með stóru strákunum, enda nú orðið jafn auðvelt að lesa Washington Post og Fréttablaðið."

Hugbúnað PressReader má nálgast í vefverslunum helstu tæknifyrirtækja heims, svo sem í App-Store Apple og Android Market Google. Spjaldtölvan Galaxy Tab frá Samsung kemur með uppsettum PressReader-hugbúnaði.

Ekkert kostar að ná í hugbúnaðinn en notkun á kerfinu er háð áskrift sem notandinn þarf að hafa. Þeir sem hafa sett upp PressReader-hnapp á tæki sitt og tölvu og hafa áskrift að notkun þess geta jafnframt því að lesa Fréttablaðið lesið þar öll heimsins dagblöð sem gert hafa samning við eiganda PressReader, tæknifyrirtækið Newspaper Direct. Ekkert kostar aukalega að lesa önnur dagblöð hvort heldur er um að ræða áskriftarblöð eða fríblöð. - jab



**BLAÐIÐ SKOÐAÐ** Hægt er að skoða prentútgáfu Fréttablaðsins hálfan mánuð aftur í tímann. Hér má sjá Kjartan Sverrisson fletta síðum blaðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



NÝÁRS ÚTSALA
BRJÁLAÐ VERÐ!
Frystiskápur
Frigor, 165 ltr.
1805493
59.900,-
79.900,-
Úlpa
dömu,hvít,
xs-xxL
5869863
TRUENORTH
6.490,-
12.990,-
RAFTÆKI ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR
6.990,-
9.990,-
ÚTIVISTAR-FATNAÐUR ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR
5.590,-
6.990,-
Vöflujárn, tvöfalt
TVÖFALT,1200W
1841119
1.990,-
2.999,-
9.990,-
12.900,-
Búsáhöld allt að 50% AFSLÁTTUR
LÆKKUN 20.000,-
20% AFSLÁTTUR af öllum vettlingum og húfum
20% AFSLÁTTUR af öllum barnabílstólum
Barnabílstóll
F/8mán-12 ára,
9-36kg,
5 punkta belti
3000836
Softshell buxur
5863616-22,5863623-28
Skálar
4stk/sett m/lokum
2001475
Verkfærataska,18”
5024496
8.999,-
11.995,-
Slípimús og juðari
55W 40 fylgihlutir.
5245788
55.920,-
69.900,-
LÍKAMSRÆKTAR-TÆKI
Göngubretti JDB-1300
0-12KM, 5 æfingakerfi
3899532
999,-
1.499,-
Sturtutæki
Damixa.
8000872
ÖLL LÍKAMS-RÆKTARTÆKI 20% AFSLÁTTUR
VERKFÆRI ALLT AÐ 25% AFSLÁTTUR
Blöndunartæki allt að 35% AFSLÁTTUR
12.990,-
19.990,-
damixa
BLACK&DECKER
HÚSASMIÐJAN
5.-23. janúar 2011
NÝÁRS ÚTSALA
Útsölublaðið er komið út!
LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*
Afsláttur á útsölu gildir ekki af vörum merktum “Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar” enda höfum við þegar lækkað þær vörur í lægsta verð sem við getum boðið á viðkomandi vöru.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Úrval getur verið misjafnt milli verslana.
HÚSASMIÐJAN

## GENGIÐ 12.01.2011

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 118,05 | 118,61 |
| Sterlingspund | 184,75 | 185,65 |
| Evra | 153,72 | 154,58 |
| Dönsk króna | 20,633 | 20,753 |
| Norsk króna | 19,900 | 20,018 |
| Sænsk króna | 17,348 | 17,450 |
| Japanskt jen | 1,4203 | 1,4287 |
| SDR | 180,55 | 181,63 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
210,7263

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Sjávarútvegsráðherra Noregs um kröfur Íslendinga og Færeyinga í makríldeilu:

# Kröfur í makríldeilu frá annarri plánetu

**SJÁVARÚTVEGUR** Lisbeth Berg-Hansen, sjávarútvegsráðherra Noregs, segir kröfur Íslendinga í deilum um makrílveiðar vera „frá annarri plánetu".

Berg-Hansen lét þessi ummæli falla í norskum fjölmiðlum í tilefni af gagnrýni þarlendra samtaka Evrópuandstæðinga, Nei til EU. Samtökin segja hana ekki hafa gagnrýnt fiskveiðistefnu Evrópusambandsins (ESB) nægjanlega, en hafi hins vegar sýnt Íslendingum og Færeyingum of mikla hörku.

Berg-Hansen segir ljóst að Nei til EU hafi ekki nákvæmar upplýsingar um alþjóðlega fiskveiðisamninga og beri fyrir sig vafasöm vísindi.



LISBETH BERG-HANSEN

Ekki hafi annað komið til greina en að taka samningaviðræður við Ísland og Færeyjar um makrílveiðar föstum tökum þar sem afleiðingar gætu verið skaðlegar ef gengið yrði að kröfum.

Hún gefur lítið fyrir gagnrýni Evrópuandstæðinga, enda segist hún berjast fyrir hagsmunum sjómanna sem séu sjálfsagt í hópi stuðningsmanna samtakanna.

Samningaviðræður um veiðar úr makrílstofninum fóru út um þúfur síðasta haust. - þj



**MAKRÍLL** Sjávarútvegsráðherra Noregs segir kröfur Íslendinga og Færeyinga vera af öðrum heimi.



**HROGNIN FLUTT** Starfsmaður safnsins kemur hrognunum fyrir í búrum þar sem til stendur að þau verði næstu vikurnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON

Sæheimar í Vestmannaeyjum:

## Afskipt hrogn voru flutt í búr

**NÁTTÚRA Steinbítshrognin sem gotið var í Sæheimum í Vestmannaeyjum á mánudagskvöld voru í gær flutt í þar til gerð búr á safninu. Vonast er til þess að þau klekist þar út að nokkrum vikum liðnum og hægt verði að ala seyðin á safninu.**

**Hængurinn sem frjóvgaði hrognin undir vökulum augum starfsmanna safnsins í upphafi vikunnar brást ekki við eins og til var ætlast eftir gotið. Í stað þess að hringa sig um hrognaklasann og gæta hans át hann þriðjung hrognanna og gerði hrygnuna með því fráhverfa þeim.** - sh

Rútuþjófur í Haugasundi:

## Ofurölvi stal langferðabíl

**NOREGUR** Ölvaður maður var handtekinn eftir að hafa tekið langferðabíl traustataki í norska bænum Haugasundi aðfaranótt miðvikudags. Viðkomandi kvaðst hafa verið á leið til bæjarins Sveio, sem er í tæpra 20 kílómetra fjarlægð, en hann komst einungis hálfa leið áður en hann festist í vegarkanti.

Þjófurinn, sem var próflaus, virðist hafa rambað upp í ólæstan vagn á rútustöð og fundið í honum lykla. Segir lögregla það mikla mildi að engin slys hafi orðið á fólki. - þj

# Nýdæmdur grunaður um lífshættulega árás

**Maður sem situr í varðhaldi grunaður um alvarlega líkamsárás á nýársnótt hlaut tveggja og hálfs árs fangelsisdóm í lok nóvember fyrir tvær hrottafengnar líkamsárásir, rán og frelsissviptingu. Fórnarlambið hlaut lífshættulega áverka.**

**LÖGREGLUMÁL** Andri Vilhelm Guðmundsson, 24 ára Keflvíkingur, situr nú í gæsluvarðhaldi grunaður um alvarlega líkamsárás á nýársnótt. Andri var dæmdur í tveggja og hálfs árs fangelsi 26. nóvember síðastliðinn fyrir tvær hrottafengnar líkamsárásir, rán og frelsissviptingu en gekk laus þar sem hann tók sér frest til að áfrýja dómnum.

Andri var handtekinn 2. janúar grunaður um að hafa lent í átökum við mann í Hafnarstræti á nýársnótt og veitt honum alvarlega áverka. Hann var úrskurðaður í fjögurra daga varðhald, sem síðan var framlengt til 4. febrúar. Hæstiréttur staðfesti gæsluvarðhaldsúrskurðinn í fyrradag.

Samkvæmt honum er Andri grunaður um að hafa hrint hinum manninum niður tröppur og síðan sparkað í eða traðkað á höfði hans og andliti. Maðurinn höfuðkúpubrotnaði og hlaut lífshættulega áverka á heila en útlit er fyrir að hann nái sér að mestu.

Vitni lýsa átökunum á þann veg að báðir mennirnir hafi rifið sig úr að ofan og að Andri Vilhelm hafi veist að hinum með karate- og „kick-box"-spörkum.

Lögregla telur atlöguna varða við 218. grein hegningarlaga um sérstaklega alvarlega líkamsárás. Hámarksfangelsi fyrir slíka árás er sextán ára fangelsi.

Andri hefur viðurkennt að hafa lent í átökum við manninn en hafnar því alfarið að hafa hrint honum niður tröppur eða traðkað á höfði hans.



**HAFNARSTRÆTI** Árásin á nýársnótt var framin í Hafnarstræti. Sá sem slasaðist féll niður stiga og í kjölfarið er talið að Andri Vilhelm hafi traðkað á andliti hans og veitt honum lífshættulega áverka á heila. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Á nýársnótt voru ekki liðnar nema sex vikur síðan Andri hlaut tveggja og hálfs árs fangelsisdóm í Héraðsdómi Reykjaness fyrir tvær líkamsárásir, rán og frelsissviptingu.

Í öðru málinu var hann fundinn sekur um að hafa brotið fjölmörg bein í andliti manns með því að berja hann með steini.

Í hinu málinu var hann dæmdur ásamt samverkamanni fyrir að halda manni föngnum í átta klukkustundir og ganga í skrokk á honum. Þeir lokuðu manninn meðal annars inni í fataskáp og hengdu 400 vatta ljósaperu yfir höfuðið á honum, vöfðu síðar rafmagnssnúru um háls hanns og hertu að þar til maðurinn missti nánast meðvitund og bundu hann að síðustu við stól, límdu fyrir munn hans og börðu hann í bringuna með golfkylfu.

Að þessu loknu neyddu þeir hann til að fara í banka og biðja um yfirdrátt til að greiða skuld, annars hlyti sambýliskona hans verra af.

Dómurinn var ekki birtur Andra fyrr en 3. janúar og ekki er unnt að fullnusta hann strax þar sem hann tók sér frest til að áfrýja.

stigur@frettabladid.is

Formannskjör í VR:

## Kristinn Örn enn undir feldi

**FÉLAGSMÁL** Kristinn Örn Jóhannesson, formaður VR, hefur ekki tekið ákvörðun um hvort hann muni gefa kost á sér til endurkjörs í komandi kosningum félagsins.



KRISTINN ÖRN JÓHANNESSON

Í aðsendri grein í Fréttablaðinu fyrir stuttu sagðist Kristinn orðinn baráttulúinn og óviss um að gefa kost á sér, en í gær sagði hann að málin myndu ráðast á næstunni. „Ég ligg bara undir feldi. Félagið mun auglýsa eftir framboðum á næstu dögum og svo sjáum við til."

Siðfræðingurinn Stefán Einar Stefánsson er sá eini sem hefur staðfest formannsframboð fram að þessu. - þj

Stjórnarsamstarfi slitið:

## Ágreiningur um réttarhöld

**LÍBANON, AP Í gær slitnaði upp úr ríkisstjórnarsamstarfi í Líbanon.**

**Ráðherrar Hezbollah-samtakanna og stuðningsmanna þeirra sögðu sig úr stjórninni vegna ágreinings um dómsrannsókn á morðinu á Rafik Hariri, forsætisráðherra landsins, árið 2005.**

**Saad Hariri, sonur hins myrta, er forsætisráðherra stjórnarinnar. Hann var staddur í Washington í gær að ræða við Barack Obama forseta þegar fréttir bárust af upplausn stjórnarinnar.**

**Hann stytti dvöl sína í Bandaríkjunum, en kemur í dag til Frakklands þar sem hann ætlar að ræða við Nicolas Sarkozy forseta.** - gb


FAAS

**FAAS, félag áhugafólks og aðstandenda Alzheimerssjúklinga og annarra skyldra sjúkdóma heldur fræðslufund þriðjudaginn 18. janúar nk.**

Fundurinn sem hefst kl. 20.00 verður haldinn á Hrafnistu í Reykjavík í sal sem heitir Helgafell og er á 4. hæð hússins.
Gengið er inn um aðalinngang.

**Dagskrá:**
- Formaður FAAS Fanney Proppé Eiríksdóttir setur fundinn
- Stutt kynning á Hrafnistu
- Erindi Sólveigar Rósu Davíðsdóttur sálfræðings: *Atferlisbreytingar og geðræn einkenni í heilabilun og álag á aðstandendur: Niðurstöður úr rannsókn á Taugageðlækniskvarðanum (NPI-D)*
- Fyrirspurnir og umræður

Félagsmenn og aðrir velunnarar félagsins eru hvattir til að mæta.
Kaffiveitingar verða í boði Hrafnistu.

Bestu kveðjur
Stjórn FAAS


## VEÐURSPÁ



**Ingibjörg Karlsdóttir** veðurfréttamaður

**FÆRÐ SPILLIST**
Það verður lítið ferðaveður á landinu í dag og má búast við ófærð sums staðar á landinu enda snjókoma og skafrenningur í kortum dagsins. Það má búast við áframhaldi á snjókomu norðanlands á morgun en slyddu sunnantil.




**Á MORGUN**
Strekkingur á V-fjörðum annars víða hægari.

**LAUGARUDAGUR**
Strekkingur á V-fjörðum annars hægari.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 18° |
| Basel | 12° |
| Berlín | 5° |
| Billund | 1° |
| Frankfurt | 10° |
| Friedrichshafen | 7° |
| Gautaborg | 1° |
| Kaupmannahöfn | 1° |
| Las Palmas | 22° |
| London | 12° |
| Mallorca | 17° |
| New York | -2° |
| Orlando | 12° |
| Ósló | -10° |
| París | 13° |
| San Francisco | 13° |
| Stokkhólmur | -4° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.


**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*
**ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*
**RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*




# Strákar! Gangi ykkur vel á HM.

Strákarnir okkar eru svo skemmtilega ólíkir og okkur þykir óskaplega vænt um þá alla. VÍS er stoltur styrktaraðili íslenska landsliðsins á HM í Svíþjóð.

Vátryggingafélag Íslands hf. | Ármúla 3 | 108 Reykjavík | Sími 560 5000 | vis.is

**KJÖRKASSINN**



*Á að hafa þjóðaratkvæðagreiðslu um eignarhald og nýtingu á orkuauðlindum?*

| | |
|---|---|
| Já | 77,8% |
| Nei | 22,2% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Á að ljúka Icesave-málinu með samningum?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Umhverfisráðuneytið vísar fullyrðingum Skógræktarfélags Íslands á bug:

# Höfðu sannarlega samráð

**SKÓGRÆKT** Umhverfisráðuneytið vísar á bug fullyrðingum um að ekkert samráð hafi verið haft við Skógræktarfélag Íslands við undirbúning frumvarps til breytinga á lögum um náttúruvernd.

Eins og kom fram í Fréttablaðinu í gær sendi Skógræktarfélag Íslands bréf á öll aðildarfélög sín þar sem hvatt var til mótmæla gegn frumvarpinu. Þar segir að „ekkert samráð“ hafi verið haft við Skógræktarfélagið eða undirfélög þess við gerð frumvarpstillögunnar.

Í tilkynningu sem ráðuneytið sendi frá sér í gær kemur hins vegar fram að í maí síðastliðnum hafi nefndin sem vinnur að endurskoðun laganna, sent erindi í tölvuskeyti til Skógræktarfélagsins þar sem kallað var eftir ábendingum félagsins. Framkvæmdastjóri hafi svarað skeytinu, þakkað fyrir traustið og boðað athugasemdir frá félaginu en þær hafi aldrei borist.

Þá eigi umhverfisverndarsamtök landsins sameiginlegan fulltrúa í endurskoðunarnefndinni og það hafi Skógræktarfélaginu átt að hafa verið ljóst. Ráðuneytið hvetur sem flesta til að senda inn athugasemdir við frumvarpsdrögin áður en frestur rennur út þann 21. janúar. - þj



**GRÆÐLINGAR** Umhverfisráðuneytið segir að samráð hafi verið haft við Skógræktarfélag Íslands.

Útlendingastofnun afturkallar:

# Þrjár missa dvalarleyfið

**STJÓRNSÝSLA** Útlendingastofnun hefur afturkallað dvalarleyfi þriggja kvenna á þeim grundvelli að þær hafi stofnað til málamyndahjónabanda við íslenskra karla. Konurnar þrjár stefndu Útlendingastofnun og íslenska ríkinu vegna ákvörðunarinnar og vilja að hún verði ógild. Málin voru tekin fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur í dag.

Útlendingastofnun er heimilt að afturkalla dvalarleyfi ef viðkomandi hefur við umsókn veitt rangar upplýsingar. - jhh

Tveir til viðbótar í varðhald:

# Úrskurðum um skotmenn snúið

**DÓMSMÁL Hæstiréttur hefur úrskurðað tvo menn í gæsluvarðhald vegna aðildar að skotárás í Bústaðahverfinu á aðfangadag. Hæstiréttur sneri með því við vikugömlum úrskurði héraðsdóms, sem hafnaði varðhaldsbeiðni lögreglu.**

**Fyrir voru tveir menn í haldi vegna málsins. Fjórmenningarnir munu allir sitja í varðhaldi til 1. febrúar samkvæmt úrskurðum Hæstaréttar.**

**Upphaflega var farið yfir varðhald yfir meintum skipuleggjanda árásarinnar, sem ekki fór á vettvang, en það fékkst ekki samþykkt.**

**Rannsókn málsins er lokið og hefur það verið sent Ríkissaksóknara til meðferðar.** - sh



**STJÓRNLAGADÓMSTÓLL ÍTALÍU** Úrskurðar hans er að vænta í dag. NORDICPHOTOS/AFP

Örlög Berlusconis ráðast:

# Úrskurðar frá dómstól beðið

**ÍTALÍA, AP** Ítalir bíða nú úrskurðar stjórnlagadómstóls landsins um lög sem sett voru í mars og veita Silvio Berlusconi forsætisráðherra friðhelgi gagnvart tveimur dómsmálum.

Búist er við uppkvaðningu dóms í dag. Telji dómstóllinn lögin brjóta í bága við stjórnarskrá landsins þarf forsætisráðherrann að mæta fyrir rétt, annars vegar vegna ásakana um mútugreiðslur, hins vegar fyrir skattsvik.

Berlusconi á undir högg að sækja í ítölskum stjórnmálum um þessar mundir. - gb

Fiskmarkaðir vaxa:

# Meiri fiskur fer á fiskmarkaði

**SJÁVARÚTVEGUR Hlutfall þorsks, ýsu, steinbíts og ufsa sem selt er á fiskmörkuðum hefur vaxið á síðustu þremur fiskveiðiárum.**

**Frá þessu er greint á vef Landsambands íslenskra smábátaeigenda.**

**Á fiskveiðiárinu 2007/2008 voru 25.618 tonn af þorski seld á fiskmörkuðum, sem jafngilti sautján prósentum af heildarþorskafla þess árs. Síðasta fiskveiðiár skilaði hins vegar 37 þúsund tonnum á markað sem jafngilti 21 prósenti af þorskaflanum.**

**Hlutfall ýsu fór úr 32 prósentum í 38 prósent, steinbítur úr 53 í 63 prósent og ufsinn úr níu í fjórtán prósent.** - shá

**Bryggjuhverfið**




**Skýringar:**
1 Athafnasvæði Björgunar 2 Íbúabyggð 3 Sævarhöfði
4 Gullinbrú 5 Smábátahöfn 6 Ártúnshöfði - - Lóðamörk



**ÁSGEIR ERLING GUNNARSSON** Formaður íbúasamtaka Bryggjuhverfisins segir borgina vilja spyrða hverfið saman við Grafarvog en þar hafi menn engan áhuga á málefnum Bryggjuhverfisins. Í bakgrunni sést grasmön við lóð Björgunar sem fyrirtækið útbjó til að hefta sandfok. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Bryggjuhverfisbúar sviknir um brotthvarf sandvinnslu

**Formaður íbúasamtaka Bryggjuhverfis í Grafarvogi segir íbúana arga því ekki sé staðið við að fyrirtækið Björgun flytji burt svo fullbyggja megi svæðið. Smábátahöfnin sé að fyllast af sandi í umsjá borgarinnar.**

**SKIPULAGSMÁL** Ásgeir Erling Gunnarsson, formaður bryggjuráðsins, sem er íbúaráð Bryggjuhverfisins í Reykjavík, segir borgina hafa gert hverfið algerlega hornreka.

Fyrirtækið Björgun hóf byggingu Bryggjuhverfisins við hlið athafnasvæðis síns í Grafarvogi laust fyrir síðustu aldamót. Ásgeir segir frumbyggjunum hafa verið lofað því að Björgun yrði farin af lóð sinni vestan við íbúabyggðina árið 2000 og að síðan yrði lokið við að byggja hverfið upp. Síðasta dagsetningin sem gefin hafi verið upp fyrir brotthvarf Björgunar hafi verið 9. september í haust sem leið.

„Björgun hefur margsinnis ítrekað að fyrirtækið er tilbúið til að fara um leið og borgin hefur tilbúna lóð sem er búið að lofa því uppi í Álfsnesi,“ segir Ásgeir. Hann ítrekar að borgin verði að svara því hvað eigi að vera á svæðinu þar sem Björgun er nú að hefjast handa við skipulagningu þess. Ljúka verði við hverfið svo það nái eðlilegri stærð. Í dag sé það aðeins um þriðjungur þess sem það ætti að vera með um sjö hundruð íbúum. „Börnin sækja skóla í Hamrahverfinu. Það er einfaldlega engin þjónusta frá borginni inni í þessu hverfi – ekki eitt einasta strætóskýli.“

Ásgeir segir borgaryfirvöld spyrða Bryggjuhverfið við Grafarvoginn. Hann sé áheyrnarfulltrúi Bryggjuhverfisins í hverfisráði Grafarvogs þar sem undirtektir við málstað Bryggjuhverfisins séu engar. „Ég held að ég segi mig úr hverfisráðinu ef það gerist ekkert á næsta fundi,“ segir hann.

> Ég held að ég segi mig úr hverfisráðinu ef það gerist ekkert á næsta fundi.
>
> **ÁSGEIR ERLING GUNNARSSON** FORMAÐUR BRYGGJURÁÐSINS Í BRYGGJUHVERFINU Í GRAFARVOGI.

Bryggjuhverfið er kennt við smábátahöfn sem Björgun gerði. Að sögn Ásgeirs tók Reykjavíkurborg höfnina yfir fyrir nokkrum misserum samkvæmt fyrri samningi við Björgun. Síðan hafi verulega sigið á ógæfuhliðina.

„Við í stjórn íbúasamtakanna höfum miklar áhyggjur af því að höfnin sé að fyllast af sandi. Björgun hefur haldið þessu hreinu og dýpkað undanfarin ár en síðasta sumar var borgin komin í spilið og þá var nánast engin dýpkun. Mér sýnist útlitið ekki gott og ég veit eiginlega ekki við hvern á að tala í dag hjá þessari blessaðri borg,“ segir Ásgeir sem kveður tíu til tuttugu báta nota smábátahöfnina á sumrin. Eigendur bátanna séu bæði íbúar Bryggjuhverfisins og aðrir. „Þeir myndu væntanlega vera miklu fleiri ef höfnin væri eins og höfn á að vera – með innsiglingarljós og rétt dýpi svo bátarnir taki ekki niðri á fjöru.“

gar@frettabladid.is

Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga segir Voga geta lækkað miklar skuldir:

# Varasjóðurinn stærri en heildartekjur

**SVEITARSTJÓRNIR** Skuldir sveitarfélagsins Voga námu 373 prósentum af tekjum sveitarfélagsins í árslok 2009. Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga segir mikilvægt að Vogar vinni markvisst að því að lækka skuldirnar á næstu árum.

Heildarskuldir og -skuldbindingar Voga námu 2.256 milljónum króna í árslok 2009. Það ár voru tekjur sveitarfélagsins 605 milljónir og 98 milljóna króna mínus var á rekstrinum. Eftirlitsnefndin bendir á að Vogar hafi hins vegar þá sérstöðu að eiga háar fjárhæð í banka. Þessi fjárhæð nam 762 milljónum króna í árslok 2009 eða upphæð sem svarar til 115 prósenta af tekjum þess árs. Sveitarfélagið geti lækkað skuldir sínar.

Eirný Vals, bæjarstjóri Voga, segir peningana á innlánsreikningnum stafa af því að árið 2007 seldi sveitarfélagið meirihluta hlutabréfa sinna í Hitaveitu Suðurnesja.

„Framfarasjóður sveitarfélagsins er stofnaður í kjölfar þeirrar sölu, ekki hefur verið gengið á höfuðstól en vextir hafa verið notaðir meðal annars í framkvæmdir,“ segir Eirný sem kveður bæjarstjórnina telja það ábyrga fjármálastjórn að eiga varasjóð til að mæta skuldbindingum. Ræða þurfi málið tvisvar í bæjarstjórn og kynna á opnum fundi ef ganga eigi á höfuðstólinn.



**VOGAR** Eirný Vals, bæjarstjóri Voga, segir bæjarstjórnina telja það ábyrga fjármálastjórn að ganga ekki á höfuðstól fjárhæðarinnar sem fékkst með sölu hlutabréfa í Hitaveitu Suðurnesja.

Eirný segir Voga eiga í rekstrarvanda. Halda þurfi grunnþjónustu við hæfi þótt tekjur lækki milli ára. „Sveitarfélagið Vogar er ekki eitt um að standa frammi fyrir þeirri þversögn að hagræðing í rekstri gerir ekki meira en að mæta lækkun tekna milli ára en vinnur ekki upp gap sem er milli skatttekna og rekstrarútgjalda,“ segir bæjarstjórinn. - gar

Átök við lögreglu í Túnis:

# Útgöngubann í höfuðborginni

**TÚNIS, AP** Útgöngubann var lagt á í Túnis, höfuðborg samnefnds ríkis í Norður-Afríku, eftir að átök brutust út milli mótmælenda og lögreglu í miðborginni.



**MOHAMED GHANNOUCHI**

Nánast stanslaus mótmæli hafa verið í borginni í nærri mánuð. Loforð Zine El Abidine Ben Ali forseta um að skapa ný störf hafa ekki orðið til þess að draga úr mótmælunum, sem kostað hafa tugi manns lífið.

Forsetinn hefur stjórnað landinu með harðri hendi í nærri tvo áratugi. - gb


ÚTSALA
HAGKAUP
Ein ferð betra verð
NÝTT
VISATÍMABIL
GERÐU FRÁBÆR KAUP!
ALLAR ÚTSÖLUVÖRUR
250-3000 KR.
það gerist varla betra...
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

## VEISTU SVARIÐ?



1 *Hvar verður stjórnlagaþing til húsa?*

2 *Hver keppir fyrir Íslands hönd á Norðurlandamóti í súlufimi?*

3 *Hvaða lið fór upp fyrir Ísland á nýjasta styrkleikalista FIFA?*

**SVÖR**

1. Ófanleiti 2 2. Eva Rut Hjaltadóttir
3. Katar

Nýi SpKef semur við þá sem tóku lán vegna stofnfjáraukningarinnar árið 2007:

# Þarf að afskrifa 800 milljónir króna

**VIÐSKIPTI** Nýi SpKef hefur ákveðið að bjóða upp á breytingar á skilmálum lána sem voru tekin til kaupa á stofnfjárbréfum Sparisjóðsins í Keflavík í desember árið 2007.

Breytingin felur í sér að lánum, hvort heldur er í íslenskum krónum eða erlendri mynt, verður breytt í krónulán til 25 ára á 3,75 prósenta vöxtum. Lánin verða færð niður að upphaflegum höfuðstól og miðast vextir við útgáfudag.

Einar Hannesson sparisjóðsstjóri segir alla taka á sig skell í málinu, ekki síst nýi sparisjóðurinn sem hafi fengið eignir úr gamla sparisjóðnum á fullu bókfærðu verði.

„Munur á stöðu lánanna eins og þau eru í dag miðað við verð- og gengistryggingu og eins og þau verða miðað við skilmálabreytingu er um 800 milljónir króna,“ segir hann og þarf sparisjóðurinn að afskrifa upphæðina.

Boðið nær til um 260 einstaklinga sem sitji uppi með verðlaus stofnfjárbréf í gamla sparisjóðnum. Ríkið tók sparisjóðinn yfir í fyrravor og færðust lán stofnfjáreigenda yfir í nýjan sparisjóð. Meðalupphæð lána er á bilinu þrjár til fimm milljónir króna. Mörg eru undir einni milljón króna en önnur talsvert hærri. Aðgerðin nær hvorki til þeirra sem hæstu lánin tóku og settu inn í einkahlutafélög né sveitarfélaga sem keyptu stofnfjárbréf í sparisjóðnum á sínum tíma. **- jab**



**KEFLAVÍK** Sparisjóðsstjóri Nýja SpKef segir alla taka á sig skell vegna stofnfjáraukningar fyrir rúmum þremur árum.

Óeigingjarnt starf fyrir fatlaða:

## Lára hlýtur Rósina í ár

**SAMFÉLAGSMÁL** Lára Björnsdóttir, fyrrverandi félagsmálastjóri Reykjavíkur og framkvæmdastjóri Þroskahjálpar, hlaut á dögunum Rósina. Um er að ræða árleg verðlaun sem eru veitt í minningu Ástu B. Þorsteinsdóttur fyrir störf í þágu fatlaðra.



**LÁRA BJÖRNSDÓTTIR**

Í greinargerð segir að áhugi Láru á velferð fatlaðs fólks og virðing fyrir einstaklingnum og ákvörðunarrétti hans hafi fylgt henni alla tíð. Hún hafi sýnt af sér mikinn eldmóð og telst því verðugur handhafi Rósarinnar. **- þj**

Útflutningstölur Eista náðu methæðum í nóvember:

## Norrænn markaður styður vöxtinn

**EISTLAND** Útflutningur frá Eistlandi nam 860 milljónum evra (132,4 milljörðum króna) í nóvember síðastliðnum samkvæmt bráðabirgðatölum eistnesku hagstofunnar. Aukning frá fyrra ári nemur 48 prósentum að því er fram kemur í umfjöllun Baltic Business News.

Í umfjöllun Bloomberg fréttastofunnar segir að vöxtinn sé helst að rekja til aukinnar eftirspurnar í Svíþjóð og Finnlandi, en þar sé að finna helstu markaði Eistlands, sem tók upp evru í þessum mánuði. 69 prósent útflutnings Eista eru til landa Evrópusambandsins.

Haft er eftir Hagstofu Eistlands að útflutningur hafi aldrei áður verið meiri í einum mánuði. Fram kemur hjá Bloomberg að hagkerfi Eista, sem er það næstminnsta í ESB á eftir Möltu, hafi skroppið saman um nærri fimmtung árin 2008 og 2009 vegna áhrifa af sprunginni eignabólu og fjármálakreppu heimsins. Nú geri spár hins vegar ráð fyrir 3,9 prósenta árlegum hagvexti á þessu ári og næsta, eftir 2,5 prósenta vöxt í fyrra. **- óká**



**Í EISTLANDI** Eistar tóku upp evru um síðustu helgi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**ÍBÚAR FLÚNIR** Heilu hverfin í Brisbane eru nánast komin á kaf. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Flóðin lama miðborgina

**Flóðin í Brisbane í Ástralíu ná hámarki í dag og byrja varla að sjatna fyrr en á laugardag. Tugir manna hafa þegar látið lífið í flóðunum.**

**ÁSTRALÍA, AP** Miðborgin í Brisbane í Ástralíu er orðin hálfgerð draugaborg. Enginn er að störfum í skrifstofubyggingum, sem venjulega eru troðfullar af fólki.

Íbúar á lægri svæðum borgarinnar hafa síðustu daga keppst við að flytja dýrmætar eigur sínar upp á efri hæðir húsa. Sumir hafa staflað húsgögnum upp á húsþakið hjá sér. Aðrir hafa komið sér fyrir á hærri slóðum í borginni eða næsta nágrenni hennar, þar sem þeir ætla að bíða af sér flóðin.

Flestar götur í miðborginni og nágrenni hennar eru lokaðar og fólk fór ferða sinna á kajökum, árabátum eða jafnvel á brimbrettum.

Á þriðjudaginn flæddi yfir bakka Brisbane-fljóts, sem rennur í gegnum borgina, og hefur vatnsborðið verið að hækka jafnt og þétt síðan. Flóðin í borginni ná líklega hámarki í dag og byrja ekki að sjatna fyrr en í fyrsta lagi á laugardag, að því er veðurfræðingar spá.

Talið er að vatn muni flæða inn í tuttugu þúsund íbúðir í borginni, sem er höfuðborg Queensland-héraðs.

Tugir manna hafa þegar látið lífið í flóðunum í Queensland, sem rekja má til mikillar úrkomu sem hófst í nóvember með þeim afleiðingum að ár tóku smám saman að flæða yfir bakka sína. Nú eru flóðin að ná til Brisbane, sem er neðst við ströndina, en áður hafa þau valdið usla og skemmdum í smærri bæjum og byggðum, sem standa ofar.

Flóðin eru með þeim verstu sem þekkst hafa í sögu Ástralíu. Nýjustu spár benda þó til þess að vatnshæðin verði heldur minni en árið 1974 þegar ástandið var með versta móti.

„Þetta er samt mikill viðburður. Borgin er miklu stærri og miklu fjölmennari og margir borgarhlutar fara undir vatnið núna sem voru ekki til árið 1974,“ segir Anna Bligh, forsætisráðherra í Queensland-héraði.

Ljóst er að flóðin í Queensland verða Áströlum dýrkeyptari en nokkrar aðrar náttúruhamfarir hafa orðið. Sérfræðingum reiknast svo til að tjónið verði metið á nærri 600 milljarða króna.

Kolanámur í héraðinu hafa verið lokaðar síðustu daga og uppskera er víða ónýt með öllu. Um sjötíu þúsund heimili í Queensland voru án rafmagns og ákveðið var að loka fyrir rafmagn í miðborg Brisbane af öryggisástæðum.

gudsteinn@frettabladid.is


HÁSKÓLI ÍSLANDS
1911-2011

FYRIRLESTRARÖÐ Á ALDARAFMÆLI HÁSKÓLA ÍSLANDS



**HÖNNUN MANNS**

hvernig maðurinn skapast af samspili erfða og umhverfis

**Dr. Kári Stefánsson**, stofnandi, forstjóri og yfirmaður rannsókna Íslenskrar erfðagreiningar, flytur fyrsta erindi í röð hátíðarfyrirlestra rektors á aldarafmæli Háskóla Íslands.

Fyrirlesturinn fer fram í Hátíðasal í Aðalbyggingu, **laugardaginn 15. janúar kl. 15.**

Allir velkomnir

PIPAR\TBWA • SÍA • 110058


SKJÁREINN
BESTA DAGSKRÁIN
FRÁ UPPHAFI
AÐEINS
2.890 KR.
Á MÁNUÐI
Hringdu núna og tryggðu þér áskrift
í síma 595 6000 eða farðu inn á skjareinn.is
NÝTT
WALKING DEAD
30ROCK
NÝTT
HAWAII FIVE-0
BLUE BLOODS
NÝTT
CSI:
thegoodwife
GOLDEN GLOBE AWARDS
GOT TO DANCE
HA?
NÝTT
THE DEFENDERS
Lögfræðingarnir Nick og Pete leggja allt undir fyrir skjólstæðinga sína í borg freistinganna, Las Vegas. James Belushi og félagar fara á kostum á sunnudagskvöldum á SkjáEinum, sýningar hefjast 16. janúar.
Horfðu á uppáhaldsþáttinn þinn í SkjáFrelsi þegar þér hentar.
EKKERT
VENJULEGT
SJÓNVARP



**DRAUGABANI** Meistari Bao nefnist þessi særingamaður í Singapúr, sem athafnaði sig eins og hann vissi hvað hann væri að gera. NORDICPHOTOS/AFP

Veðurstofa Íslands fylgist vel með snjóflóðum um allt land:

# Ekki snjóflóðahætta í þéttbýli

**SNJÓFLÓÐ** Veðurstofa Íslands fylgist grannt með aðstæðum á snjóflóðahættusvæðum eftir nokkur snjóflóð sem fallið hafa á Norðurlandi í vikunni.

Flóð féllu í Ljósavatnsskarði og í Fnjóskadal, fjarri byggð, og rétt utan við byggð í Siglufirði. Esther Hlíðar Jensen, jarðfræðingur á Veðurstofu, segir í samtali við Fréttablaðið að engar aðgerðir séu fyrirhugaðar í bili. Veðurstofa fylgist með ástandinu á Norðurlandi en einnig á Vestfjörðum og Austurlandi.

„Við erum að fylgjast með stöðunni eins og er þar sem við teljum ekki hættu á flóðum í þéttbýli og það eru engar rýmingar áformaðar. Við fylgjumst með veðri og skráum öll flóð sem verða því að það segir til um framhaldið. Fleiri flóð gætu orðið til þess að annað viðbúnaðarstig fari í gang.“

Nálgist flóð þéttbýli er ástand uppfært í svokallað óvissustig en rýmingarstig er þar fyrir ofan.

Á vef Veðurstofunnar er fólk varað við að vera á ferð á Norðurlandi þar sem flóð geta fallið og bent á að leggja ekki bílum á flóðasvæðum. - þj




**Í VIÐBRAGÐSSTÖÐU** Veðurstofan fylgist grannt með framvindu mála eftir snjóflóð norðan heiða.

Stórtækir þjófar á Reykjanesi:

# Hálfu tonni af hákarli stolið

**LÖGREGLUMÁL Rúmlega hálfu tonni af kæstum hákarli var stolið úr hjalli skammt fyrir utan Reykjanesbæ í vikunni. Freisting.is greindi fyrst frá þessu.**

**Þar segir að þjófarnir hafi aðeins stolið fullverkuðum hákarli, en óverkaður hákarl var látinn í friði. Eigandi hákarlsins vill koma því áleiðis að ef vafasamur sölumaður birtist á veitingastað eða hóteli og býður kæstan hákarl, þá biður hann veitingamenn um að hringja í lögregluna á Suðurnesjum.** - vg




# 290 myndavélar vakta almenning í miðborg

**Alls eru 290 öryggismyndavélar staðsettar víðsvegar í miðbæ Reykjavíkur. Ábyrgðaraðilum er skylt að vara við myndavélunum á augljósan hátt, en slíku er verulega ábótavant, þar á meðal hjá öryggismyndavélum á vegum Alþingis.**

**ÖRYGGISMÁL** Öryggismyndavélar í miðborg Reykjavíkur eru 290 talsins. Hvergi eru til opinberar tölur um fjölda og upplýsingar um staðsetningu eftirlits- og öryggismyndavéla sem beinast að öllu eða einhverju leyti að almenningsrými á Íslandi.

Öllum ábyrgðaraðilum er skylt með lögum að merkja vélarnar á augljósan hátt og þar á einnig að koma fram nafn ábyrgðaraðila. Slíkum merkingum er verulega ábótavant, að því er kemur fram í nýrri rannsókn á vegum Bryndísar Björgvinsdóttur þjóðfræðings og Valdimars Tr. Hafstein, dósents í þjóðfræði við Háskóla Íslands.

Rannsóknin hófst sumarið 2010 og var farið um miðbæ Reykjavíkur með GPS-tæki og myndavél þar sem allar sjáanlegar öryggismyndavélar voru skráðar. Aðeins var um að ræða vélar sem náðu að öllu eða einhverju leyti yfir almannasvæði, eins og gangstéttir, torg, port, inngang úti við, götur, opin bílastæði eða almenningsgarða.

Bryndís segir að augljósum merkingum sé verulega ábótavant og hvorki hún né aðrir aðilar sem tóku þátt í rannsókninni hafi fundið merkingar hjá öryggismyndavélum á vegum Alþingis á Austurvelli.

„Ef þær eru þar, þá eru þær ekki augljósar, eins og segir í lögum að þær eigi að vera,“ segir Bryndís. Hún segir þriðjung verslunareigenda á Laugaveginum nota myndavélarnar sem fælingarmátt, til að bæla niður óæskilega hegðun eins og veggjakrot og glæpi.

„Þetta vekur upp spurningar um hvað almannarými sé í raun,“ segir Bryndís. Hún segir þó alla verslunareigendur mjög ánægða með reynsluna af myndavélunum sem hafa í mörgum tilvikum hjálpað við að upplýsa þjófnaðarmál og skemmdarverk.

Helgi Bernódusson, skrifstofustjóri Alþingis, segir Alþingi einungis vakta þau svæði sem eru tengd starfsemi þingsins og þar sé öllum reglum fylgt.

„Það er nýverið búið að gera úttekt á þessum málum og það er allt samkvæmt lögum. Alþingi er í góðu samstarfi við lögregluna í þessum málum og við höfum farið eftir hennar ráðleggingum.“

Helgi fullyrðir að myndskeið úr vélunum hafi aldrei verið gerð opinber og séu einungis notuð í rannsóknum í samráði við lögreglu.

„Við vinnum ýmist í tíu eða tólf húsum og svo auðvitað fylgjumst við með umferð fyrir framan þinghúsið,“ segir hann. „Og það virðist hafa verin ærin ástæða til á síðustu misserum, eins og gefur að skilja.“

sunna@frettabladid.is



**BRYNDÍS BJÖRGVINSDÓTTIR ÞJÓÐFRÆÐINGUR** Bryndís segir að augljósum merkingum við öryggismyndavélar á almannarými sé verulega ábótavant, eftir að hafa gert úttekt á öllum myndavélum í miðbæ Reykjavíkur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

> Þetta vekur upp spurningar um hvað almannarými sé í raun.
>
> **BRYNDÍS BJÖRGVINSDÓTTIR ÞJÓÐFRÆÐINGUR**




Allt annað en íkveikja og flugeldar nær útilokað:

# Sinubruninn í Vatnsmýri í rannsókn

**SLÖKKVILIÐ** Lögregla hóf í gær rannsókn á upptökum mikils sinuelds sem braust út í Vatnsmýri í fyrrakvöld. Samkvæmt upplýsingum frá slökkviliðinu þykir næsta víst að annaðhvort hafi eldurinn verið kveiktur vísvitandi eða að kviknað hafi í út frá flugeldum.

Allt tiltækt slökkvilið höfuðborgarsvæðisins var kallað til þegar eldsins varð vart á svæði á milli höfuðstöðva Íslenskrar erfðagreiningar og stúdentagarðanna á Eggertsgötu rétt fyrir klukkan ellefu. Eldurinn teygði sig um tíma 200 metra eftir jörðinni og lagði þykkan og mikinn reyk yfir næsta nágrenni.

Ekki hefur verið tilkynnt um tjón á eignum og ekki er vitað til þess að nokkrum hafi orðið meint af reyknum.

Íbúar í nágrenninu hafa látið vita af því að áður en eldurinn blossaði upp hafi heyrst í flugeldum springa.

Um 30 slökkviliðs- og lögreglumenn tóku þátt í að slökkva eldinn og girða svæðið af. Notast var við fjóra dælubíla og einn tankbíl. - sh



**MIKIÐ FLÆMI** Eins og sjá má brann sinan á stóru svæði. FRÉTTABLAÐIÐ / GVA



markhonnun.is

# nettó

*Ódýrt fyrir heimilið!*



## VATNSMELÓNUR

55% afsláttur

**99** kr/kg
áður 219 kr/kg

# Kíktu við í Nettó



**FERSK LAXAFLÖK**
BEINLAUS M/ROÐI

**1.789** kr/kg
áður 1.989 kr/kg



**KJÚKLINGAVÆNGIR**
HOT EÐA BBQ
FRYSTIVARA

**398** kr/pk.
291 kr afsláttur!



**UNGNAUTAHAKK**

31% afsláttur

**896** kr/kg
áður 1.298 kr/kg

*Ódýrt fyrir heimilið*



**SÚRMATUR**
700 G Í FÖTU

**1.498** kr/ft.
Frábært verð!



**LAMBASVIÐ**
FRYSTIVARA

Frábært verð!

**268** kr/kg
áður 298 kr/kg



**SALTKJÖT**
BLANDAÐ

30% afsláttur

**864** kr/kg
áður 1.234 kr/kg



**KJÚKLINGALEGGIR**
BBQ

28% afsláttur

**598** kr/kg
áður 831 kr/kg



**GLÓALDIN**
APPELSÍNUSAFI 1 L

**199** kr/stk.
áður 249 kr/stk.



**KLEINUR**

25% meira í pokanum

**298** kr/pk.
áður 359 kr/pk.

*Ódýrt fyrir heimilið*

Birtist með fyrirvara um prentvillur.

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**
Mjódd - Salavegur - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær

Tilboðin gilda **13. – 16. jan.**
eða meðan birgðir endast




**LIFI BYLTINGIN!** Þessi orð standa á auglýsingaskilti Sandinistahreyfingarinnar í Níkaragva, sem fer með völdin þar í landi. NORDICPHOTOS/AFP

Forseta Íslands afhentur fáni í tilefni af alþjóðlegu ári skóga sem er nýhafið:

# Ætla að vekja athygli á skógunum

**NÁTTÚRA** Forystumenn í skógrækt á Íslandi afhentu í gær Ólafi Ragnari Grímssyni, forseta Íslands, fána með merki alþjóðlegs árs skóga, sem nú er ný hafið.

Forsetinn fékk einnig blómavasa úr birki með tálguðum blómum úr víði segir Hulda Guðmundsdóttir skógarbóndi og talsmaður alþjóðlegs árs skóga á Íslandi. Hún segir að margt verði gert á árinu.

„Við sem erum að sinna skógrækt á landinu ætlum að snúa bökum saman og fræða almenning betur um skógana," segir Hulda. Sérstaklega verði hugað að því hvernig megi nýta betur þær afurðir sem þar verði til, og hvernig hægt sé að koma þeim á markað.

Meðal þess sem stendur til er að halda samkeppni um hönnun á duftkerjum úr íslensku timbri. „Það er mjög náttúrulegt að jarða ástvin í keri sem unnið er úr íslenskum trjágróðri," segir Hulda. Engin ástæða sé til þess að flytja inn erlend ker þegar hráefnið sé til staðar hér á landi.

Alþjóðlegt ár skóga 2011 er haldið vegna hvatningar Sameinuðu þjóðanna. - bj



**FÁNI** Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, tók við fána með merki alþjóðlegs árs skóga við athöfn á Bessastöðum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Danskur hrotti dæmdur:

# Ótímabundinn dómur á 18 ára

**DANMÖRK** Átján ára danskur piltur var dæmdur til ótímabundinnar fangavistar fyrir nauðgun og tilraun til manndráps á þriðjudag.

Pilturinn er sá yngsti sem hlýtur slíka refsingu. Hann var dæmdur fyrir að nauðga stúlku árið 2009, en á meðan hann var í varðhaldi réðst hann á vinkonu móður sinnar sem heimsótti hann, tók hana kverkataki og reyndi að nauðga henni. Var hann metinn svo hættulegur að ótímabundinn dómur væri við hæfi. - bj

Arkitektar gagnrýna:

# Krefjast svara frá ráðuneytinu

**FANGELSISMÁL** **Stjórn Félags sjálfstætt starfandi arkitekta og stjórn Arkitektafélags Íslands, rituðu innanríkisráðherra bréf 6. nóvember síðastliðinn vegna ákvörðunar ráðuneytisins um að ráða danska arkitekta til að vinna frumhönnun á fangelsinu á Hólmsheiði.**

**Samkvæmt stjórn Félags sjálfstætt starfandi arkitekta svaraði ráðuneytið með bréfi dagsettu 17. nóvember sem vakti fleiri spurningar en það svaraði. Enn er beðið eftir nýju svari ráðherra við bréfi sem sent var 14. desember á síðasta ári.**

**Félag sjálfstætt starfandi arkitekta telur enga ástæðu til þess að kaupa vinnuna frá útlöndum, heldur eigi að semja við innlenda arkitekta.** - sv

Ár síðan 250.000 manns létust í jarskjálftum:

# Margt óunnið á Haítí

**HAMFARIR** Ár er nú liðið frá hinum mannskæðu jarðskjálftum sem kostuðu um 250.000 íbúa Haítí lífið, en þó að margt gott hafi unnist er enn löng leið fyrir höndum.

Samtökin Barnaheill benda á í tilkynningu að enn búi ríflega ein milljón barna og fjölskyldufólks í tjaldbúðum og að mati samtakanna er eina leiðin til að tryggja börnum á Haítí og fjölskyldum þeirra bjartari framtíð sú að heimamenn og alþjóðasamfélagið haldi áfram aðgerðum.

Samtökin Barnaheill hafa hjálpað ríflega 870 þúsund íbúum á Haítí, þar af hálfri milljón barna, en þetta er upphaf fimm ára áætlunar samtakanna við endurreisn Haítí.

Til skamms tíma litið verður reynt að mæta áríðandi þörfum eins og að tryggja öryggi barna í tjaldbúðum og hefta útbreiðslu kóleru. Langtímamarkmið Barnaheilla er hins vegar að byggja samfélag Haítí upp að nýju.

Samkvæmt Barnaheillum er eitt af lykilatriðunum í því tilliti að sjá til þess að alþjóðasamfélagið komi að uppbyggingunni með stuðningi og fjármagni. Það myndi gera þjóðinni kleift að byggja sína eigin framtíð. - þj



**BÖRN Á HAÍTÍ** Enn býr ein milljón barna og fjölskyldufólks í tjaldbúðum á Haítí.



**RAFBÍLL Í HLEÐSLU** Formaður Bílgreinasambandsins sér fyrir sér að eftir tvo áratugi verði verulegt hlutfall bíla hér á landi rafbílar, en einnig verði til bílar sem gangi á bensíni, dísilolíu, bíódísil, metangasi og þar fram eftir götunum. „Það verður vandi eldsneytisstöðvanna að þjónusta bílana," segir Sverrir Viðar Hauksson. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

# Umræðu um rafbíla vantar jarðtengingu

**Rafbílar verða ekki umtalsverður hluti af bílaflota landsmanna fyrr en eftir tvo áratugi segir formaður Bílgreinasambandsins. Hann segir að leysa þurfi rafgeymavanda, staðlamál hleðslutækja og öryggismál.**

**IÐNAÐUR** Rafbílavæðing Íslands tekur áratugi, segir Sverrir Viðar Hauksson, formaður Bílgreinasambandsins.



**SVERRIR VIÐAR HAUKSSON**

Hann segir umræðu um framtíðartækni í samgöngum óraunhæfa á stundum.

„Menn verða að halda jarðtengingu í umræðunni um rafmagnsbílana. Þessi þróun á eftir að eiga sér stað, en hún verður ekki mæld í vikum eða mánuðum," segir Sverrir Viðar. Hann telur að orkugjöfum verði skipt út og nýir komi inn í takt við eðlilega endurnýjun bílaflota landsmanna.

„Ef eðlileg endurnýjun bílaflotans hér er um tíuþúsund bílar, miðað við 200 þúsund bíla flota, þá tekur þetta tuttugu ár."

Þá segir Sverrir ljóst að enn séu óleyst vandamál sem leysa þurfi áður en stór skref verði stigin í rafbílavæðingu. „Það er ekki búið að finna upp rafgeyminn sem mun leysa orkuhluta rafbílanna." Sömuleiðis segir hann framleiðendur eiga eftir koma sér saman um staðla fyrir hleðslutengla bílanna.

Eins segir Sverrir að huga þurfi að fleiri hlutum eftir því sem rafbílum fjölgar. Þannig hafi bílaumboðið Hekla, þar sem hann starfar, haldið sérstakt námsskeið hjá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins, þegar innflutningur var hafinn á Mitsubishi Miev-rafbílum. Í rafbílum séu leiðslur sem varasamt kunni að vera að klippa í sundur lendi þeir í óhappi.

Þá segir Sverrir Viðar að koma verði í ljós hvort af því geti orðið að hér verði sett upp samsetningarverksmiðja fyrir rafmagnsjeppa, líkt og rætt var um í viljayfirlýsingu Northern Lights Energy og AMP Electric Vehicles. „Ísland er bara svo lítið að það ber varla slíka verksmiðju," segir hann, hvað sem svo síðar kunni að verða komi til umskipunarhafnar og Kínasiglinga yfir Norðurpólinn. „Menn þurfa að sjá þetta í raunhæfu samhengi og það er voða lítið raunhæft í þessum yfirlýsingum sem gefnar hafa verið."

„Allar þessar hástemmdu yfirlýsingar um rafbílana skapa óraunhæfar væntingar," segir Sverrir Viðar, en telur um leið ljóst að rafbílar eigi eftir að verða stór hluti af markaðnum, það taki bara lengri tíma en sumir hafi viljað vera láta. Hann segir því ótímabært að hlaupa til og koma upp dreifikerfi sem síðan verði komið til ára sinna þegar loksins verða nógu margir bílar í landinu til að nýta það. olikr@frettabladid.is


PÁLL ÓSKAR OG EUROVISION-STJÖRNUR ÍSLANDS Í KÖBEN 5. MAÍ 2011

EINSTÖK TÓNLISTARUPPLIFUN FYRIR HÓPA OG KLÚBBA.

VERÐ Á MANN FRÁ:
89.900* KR. Í TVÍBÝLI
99.900* KR. Í EINBÝLI

GESTASÖNGVARAR:
Icy-hópurinn
(Pálmi Gunnarsson, Eiríkur Hauksson, Helga Möller)
Stebbi & Eyfi
Björgvin Halldórsson
Sigga Beinteins
Hera Björk
Jóhanna Guðrún
Selma Björns
Friðrik Ómar
Regína Ósk
Sigrún Eva



Eurovision-stórtónleikar í Cirkus í Kaupmannahöfn þar sem Páll Óskar skemmtir ásamt fjölda söngvara sem hafa allir tekið þátt í söngvakeppninni á árum áður.
Tónleikarnir fara fram undir borðhaldi þar sem snæddur verður glæsilegur þriggja rétta kvöldverður meðan listamennirnir skemmta gestum. Síðan verður dansleikur og stanslaust stuð til kl. 02.00 þar sem Páll Óskar sér um tónlistina og heldur uppi fjörinu eins og honum er einum lagið.

Nánari upplýsingar á www.icelandair.is

HOTELBOKANIR.IS
ICELANDAIR WWW.ICELANDAIR.IS

*Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting með morgunverði í eina nótt, aðgöngumiði á tónleika Páls Óskars og EUROVISION-stjarna ásamt þriggja rétta kvöldverði, aðgöngumiða á dansleik.

Betri notaðir bílar

TOYOTA

# Betri notaðir bílar eru alltaf eins og nýir

## Komdu á Nýbýlaveg og skoðaðu frábært úrval af betri notuðum bílum

ÚRVALSBÍLL/KÓPAVOGI



**Toyota Auris Luxury**
1600 bensín beinsk.
Á götuna: 04.08 Ekinn: 26.000 km
Verð: 3.090.000 kr. Skr.nr. VOK 66

ÚRVALSBÍLL/KÓPAVOGI



**Toyota Avensis W/G EXE**
2000 bensín sjálfsk. hlaðinn aukab.
Á götuna: 07.09 Ekinn: 33.000 km
Verð: 5.490.000 kr. Skr.nr. URX 99

ÚRVALSBÍLL/KÓPAVOGI



**Toyota Land Cruiser VX**
4000 bensín sjálfsk. 33" hlaðinn aukab.
Á götuna: 10.07 Ekinn: 50.000 km
Verð: 6.990.000 kr. Skr.nr. GIB 87

ÚRVALSBÍLL/KÓPAVOGI



**Toyota Corolla Terra**
1400 bensín beinsk.
Á götuna: 05.08 Ekinn: 38.000 km
Verð: 2.090.000 kr. Skr.nr. ZAL 15
**Betra verð: 2.150.000 kr.**

GÆÐABÍLL/KÓPAVOGI



**Toyota Land Cruiser GX**
3000 dísil 5 gíra
Á götuna: 01.04 Ekinn: 160.000 km
Verð: 3.590.000 kr. Skr.nr. JG 908

GÆÐABÍLL/KÓPAVOGI



**Lexus IS250 Luxury**
2500 sjálfsk. sóllúga
Á götuna: 11.05 Ekinn: 30.000 km
Verð: 3.690.000 kr. Skr.nr. NR 926

ÚRVALSBÍLL/KÓPAVOGI



**Lexus RX400H EXE**
3300 bensín/rafmagn sjálfsk.
Á götuna: 11.06 Ekinn: 74.000 km
Verð: 5.650.000 kr. Skr.nr. PE 669

ÚRVALSBÍLL/KÓPAVOGI



**Toyota Rav4 GX**
2000 bensín beinsk.
Á götuna: 05.08 Ekinn: 68.000 km
Verð: 3.290.000 kr. Skr.nr. MAH 52
**Betra verð: 2.790.000 kr.**

ÚRVALSBÍLL/KÓPAVOGI



**Toyota Land Cruiser 200 VX**
4700 bensín sjálfsk. hlaðinn aukab.
Á götuna: 01.08 Ekinn: 74.000 km
Verð: 11.590.000 kr. Skr.nr. FOD 98

GÆÐABÍLL/KÓPAVOGI



**Porsche Cayenne S**
4500 bensín sjálfsk. hlaðinn aukab.
Á götuna: 03.06 Ekinn: 70.000 km
Verð: 6.690.000 kr. Skr.nr. AI 541

ÚRVALSBÍLL/KÓPAVOGI



**Toyota Auris Terra**
1330 bensín beinsk.
Á götuna: 07.10 Ekinn: 900 km
Verð: 2.790.000 kr. Skr.nr. YIA 98

ÚRVALSBÍLL/KÓPAVOGI



**Toyota Corolla Sol**
1600 bensín beinsk. MM dráttarb. filmur
Á götuna: 07.07 Ekinn: 61.000 km
Verð: 2.490.000 kr. Skr.nr. AU 062
**Tilboð: 1.990.000 kr.**

ÚRVALSBÍLL/KÓPAVOGI



**Lexus RX400H EXE**
3300 bensín/rafmagn sjálfsk.
Á götuna: 09.07 Ekinn: 74.000 km
Verð: 6.390.000 kr. Skr.nr. OP 656

ÚRVALSBÍLL/KÓPAVOGI



**Subaru Legacy W/G Outback**
30000 bensín sjálfsk. Hlaðinn aukab.
Á götuna: 06.09 Ekinn: 28.000 km
Verð: 5.490.000 kr. Skr.nr. BDD 32

GÆÐABÍLL/KÓPAVOGI



**Lexus IS200 S/D Limited**
2000 bensín sjálfsk.
Á götuna: 03.04 Ekinn: 95.000 km
Verð: 1.790.000 kr. Skr.nr. AG 572

ÚRVALSBÍLL/KÓPAVOGI



**Range Rover Vogue**
3600 dísil sjálfsk. Hlaðinn aukab.
Á götuna: 11.07 Ekinn: 84.000 km
Verð: 11.350.000 kr. Skr.nr. PPA 90

**Hvað er Úrvalsbíll?**
**Er í verksmiðjuábyrgð.**
**12 mánaða viðbótarábyrgð.**

**Hvað er Gæðabíll?**
**Er ekki í verksmiðjuábyrgð.**
**3 mánaða viðbótarábyrgð.**

**BNB**-sölugreining
Bílarnir ganga í gegnum strangt gæðamat sem tekur mið af aldri, akstri og viðhaldssögu bílsins. Þeir sem standast kröfurnar lenda annaðhvort í flokknum Úrvalsbílar eða Gæðabílar. Ef bíllinn stenst ekki kröfur okkar bjóðum við þér hann ekki.

**Toyota Kópavogi**
**Nýbýlavegi 4**
**Sími: 570-5070**
**www.toyotakopavogi.is**

Today
Tomorrow
Toyota

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT




398
KR. 500ml
KÓKOSHNETUVATN
**VÖKVI LÍFSINS**
**CoCo drink** er frískandi svaladrykkur, beint úr brunni náttúrunnar, náttúrulegur drykkur sem svalar þorstanum, unnin úr lífrænt ræktuðum kókoshnetum.




25% AFSLÁTTUR
SKÓLAOSTUR Í SNEIÐUM
**25% afsláttur** við kassann
Merkt verð 1648 kr./kg.
**1236 kr./kg**




GÆÐA ORKUKUBBUR
FJÖLKORNABRAUÐ 600g
**259 kr.**




298
KR. 400g
**PAGEN BRUÐUR**
FÍNAR OG GRÓFAR 400g



798
KR. 700g
**BÓNUS SÚKKULAÐIKAKA** M/SULTU 700g




298
KR. 500g
**TILDA BASMATI HRÍSGRJÓN**
5 POKAR x 100g



198
KR. 4 stk.
**BÓNUS LANGLOKUR** NÝBAKAÐAR 4 stk.




185
KR. 400g
**LÉTT OG LAGGOT** GRÆNT 400g
**20% LÆGRA VERÐ**
VERÐ ÁÐUR 231 KR.




129
KR. 385g
**HEIMILISBRAUÐ** 385g




198
KR. 750g
**HUNTS SPAGHETTISÓSUR** 750g




398
KR. 1.4 ltr.
**WESSON MATAROLÍA** 1.4 ltr




149
KR. 2 ltr.




149
KR. 2 ltr.

BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu vildarpunkta
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍMABIL
998 KR. KG
KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA FROSIÐ LAMBALÆRI
ÞÝSK KALKÚNABRINGA
MINNA EN 1% FITA
FRYSTI VARA
1998 KR. KG
698 KR. KG
KS FROSIÐ LAMBASÚPUKJÖT 1.FL
BÓNUS ÍTALSKAR KJÖTBOLLUR
BÓNUS BURRITOS 4 STK.
BÓNUS ÍTALSKT LASAGNE
ÓDÝRT Í BÓNUS 998 KR. MATUR FYRIR 3-4
798 KR. KG
KS FROSINN LAMBABÓGUR
998 KR. KG
NÝTT ÍSLENSKT GRÍSAKJÖT
ÚRB. GRÍSAHNAKKASNEIÐAR
898 KR. KG
NÝTT ÍSLENSKT GRÍSAKJÖT
GRÍSAKÓTILETTUR
NÝTT ÍSLENSKT GRÍSAKJÖT
ALI FERSKUR GRÍSABÓGUR
598 KR./KG.
FERSKUR KJÖRFUGL
BRINGUR: 1898 KR/KG
HEILL KJÚKLINGUR 659 KR/KG
VARAN HÆTTIR Í BÓNUS
STONE OVEN PIZZA VERDURA x2
298 KR. 2 stk
TVÆR EUROSHOPPER 370g
GRÆNMETISPIZZUR
DANSKAR GRÍSALUNDIR
1398 KR./KG.
FRYSTI VARA
698 KR. 620g
KJARNAFÆÐI: FROSIÐ 100%
NAUTAHAKK 620g RÚLLAN
GRÍSA Veisla FERSKT GRÍSAHAKK
498 KR. KG
GRÍSA Veisla FERSKAR GRÍSAKÓTILETTUR
898 KR. KG
GRÍSA Veisla FERSKT GRÍSAGÚLLAS
979 KR. KG
GRÍSA Veisla FERSKT GRÍSASNITSEL
979 KR. KG
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

**FRÉTTASKÝRING:** Hvað á að gera til þess að ýta undir almenningssamgöngur?

# Ráðist í skammtímaaðgerðir meðan frekari skoðun fer fram

**Fela á sveitarfélögum í auknum mæli framkvæmd almenningssamgangna samkvæmt hugmyndum í nýrri úttekt innanríkisráðuneytisins. Framtíðarstefnumótun almenningssamgangna í tengslum við samgönguáætlun til tólf ára verður lögð fram í mars. Í nýbirtri skýrslu kemur fram að skortur á skipulagi og hátt verð fæli fólk frá almenningssamgöngum í einkabíla.**

Unnið er að breyttu fyrirkomulagi almenningssamgangna í landinu. Að því er fram kemur hjá innanríkisráðuneytinu nær sú vinna til skipulags samgangnanna og styrkveitinga til þeirra. Í gögnum ráðuneytisins kemur fram að undanfarin ár hafi nýting almenningssamgangna verið bágborin í meira lagi. Þannig séu að jafnaði færri en þrír farþegar á ferð á 26 af 36 styrktum sérleiðum hópferðabíla og innan við einn á 10 leiðum.

Sömuleiðis kemur fram að nýting á styrktum flug- og ferjuleiðum sé langt undir flutningsgetu.

Ráðuneytið hefur birt tvær skýrslur um almenningssamgöngur. Annars vegar er það skýrsla starfshóps ráðuneytisins og Vegagerðarinnar frá því í september í fyrra og hins vegar skýrsla frá því í maí 2010 sem er afrakstur funda samgönguráðs með svæðasamtökum sveitarfélaga um almenningssamgöngur.

Með birtingu skýrslnanna upplýsir innanríkisráðuneytið um stöðu og stefnu þeirrar vinnu sem hafin var á vettvangi samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins í málaflokki almenningssamgangna, en hún er í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá því í maí í hittifyrra. Þar er kveðið á um að á kjörtímabilinu eigi að vinna áætlun um sjálfbærar samgöngur í samvinnu við sveitarfélögin, með það að markmiði að draga úr þörf fyrir einkabílinn. „Í slíkri stefnu verði almenningssamgöngur um allt land stórefldar og fólki auðveldað að komast leiðar sinnar gangandi eða á reiðhjóli. Almenningssamgöngur verði sjálfsagður hluti samgönguáætlunar," segir í stefnuyfirlýsingunni.

Fram kemur í frétt ráðuneytisins að unnið hafi verið að nýrri stefnu almenningssamgangna á tveimur sviðum. „Annars vegar hefur samgönguráð unnið að framtíðarstefnumótun almenningssamgangna í tengslum við samgönguáætlun til 12 ára sem lögð verður fram í mars 2011. Hins vegar hefur starfshópur ráðuneytisins og Vegagerðarinnar mótað hugmyndir um breytingar á fyrirkomulagi ríkisstyrkja til almenningssamgangna, sem eru aðallega samgöngur í dreifbýli og á milli landshluta og/eða sveitarfélaga."

**Bara einn ferðamáti styrktur**

Skoðun starfshóps ráðuneytisins og Vegagerðarinnar er að léleg nýting almenningssamgangna hér á landi skrifist að hluta til á skipulagsleysi, skort á samhæfingu og takmarkað upplýsingaflæði. Auk þess sé verð þjónustunnar svo hátt að einkabíll sé í mörgum tilvikum vænlegri kostur. Starfshópurinn leggur til að þar sem stjórnvöld styrki almenningssamgöngur á vegum verði gjaldtaka ekki hærri en svo að hún verði undir eldsneytiskostnaði einkabíls.

„Verðlagning í fólksflutningum á landi hefur verið með þeim hætti að hún er ekki líkleg til að fjölga farþegum í þeim ferðamáta," segir í skýrslu starfshópsins og bent er á að opinber afskipti af verðlagningu í formi hámarksverðs í útboðum hafi í reynd leitt til þess að það hafi orðið viðmiðunarverðið. „Eins og staðan er þá er í mörgum tilvikum ódýrara að ferðast einn í eigin bíl, ef aðeins er horft til eldsneytisverðs, en að taka rútu. Þetta er ekki líklegt til að fjölga farþegum, þessu þarf að breyta."

Eins er bent á að skort hafi á að hægt sé að kaupa samsett far á milli staða. Þá gæti farþegi keypt far frá fleiri en einum rekstraraðila og greitt eitt gjald. „Þannig getur fargjald á einni leið, til dæmis Ísafjörður-Reykjavík eða Þórshöfn-Reykjavík, orðið óeðlilega hátt þegar ferðin er samsett af tveimur eða fleiri rekstraraðilum á leiðinni. Koma þarf á samræmdu kerfi þar sem farþeginn greiði eitt fargjald óháð rekstraraðila eða uppgjöri þeirra á milli."

Meðal annarra tillagna í skýrslu starfshóps innanríkisráðuneytisins og Vegagerðarinnar er svo að ekki verði styrktir fleiri en einn ferðamáti á hvern stað. Það leiði enda til óhagkvæmni og samkeppni milli tveggja styrktra samgöngumáta. Þá lagði starfshópurinn til að fallið yrði frá sérleyfum frá og með síðustu áramótum.

Þá segir í skýrslu starfshópsins að endurskoða þurfi fyrirkomulag skatta og styrkja í almenningssamgöngum. Leggja eigi niður olíugjald og taka upp beina styrki til samtaka sveitarfélaga sem taki mið af íbúafjölda eða eknum kílómetrum á þjónustuleiðum. Um leið þurfi að rétta hlut strætó í Reykjavík, á Akureyri og Ísafirði með niðurfellingu á virðisaukaskatti.

**Fallið frá sérleyfum 2012**

Í frétt innanríkisráðuneytisins kemur fram að skýrslan hafi verið þar til skoðunar og að fundað hafi verið með höfundum hennar og starfsmönnum Vegagerðarinnar. „Ljóst er að hér er um tímabærar tillögur að ræða og margar gagnlegar ábendingar um hvernig má nýta betur fjármuni og vinna að markmiði um bættar almenningssamgöngur utan höfuðborgarsvæðisins," segir í frétt ráðuneytisins. Þar kemur jafnframt fram að gert sé ráð fyrir að sveitarfélögum verði í auknum mæli falin framkvæmd almenningssamgangna og að komið verði upp samgöngumiðstöðvum sem þjóni ákveðnum svæðum, líkt og starfshópurinn hafi lagt til. Um leið segir að niðurstaða ráðuneytisins hafi verið að of skammur fyrirvari hafi verið til að falla frá sérleyfum um áramótin og lagt til að Vegagerðin framlengdi tímabundið, eða lengst út þetta ár, þá samninga sem lausir væru fyrir eða um áramót.

Í millitíðinni ætlar ráðuneytið að grípa til skammtímaaðgerða meðan áfram sé unnið að úrbótum í almenningssamgöngum samkvæmt þeim markmiðum sem fram hafi komið. „Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að þegar verði tillögur starfshópsins mótaðar frekar. Megináhersla verði í því sambandi á viðræður við landshlutasamtök sveitarfélaga með það að markmiði að þau taki að sér aukið hlutverk varðandi skipulag og rekstur almenningssamgangna sem ríkið hefur styrkt. Stefna ber að því að gera langtímasamninga við landshlutasamtökin (byggðasamlög) um yfirtöku umræddra verkefna í síðasta lagi frá ársbyrjun 2012 og fjármögnun verkefna," segir í umfjöllun innanríkisráðuneytisins. Um leið á að kanna hvernig hægt sé að þróa hugmyndir um þjónustu- og upplýsingaborð fyrir farþega, auk annarrar endurskipulagningar.


Óli Kristján Ármannsson
olikr@frettabladid.is



**Í MJÓDD** Þessi voru á leið upp í strætisvagn númer 51 sem gengur til Hveragerðis og Selfoss þegar ljósmyndara bar að garði í Mjódd í Reykjavík í gær. Í tillögum um bættar almenningssamgöngur segir að auka þurfi hraða og tíðni ferða, auk þess sem lækka þurfi verð fargjalda. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Fjárveitingar ríkisins til almenningssamgangna

| Ferðamáti | 2010 | 2011 |
|---|---|---|
| Sérleyfi á landi | 330 milljónir króna | 323 milljónir króna |
| Ferjurekstur | 708 milljónir króna | 731 milljón króna |
| Flug | 298 milljónir króna | 190 milljónir króna |

Heimild: Innanríkisráðuneytið

## Erum hálfdrættingar í framlögum

Framlag hins opinbera til almenningssamgangna nær ekki helmingi af því sem að jafnaði er lagt fram til málaflokksins í Danmörku, Svíþjóð, Noregi og Finnlandi, að því er fram kemur í gögnum innanríkisráðuneytisins.

„Í samanburði við hin Norðurlöndin eru framlög til almenningssamgangna hógvær," segir í skýrslunni „Almenningssamgöngur: Fundir með svæðasamtökum sveitarfélaga" frá því í maí í fyrra. Þar er vísað til talna frá árinu 2006 um kostnað á hvern borgara vegna almenningssamgangna. Fram kemur að hann sé í Danmörku 43 þúsund krónur á mann, 45 þúsund í Svíþjóð, 40 þúsund í Noregi og 16 þúsund í Finnlandi. Áætlað er í skýrslunni að hér á landi nemi framlag á mann um 15 þúsund krónum, með framlagi sveitarfélaganna, en um leið sleginn sá varnagli að óvíst sé hvort tölurnar séu sambærilegar.



**HERJÓLFUR** Í tillögum starfshóps innanríkisráðuneytisins og Vegagerðarinnar segir að ferjusiglingar til Vestmannaeyja verði boðnar út á ný á öðrum fjórðungi þessa árs þegar reynsla sé komin á nýja siglingaleið í Bakkafjöru. Huga þurfi að fargjaldahækkunum á leiðinni til þess að hún verði líklegri til að geta staðið undir sér. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Hjálparstarf kirkjunnar,
Hjálpræðisherinn,
Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur
og Rauði krossinn í Reykjavík
þakka öllum sjálfboðaliðum
og styrktaraðilum ómetanlega
hjálp og óeigingjarnt starf við
Jólaaðstoðina 2010.



Velvild ykkar og framlög gerðu gæfumuninn.
Bestu þakkir til allra sem lögðu starfsemi
samtakanna lið fyrir jólin.

Hjálparstarf kirkjunnar · Rauði kross Íslands Reykjavíkurdeild

PIPAR\TBWA • SÍA




## Sensation heilsudýnan.

Ný dýna frá Tempur þar sem þú upplifir það besta úr báðum heimum. Einstakir eiginleikar Tempur þrýstijöfnunarefnisins laga sig að lögun líkamans en nýtt undirlag Sensation dýnunnar veitir dýnunni fjaðrandi eiginleika þar sem auðvelt er að bylta sér og snúa.

Þegur þú sefur á TEMPUR heilsudýnu, hvílast hryggur og liðir í sinni náttúrulegu stöðu.
TEMPUR þrýstijöfnunarefnið er mjúkt þar sem þú vilt og stíft þar sem þú þarft™ og veitir þannig þrýstijöfnun, þægindi og náttúrulegan stuðning.

Vaknaðu upp endurnærð(ur) og tilbúin(n) í átök dagsins.

## Kynningartilboð!
## Tempur Sensation Lite heilsudýnan

25% kynningarafsláttur

| **Stærð cm** | **Verð kr.** | **Kynningartilboð** |
|---|---|---|
| 80x200 | 133.000,- | 99.750,- |
| 90x200 | 143.000,- | 107.250,- |
| 90x210 | 147.000,- | 110.250,- |
| 100x200 | 153.000,- | 114.750,- |
| 120x200 | 177.000,- | 132.750,- |
| 140x200 | 204.000,- | 153.000,- |
| 160x200 | 227.000,- | 170.250,- |
| 180x200 | 251.000,- | 188.250,- |

**Komdu í dag og skoðaðu allt það nýjasta frá Tempur á 25% kynningarafslætti!**

Betra BAK

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavík • Sími 588 8477
Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566
Opið virka daga frá kl. 10-18 Laugardaga frá kl. 11-16

# neytendur
*hagur heimilanna*

**588 LEIGUSAMNINGUM** um íbúðarhúsnæði var þinglýst á landinu síðastliðinn desember samanborið við 755 samninga í nóvember.

■ **Sorphirða**

## Áætlanir vegna breytinga kynntar í febrúar



Hámarksvegalengd á milli tunnu og sorpbíla í Reykjavík verður stytt niður í 15 metra frá og með 1. apríl næstkomandi. Samkvæmt Guðmundi B. Friðrikssyni, skrifstofustjóra á Umhverfis- og samgöngusviði borgarinnar, eru margir borgarbúar tilbúnir til að færa tunnur sínar nær götunni og eiga auðvelt með það. Þeim sem eiga ekki kost á þeim möguleika, býðst að greiða auka sorphirðugjald sem er 4.800 krónur á ári. Í febrúar verða kynntar úrlausnir fyrir íbúum ef tunnur eru meira en 15 metra frá sorphirðustað. Bréf verða send í þau hús þar sem um er að ræða fjarlægð sem er meira en 15 metrar. Á Akureyri gilda fyrirmæli um að ekki þurfi að sækja tunnuna meira en 8 metra inn á lóð og í Árborg 11 metra.
Breyting Reykjavíkurborgar er gerð í hagræðingarskyni ella hefðu sorphirðugjöld hækkað hjá öllum um 2.100 krónur.

■ **Heilsa**

## Til að forðast paraben rotvarnarefni



Umhverfisráðherra Danmerkur hefur lagt bann við notkun rotvarnarefnanna paraben í vörum fyrir börn. Paraben er flokkur efna sem meðal annars eru notuð sem rotvarnarefni í snyrtivörum. Rannsóknir hafa sýnt að paraben raskar hormónastarfsemi í dýrum og eru Svansmerktar snyrtivörur lausar við efnið. Hægt er að nálgast slíkar vörur í ýmsum apótekum og heilsubúðum. Auk þess er fólki bent á að lesa innihaldslýsingu varanna vandlega og spyrja afgreiðslufólk verslana ráða, ef neytendur vilja vera vissir um að forðast efnin.
Leyfilegur heildarstyrkur parabena í snyrtivörum er háður takmörkunum og um er að ræða sex mismunandi sameindir sem eru misstórar og bera nöfnin metýl-, etýl-, própýl-, bútýl-, ísóprópýl og ísóbútýlparaben.

# Kaffiverð heldur áfram að hækka á næstunni

**Kaffiverð hefur farið hækkandi hér á landi á síðustu misserum og sjá kaffiframleiðendur fram á enn frekari hækkanir á næstu vikum. Heimsmarkaðsverð á kaffi hækkaði um tæp 80 prósent á síðasta ári. Mikill uppskerubrestur er nú víða í heiminum.**

Verðhækkun á arabíkakaffi á síðasta ári var 77 prósent, sem er mesta hækkun á heimsmarkaðsverði kaffis í 16 ár. Hækkunin hefur gífurleg áhrif á framleiðslu hér á landi.

Aðalheiður Héðinsdóttir, eigandi Kaffitárs, man ekki eftir öðrum eins hækkunum síðan árið 1973, þegar það gerði miklar frosthörkur í Brasilíu. Þó hafi það einungis staðið stutt yfir og ekki varð markaðurinn fyrir varanlegum skorti.

„Nú segja menn að það sé sannarlega skortur,“ segir Aðalheiður. „Rigningar í Kólumbíu og á Indlandi og uppskerubrestur víðar um heim hafa þessi áhrif. Svo eru nýir markaðir eins og Kína einnig að opnast fyrir framleiðendum. Starbucks einblínir til að mynda nær einungis á þann markað.“ Kaffitár mun hækka verð strax í næstu viku um 10 prósent til að verða við hækkunum á markaðnum. Um 75 prósent af kaffi fyrirtækisins á síðasta ári komu beint frá býli án allra milliliða og segir Aðalheiður það vera ljósan punkt í hækkununum. „Meðaltínslumaður er með um 3 dollara á dag í laun í Níkaragva, þannig að maður skilur bændurna vel að hækka verðið,“ segir hún.

Sigmundur Dýrfjörð, framkvæmdastjóri hjá Te og kaffi, er sammála Aðalheiði og sér einnig fram á hækkanir á næstu vikum, sem munu ekki verða undir 10 prósentum.



**KAFFIFRAMLEIÐSLA Í NÍKARAGVA** Uppskerubrestur og nýir markaðir víða um heim verða til þess að mikill skortur er nú á kaffi í heiminum. MYND/IMAGEFORUM

„Það er fyrirsjáanlegt að kaffiverð mun haldast hátt allt árið,“ segir Sigmundur.

Ný uppskera frá Brasilíu mun koma á markað í júlí og óvíst er hvaða áhrif hún hefur á markaðinn þegar þar að kemur.

sunna@frettabladid.is

SÁTT ?

HAGSMUNASAMTÖK HEIMILANNA

boða til félagsfundar

Laugardaginn 15. janúar kl. 10:30

Staður: Fóstbræðrasalurinn Langholtsvegi 109-111
Tími: 15. janúar kl. 10:30 (að morgni) til 13:00
Opnum kl. 10:00. Kaffi, te og skráning

Fundarefni: Staðan og næstu skref
Gerum hlé í hádeginu fyrir súpu og köku í tilefni tveggja ára afmælis samtakanna.

Ert þú sátt/sáttur ?
Félagsmenn eru hvattir til koma og láta málefni heimilanna til sín taka, taka púlsinn og fagna jafnframt með okkur afmælisdegi samtakanna.
Við reiknum með fjörugum umræðum.
Nánar: www.heimilin.is

Hagsmunasamtök Heimilanna
www.heimilin.is - heimilin@heimilin.is

**NEYTANDINN:** Gísli Einarsson fjölmiðlamaður

## *Bifreiðin Sigmundur bestu kaup Gísla frá upphafi*



Fjölmiðlamaðurinn Gísli Einarsson segist hafa gert allmörg slæm kaup í gegnum árin en ein standi þó algerlega upp úr.

„Ég hef keypt mikið af gagnslausum eldhúsáhöldum til dæmis eggjasuðutæki sem aldrei virkaði, en verstu kaupin eru samt skurðbretti sem var ætlað til þess að skera gulrætur í strimla og þess háttar. Þetta keypti ég á mörg þúsund krónur en það eina sem hefur hlotist af því er að ég skar mig á fingurgómunum. Það liggur því uppi í skáp í dag.“

Bestu kaup Gísla eru hins vegar forláta Suzuki Forrester-bifreið.

„Ég hef oft gert slæm bílakaup, en mín bestu kaup í seinni tíð er bifreiðin Sigmundur, sem er af gerðinni Subaru Forrester. Ég fékk hann á góðu verði og þó hann sé kominn á fermingaraldur hefur hann staðið sig með mikilli prýði. Þetta er einhver besti fararskjóti sem ég hef eignast.“

Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 120 stöðum um land allt. Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing

FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU
Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing




Allt sem þú þarft...

# VÖRN GEGN KULDA

**Ceridal fitukrem er framleitt úr 100% fituefnum og olíum – inniheldur ekkert vatn.**

Þegar kalt og hvasst er úti verður andrúmsloftið oft þurrt. Sama á við um húðina og þarf því að verja hana sérstaklega vel. Með Ceridal fitukremi er unnt að minnka hættuna á húðskemmdum af völdum kulda, því fitukremið inniheldur ekki vatn og gerir húðinni kleift að anda eðlilega. Fyrir alla sem stunda útivist og útiveru og vilja verja sig gegn kulda, er Ceridal fitukrem rétta valið. Ceridal fæst í apótekum.

ÁN PARABENA, VATNS, LITAREFNA OG ILMEFNA







ceridal®
Húðhirðulína

Stiefel
a GSK company

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

**3,6 PRÓSENTA HAGVÖXTUR** mældist í Þýskalandi í fyrra, samkvæmt bráðabirgðatölum þýsku hagstofunnar. Annar eins hagvöxtur hefur ekki sést þar í landi frá því að Austur- og Vestur Þýskaland voru sameinuð árið 1990.

# Sveitarfélög verðlögðu lóðir of hátt

**Dæmi eru um að byggingarverktakar hafi greitt nokkuð hundruð milljónir króna fyrir fjölbýlishúsalóðir á höfuðborgarsvæðinu. Formanni Meistarafélags húsasmiða finnst 530 milljónir of hátt verð fyrir lóð með engum fasteignum.**

**VIÐSKIPTI** Sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu tóku þátt í góðærinu af fullum krafti í aðdraganda efnahagshrunsins. Lóðaverðið miðaðist við fjölda íbúða sem átti að vera í fasteignum á lóðinni og eru dæmi um að fjölbýlishúsalóð hafi verið seld með þessum hætti í nýju hverfi á um 400 milljónir króna.

„Sveitarfélög verðlögðu lóðir með þessum hætti án útboða. Það skilaði sér í of háu íbúðaverði," segir Friðrik Ólafsson, forstöðumaður Meistaradeildar Samtaka iðnaðarins. Hann vinnur að því að taka saman hvað hafi legið á bak við lóðaverðmat sveitarfélaga.

Friðrik þekkir dæmi þess að sveitarfélag hafi miðað verð lóða við allt frá 1,8 milljónum króna til fjögurra milljóna á hverja íbúð sem fyrirhugað var að reisa á lóð í nýju hverfi árið 2007. Heildarlóðaverð gat, miðað við þetta, hæglega farið yfir nokkur hundruð milljónir króna.

Áhrif þessa koma skýrt fram í efnahagsreikningi byggingaverktaka. Heildarvirði verka Innova, eins af umsvifamestu byggingafélögum landsins árið 2007 og Fréttablaðið fjallaði um á mánudag, nam tæpum 11,6 milljörðum króna. Enn í dag eru engin mannvirki á lóðum sem félagið mat á 5,8 milljarða króna. Þrjár fjölbýlishúsalóðir fyrirtækisins voru metnar á rúmar 530 milljónir króna og miðaði verðið við það sem stjórnendur fyrirtækisins gerðu sér vonir um að fá fyrir fasteignina fullbyggða með áföllnum kostnaði. Fasteignamat lóðanna í dag er um 100 milljónir króna.

Baldur Þór Baldvinsson, formaður Meistarafélags húsasmiða, segir vel í lagt í verðmati stjórnenda Innova en viðurkennir að lóðaverð og fjármagnskostnaður hafi valdið því að íbúðaverð hér hafi þegar verst var á árunum fyrir efnahagshrunið þurft að vera mjög hátt til að skila verktökum hagnaði.


BALDUR ÞÓR BALDVINSSON

VBS fjárfestingarbanki, viðskiptabanki Innova, tók virkan þátt í fjárfestingum með félaginu og lánaði í samræmi við virði eigna í ársreikningi. Bankinn afskrifaði sjö milljarða króna vegna tapaðra útlána árið 2009. Útlán bankans voru að mestu til fasteignaverkefna. VBS fékk Innova í fangið haustið 2008 og fór bankinn í þrot um hálfu ári síðar.

jonab@frettabladid.is



**LÓÐIR Á RÚMLEGA HÁLFAN MILLJARÐ KRÓNA** Þrjár lóðir með engu á í landi Úlfarsfells voru metnar á 530 milljónir króna í bókum byggingafélagsins Innova í lok árs 2007. Engar fasteignir eru á lóðunum. Til stóð að reisa þar fjölbýlishús. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM





**JÓN TRAUSTI** Forstjóri Öskju er ánægður yfir því að fjárhagslegri endurskipulagningu bílaumboðsins er lokið og horfir bjartsýnn inn í árið. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Stofnendur Öskju eignast hlut bankans í umboðinu:

# Forstjórinn bjartsýnn

**VIÐSKIPTI** Stofnendur bílaumboðsins Öskju hafa í kjölfar fjárhagslegrar endurskipulagningar keypt 35 prósenta hlut Landsbankans í fyrirtækinu. Kaupverð er trúnaðarmál. Auk Landsbankans var samið við Íslandsbanka, Lýsingu og SP Fjármögnun.

Jón Trausti Ólafsson, framkvæmdastjóri Öskju, segir fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækisins hafa tekist vel. „Við fengum mikinn stuðning frá framleiðendum. Bæði Mercedes Benz og Kia komu sérstaklega vel að málum og leystu til sín bíla sem höfðu verið pantaðir og seldu á öðrum mörkuðum," segir hann og bendir á að því til viðbótar hafi endurskipulagningin farið fram á sömu nótum og fjármálastofnanir bjóða lífvænlegum fyrirtækjum í dag.

Afkoma Öskju er í takt við samdrátt efnahagslífsins frá hruni; rekstrartekjur drógust verulega saman á árunum 2008 til og með 2010, samanlagt tap nam á árunum 2008 og 2009 um 700 milljónum króna eftir sextán milljóna króna hagnað árið 2007. Þá var bókfært eigið fé fyrirtækisins neikvætt um 418,6 milljónir króna í lok árs 2009.

Jón Trausti segir afkomuna mun betri í fyrra en undangengin tvö ár, starfsfólki hafi fjölgað í 55 og líti nýhafið ár ágætlega út. **- jab**

## Hverjir eiga Öskju?

Stærsti eigandi Öskju er Bláfeldarhraun, félag sem tæknilega heyrir undir Kjalar Ólafs Ólafssonar, sem löngum er kenndur við Samskip. Félagið á 28 prósenta hlut í Öskju. Verið er að vinna úr eignum Kjalars í samvinnu við kröfuhafa og mun þeir fá andvirði eigna félagsins. Kyrrstöðusamningur er í gildi á félaginu og á Ólafur engra fjárhagslegra hagsmuna að gæta í því.

Þá á Kristinn Hallgrímsson 26 prósenta hlut í Öskju í gegnum einkahlutafélagið Hlið en Frosti Bergsson, eigandi Opinna kerfa, og Íslensk-ameríska verslunarfélagið sinn hvorn 23 prósenta hlutinn.

Sami eigendahópur átti áður bílaumboðið Heklu, sem Nýja Kaupþing, nú Arion banki, tók yfir fyrir tveimur árum. Það var eitt fyrsta stóra inngrip fjármálafyrirtækja á eignarhaldi fyrirtækja í kjölfar bankahrunsins.

# Er fyrirtækið þitt komið með gult spjald?

**Ársreikningaskrá RSK hefur sent 10.000 fyrirtækjum bréf og skorað á þau að skila ársreikningum fyrir árið 2009. Samkvæmt lögum áttu þau að vera búin að skila fyrir lok ágústmánaðar 2010.**

## Viltu ekki losna við sekt vegna vanskila?



### Skil á ársreikningi 2009

Skorað er á stjórn félaga að senda nú þegar til ársreikningaskrár RSK, rafrænt eða á pappír, ársreikning félagsins og samstæðureikning, ef það á við, fyrir árið 2009. Eigi félag eftir að skila eldri ársreikningum er skorað á það að skila þeim einnig.

### Fésektir

Félög sem vanrækja að senda ársreikninga til skrárinnar eða senda ófullkomnar upplýsingar með ársreikningi geta sætt 500.000 kr. sekt.

### Engin starfsemi

Skila ber efnahagsreikningi þar sem gerð er grein fyrir skráðu hlutafé, eignum, skuldum og eigin fé þótt félagið hafi ekki haft með höndum starfsemi á árinu 2009.

### Ert þú í skilum?

**Unnt er að sjá hvaða fyrirtæki eru í vanskilum með ársreikninga á heimasíðu ríkisskattstjóra rsk.is/fyrirtækjaskrá/félög í vanskilum. Athugaðu hvort þitt fyrirtæki stendur í skilum og bættu strax úr ef svo er ekki.**

RSK RÍKISSKATTSTJÓRI
ÁRSREIKNINGASKRÁ

**Á vef ríkisskattstjóra, www.rsk.is, eru upplýsingar um hvað ársreikningur þarf að innihalda**

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Fatlað fólk er margbreytilegur hópur.

## Jafnrétti eða mismunun

Blindur piltur hefur kært Kópavogsbæ til úrskurðarnefndar félagsþjónustu og húsnæðismála vegna þess að hann nýtur ekki sömu akstursþjónustu og þorri blindra og sjónskertra í nágrannasveitarfélögum Kópavogs. Piltinum stendur til boða sams konar ferðaþjónusta og ýmsum öðrum hópum fatlaðra í Kópavogi.

Bæjarstjórinn í Kópavogi heldur því fram að í því fælist mismunun að blindir og sjónskertir íbúar Kópavogs fengju að ferðast með leigubíl með sama hætti og mikill meirihluta þeirra sem við sambærilega fötlun búa á höfuðborgarsvæðinu. Sú þjónusta byggir á sérstökum samningi milli Blindrafélagsins og sveitarfélaganna og gengur út á það að þeir sem hennar njóta geta nýtt sér þjónustu venjulegra leigubíla að ákveðnu marki gegn vægu gjaldi á móti greiðslu frá sveitarfélaginu. Þetta fyrirkomulag er til fyrirmyndar og hefur aukið mjög ferðafrelsi og þar með lífsgæði blindra og sjónskertra.

SKOÐUN



Steinunn Stefánsdóttir
steinunn@frettabladid.is

Í yfirlýsingu bæjarstjórans þar sem hún meira að segja notar hugtakið jafnrétti, endurspeglast það viðhorf að fatlaðir séu einsleitur hópur sem allur á rétt á sömu þjónustu, í stað þess að líta á málið þannig að hverjum og einum fötluðum sé mætt og gert kleift að vera þátttakandi í samfélagi sínu með fullri reisn.

Ísland er aðili að sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks en markmið hans er meðal annars að „stuðla að því að fatlað fólk njóti allra mannréttinda og mannfrelsis til fulls og jafns við aðra“.

Í þriðju grein sáttmálans segir að meginreglur samningsins séu meðal annars „að fatlaðir geti tekið fullan og virkan þátt í samfélaginu án aðgreiningar“ og „virðing fyrir því sjónarmiði að fatlað fólk sé ólíkt og viðurkennt í þeim skilningi að um mannlega fjölbreytni og mannlegt eðli sé að ræða“. Í tuttugustu grein sáttmálans er svo fjallað um ferlimál einstaklinga og þar segir meðal annars: „Aðildarríkin skulu gera árangursríkar ráðstafanir til þess að tryggja að einstaklingum sé gert kleift að fara allra sinna ferða og tryggja sjálfstæði fatlaðs fólks í þeim efnum, eftir því sem frekast er unnt, m.a. með því að greiða fyrir því að fatlað fólk geti farið allra sinna ferða með þeim hætti sem, og þegar, því hentar og gegn viðráðanlegu gjaldi.“

Viðbrögð bæjarstjórans eru fjarri því að vera í þeim anda sem hér er kveðið á um. Í stað þess líta svo á að sveitarfélagið mæti mismunandi þörfum margbreytilegs hóps fatlaðra þá virðist sem hún geri kröfu um að hinir fötluðu lagi sig að þeirri þjónustu sem sveitarfélagið býður fötluðum sem einsleitum hópi.

Þetta viðhorf er áhyggjuefni, ekki síst nú þegar sveitarfélög í landinu hafa nýverið tekið á sig aukin verkefni sem snúa að fötluðu fólki.

Í samtali blaðsins við bæjarstjóra Kópavogs í gær kemur fram að markmið bæjarins við yfirtöku sveitarfélaganna á þjónustu við fatlaða sé að skara fram úr. Það er háleitt og gott markmið. Hins vegar liggur fyrir að langt er í land meðan æðsti embættismaður sveitarfélagsins virðist líta á fatlaða sem einn og einsleitan hóp sem öllum ber að þjóna með sama hætti.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

25% afsláttur í janúar

FJÖLNOTAPAPPÍR



5x500 blöð A4 3.995kr
með 25% afslætti 2.996kr

Verð er gefið upp með vsk. en án aksturs. Afsláttur gildir ekki með öðrum tilboðum.

ODDI

Oddi – umhverfisvottuð prentsmiðja.
Höfðabakka 7, 110 Reykjavík, sími 515 5000, www.oddi.is

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Samfélagsumræða

Þegar stjórnmálamenn fá áhuga á málum sem þeir telja mikilvæg eiga þeir til að láta ekki nægja að setja fram eigin skoðun á þeim. Þeir vilja umræðu – sem er auðvitað hið besta mál. Og ef þeir telja málið sérlega mikilvægt vilja þeir ítarlega samfélagslega umræðu. Í því felst að leikir og lærðir skrifi greinar í blöð og á blogg, spjallþættir ljósvakans leggi sitt af mörkum, háskólasamfélagið efni til fundaraða og svo mætti áfram telja.



### Þröngt

Nú hefur umhverfisráðherra kallað eftir ítarlegri samfélagslegri umræðu. Hún telur alla vega þörf á henni. Og málefnið? Jú: stjórnsýsla Orkustofnunar og hvernig hún skilur þau lög sem hún starfar eftir. Virkilega spennandi.

### Snúið

Enn velta sumir fyrir sér hvernig það gat gerst að bankarnir fóru á hausinn á sínum tíma. Ekki er útilokað að þar komi fleira til en gríðarleg lánsfjárþörf eigenda þeirra. Sem kunnugt er voru bankarnir í gríðarlega flóknum bisness. Á heimasíðu fyrirtækis nokkurs úti í bæ má sjá við hvað nokkrir starfsmenn þess fengust þegar þeir unnu í bönkunum sálugu. Einn hafði yfirumsjón með verðlagningu og áhættuvörnum vegna afleiðuviðskipta í tengslum við gjaldeyri, vexti og skuldabréf ásamt þróun á afleiðuvörum og afleiðutengdum skuldabréfum. Annar vann við skuldsetta fjármögnun evrópskra fyrirtækja og við áhættustýringu með áherslu á eftirlit með markaðs- og mótaðilaáhættu. Það vantaði ekki glæsileikann þegar verksviðum manna var lýst.

bjorn@frettabladid.is

## HALLDÓR




## Val án veggjalds – jafnræði

Veggjöld



Kristinn H. Gunnarsson
fv. alþingismaður

Fyrirhugaðar vegaframkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu munu bæta lífsskilyrði þar og styrkja sérstaklega byggðarlögin á Suðurnesjum og í Árnessýslu. Á tímum mikils atvinnuleysis koma þessar framkvæmdir sér vel. Vegfarendur njóta ávinningsins strax, en þó ekki að fullu þann tíma sem sérstakt veggjald verður innheimt.

Efnahagslegur ávinningur verður vegna minni slysakostnaðar og styttri ferðatíma. Það leiðir af sér hærra fasteignaverð, lægra vöruverð, aukið atvinnuúrval og atvinnuöryggi í byggðarlögunum utan Reykjavíkur svo það helsta sé nefnt. Áhrifin verða líka gagnkvæm og munu styrkja höfuðborgarsvæðið. Ítarlegar rannsóknir sem Vífill Karlsson, hagfræðingur hefur gert á áhrifum Hvalfjarðarganga staðfesta þetta. Þrátt fyrir að vegfarendur um Hvalfjarðargöng greiði veggjald þá hafa þeir og íbúar á áhrifasvæði vegabótanna nú þegar haft mikinn fjárhagslegan ávinning af göngunum.

Á sínum tíma voru valkostirnir tveir, annars vegar að gera Hvalfjarðargöngin og greiða veggjald eða bíða í óvissu um hvort eða hvenær framfarirnar yrðu. Allir, sem í hlut eiga, hafa haft ávinning af því að veggjaldaleiðin var farin, íbúar á höfuðborgarsvæðinu, á Vesturlandi, Vestfjörðum, Norðurlandi og víðar. Sama mun verða uppi á teningnum með framkvæmdirnar austur fyrir fjall og til Suðurnesja, ef á annað borð bættir vegir skila framförum.

Séu vegirnir nú þegar svo góðir að tvöföldun þeirra og aðrar endurbætur skili engu þá á ekki að ráðast í framkvæmdirnar, hvorki með gjaldi né án þess og hvorki nú né síðar. Þá er staðan einfaldlega þannig að endimörkum framfara er náð og frekari framkvæmdir einungis sóun á opinberu fé. Hins vegar er enginn þeirrar skoðunar að svo sé raunin og þess vegna er kallað eftir vegabótum. Vegfarendur til Suðurnesja og austur í Árnessýslu eru jafnsettir vegfarendum norður á bóginn frá Reykjavík þótt veggjald verði tekið. Þeir geta í öllum tilvikum með nýjum Suðurstrandarvegi komist leiðar sinnar án veggjalds og án þess að leiðin lengist að ráði umfram það sem Skagamenn og Borgfirðingar búa við. Þeir eiga alltaf val án veggjalds, og þar með er jafnræðis gætt milli umferðar í allar áttir frá Reykjavík.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Hvernig landið liggur: Taka tvö

Í DAG
Þorvaldur Gylfason
Prófessor



Í síðustu viku dró ég saman hér á þessum stað helztu sjónarmið þjóðkjörinna fulltrúa á stjórnlagaþingi um stjórnskipunarmál eins og þeir lýstu þeim sjálfir í svörum við spurningum DV í nóvember. Gagnlegt er fyrir fólkið í landinu að þekkja sjónarmið kjörinna fulltrúa sinna, enda virðast þau líkleg til að enduróma í tillögum stjórnlagaþingsins um breytingar á stjórnarskránni. Af 25 kjörnum fulltrúum svöruðu 23 spurningum DV, tveir svöruðu ekki.

**Fulltrúar og frambjóðendur**

Svör fulltrúanna eru býsna fróðleg og vísa á ríkan vilja til breytinga. Nítján fulltrúar telja nauðsynlegt að breyta stjórnarskránni, þrír sjá litla þörf fyrir breytingar, og einn er hlutlaus. Svör frambjóðendahópsins við spurningum DV (444 frambjóðendur af 522 eða 85% svöruðu spurningunum) eru svo að segja hin sömu og svör fulltrúanna. Níu frambjóðendur af hverjum tíu eru hlynntir breytingum á stjórnarskránni, en einn af hverjum tólf telur litla eða enga þörf á breytingum. Skoðanir fulltrúanna á einstökum stjórnskipunarmálum ríma einnig vel við skoðanir frambjóðenda án nokkurra umtalsverðra frávika. Tökum dæmi. Tuttugu fulltrúar eru hlynntir jöfnu vægi atkvæða óháð búsetu, tveir eru andvígir, og einn er hlutlaus. Í hópi frambjóðenda eru 82% hlynnt jöfnu vægi atkvæða óháð búsetu, 10% eru andvíg, og 7% eru hlutlaus. Þetta er svo að segja sama skipting. Fjórtán fulltrúar eru hlynntir því, að landið sé eitt kjördæmi, fimm eru andvígir og fjórir hlutlausir. Í hópi frambjóðendanna eru 71% hlynnt einu kjördæmi, 17% eru andvíg og 12% hlutlaus. Sextán fulltrúar eru hlynntir persónukjöri í Alþingiskosningum, en þrír eru andvígir og fjórir hlutlausir. Meðal frambjóðendanna eru 79% hlynnt persónukjöri, 10% eru andvíg, og 10% sitja hjá. Samhljómurinn er skýr.

landið að vera eitt kjördæmi? Já, segja 68%. Nei, segja 23%, og 10% sitja hjá. Persónukjör frekar en listakjör? Já, segja 74%. Nei, segja 12%, og 13% sitja hjá. Á að fækka þingmönnum? Já, segja 57%. Nei, segja 30%, og 13% sitja hjá. Þetta eru svo að segja sömu hlutföll og meðal frambjóðenda. Meðal kjörnu fulltrúanna vilja 14 fækka þingmönnum, sjö vilja það ekki, og tveir eru hlutlausir. Þetta getur varla skýrara verið. Skoðanir kjörinna fulltrúa á stjórnskipunarmálum spegla skoðanir frambjóðendahópsins í heild og þá um leið skoðanir fólksins í landinu eins og þær birtast í könnun DV og einnig

> Þetta getur varla skýrara verið. Skoðanir kjörinna fulltrúa á stjórnskipunarmálum spegla skoðanir frambjóðendahópsins í heild og þá um leið skoðanir fólksins í landinu…

**Fulltrúar og almenningur**

DV bauð almenningi einnig að svara sömu spurningum á vefmiðlinum dv.is, sem um 180.000 notendur heimsækja í hverri viku. Um 34.000 svör bárust fyrir kjördag svo sem DV greindi frá 26. nóvember 2010. Svör almennings, eða réttar sagt svör lesenda dv.is, ríma vel við svör fulltrúanna og frambjóðendanna. Þarf að breyta stjórnarskránni? Já, segja 65%. Nei, segja 17%, og 18% sitja hjá. (Capacent tók púlsinn á þjóðinni um líkt leyti og fékk mjög svipuð svör.) Á atkvæðisrétturinn að vera jafn óháð búsetu? Já, segja 72%. Nei, segja 17%, og 11% sitja hjá. Á á þjóðfundinum í október. Þessar staðreyndir dæma ómerkar allar tilraunir til að gera lítið úr lýðræðislegu umboði stjórnlagaþingsins með vísan til 37% kjörsóknar eða annarra atriða. Á fimmtudaginn kemur mun ég gera nánari grein fyrir málinu í opinberum hádegisfyrirlestri í hátíðasal Háskóla Íslands kl. 12-13 og svara spurningum úr sal. Allir velkomnir.

**Stjórnlög og lýðræði**

Hinn ríki samhljómur milli skoðana kjörinna fulltrúa á stjórnlagaþingi, frambjóðendahópsins í heild og almennings á stjórnskipunarmálum vekur brennandi spurningu. Hverju sætir það, að stjórnarskráin stangast nú á við þjóðarviljann eins og hann birtist í könnun DV? Kannski tók þjóðin sinnaskiptum eftir hrun. Kannski gerir hún sér gömlu leikreglurnar ekki lengur að góðu. En kannski var þjóðin sama sinnis fyrir hrun, en undi við afleita stjórnarhætti, þar eð efnahagsástandið virtist eigi að síður gott. Og kannski náði vilji þjóðarinnar einfaldlega ekki fram að ganga á vettvangi stjórnmálaflokkanna vegna misvægis atkvæða eftir búsetu meðal annars. Hér er efni í aðra grein. Vandinn er ekki nýr. Skoðanakannanir hafa sýnt, að meiri hluti þjóðarinnar hefur árum saman verið andvígur fiskveiðistjórnarkerfinu, en það stendur þó enn óbreytt í megindráttum. Könnun DV leiðir í ljós, að yfirgnæfandi hluti kjörinna fulltrúa, frambjóðenda og fólksins í landinu er hlynntur því, að eignarhald þjóðarinnar á náttúruauðlindum sé bundið í stjórnarskrá, þótt seint sé.

Þegar allt þetta er haft í huga, má ljóst vera, að mikil ábyrgð hvílir á stjórnlagaþinginu, sem kemur saman um miðjan febrúar. Þung ábyrgð hvílir einnig á Alþingi, sem mun þurfa að ákveða, hvernig farið verður með tillögur stjórnlagaþingsins, þegar þær líta dagsins ljós. Ekki er við öðru að búast en tillögurnar spegli og virði sameiginlegan meirihlutavilja þjóðkjörinna fulltrúa á stjórnlagaþingi, annarra frambjóðenda og fólksins í landinu í ljósi lifandi rökræðna og skoðanaskipta innan þingsins og úti meðal fólksins.

# Aðlögun að því besta

Túlkaþjónusta
Baldur Kristjánsson
sérfræðingur í ECRI tilnefndur af íslenskum stjórnvöldum



Nú reka menn upp ramakvein yfir því að réttur útlendinga í dómskerfinu sé fyrir borð borinn hvað varðar túlkaþjónustu. Þetta hefur legið fyrir alla tíð. Réttur til túlkaþjónustu er mjög takmarkaður hér á landi. Eftirlitsnefnd Evrópuráðsins ECRI hefur bent á þetta í öllum skýrslum sínum, síðast 2007 með eftirfarandi ráðleggingu: „*ECRI recommends that the Icelandic authorities ensure that persons without sufficient command of the Icelandic language have access to good quality interpretation in all circumstances where the exercise of their rights is at stake.*“

Íslensk lög og íslenskar reglur er varða innflytjendur og einnig hælisleitendur og flóttamenn eru ekki alslæmar en ekki meðal þess besta sem þekkist í Evrópu og sjálfsagðar úrbætur vantar á mörgum sviðum. Þarna er verðugt verkefni fyrir velferðarstjórn. Það er svo sannarlega þörf á aðlögun að því sem best gerist á þessu sviði sem öðrum.

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Fréttablaðið og Vísir hvetja lesendur til að senda línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Tekið er á móti efni á netfanginu greinar@frettabladid.is eða á vefsíðu Vísis, þar sem finna má nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.








- Forrétta- & kökudiskar
- Aðalréttadiskar - Súpudiskar
- Kaffibollar - Undirskálar
- Gafflar - Hnífar
- Skeiðar - Teskeiðar
- Hvítvíns- & rauðvínsglös
- Bjórglös - Kampavínsglös
- Long Drink glös
- Vatnsglös - Og fleira!



Vnr. 97750215
Stólar
Hægt er að fá þessa stóla í bláu, vínrauðu, hvítu og svörtu.
Þetta eru sérhannaðir leigustólar og þykja traustir og þægilegir.

LM BYKO LEIGUMARKAÐUR
Sími 515 4020 - www.BYKO.is

40%
afsláttur
af umgjörðum
fimmtudag
föstudag



LINSAN
Aðalstræti 9 • 551 5055

# Engan forgang að þjóðarauðlindum

Stjórn fiskveiða

Jóhann Ársælsson
fv. alþingismaður



Einar Guðfinnsson fjallar um auðlindamál í Mbl. 8.jan. 2011 undir fyrirsögninni „Forsætisráðherra boðar samningaleið“. Aðaltilgangur greinarinnar virðist vera að koma því á framfæri að forsætisráðherra hafi auðheyrilega verið á „samningaleiðinni“ í áramótaávarpi sínu. Ástæða þessarar niðurstöðu þingmannsins getur varla verið önnur en sú að forsætisráðherra notaði orðin „sanngjarnari stefnu varðandi dýrmætustu auðlindir þjóðarinnar,“ og einnig orðin „að arðurinn renni með sanngjarnari hætti til allra Íslendinga“ og vísaði þar með til annarra auðlinda líka sem vera skuli í þjóðareign. Þessi orð má skilja á ýmsa vegu en ég kýs að skilja þau í ljósi stjórnarsáttmálans og þeirrar staðreyndar að ákvæði í stjórnarskrá um auðlindir í þjóðareigu er í fæðingu. Slíkt ákvæði hlýtur að verða þannig orðað að enginn hafi eða fái forgang til nýtingar þjóðarauðlinda og að Alþingi eigi þess einan kost að setja reglur á jafnræðisgrundvelli um afnotin.

Eftir að ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur kom til valda og lýsti stefnu sinni í stjórnarsáttmála hefur verið reynt að koma einhvers konar bannhelgi á orðin fyrning aflaheimilda og fyrningarleið. Þau lýsa þó aðallega vilja til að veita þeim sem nú stunda útgerð viðunandi aðlögunartíma að nýju umhverfi. Umhverfi þar sem jafnræði ríkir og allir greiði fullt verð til samfélagsins en ekki sægreifa fyrir rétt til nýtingar. Sjávarútvegsráðherra skipaði starfshóp til að sætta sjónarmið um framkvæmd stefnunnar. Í hópnum voru aðallega hagsmunaaðilar en líka fulltrúar stjórnmálaflokka. Það var með öllu ljóst frá upphafi að einhvers konar meirihlutaniðurstaða þessa hóps gat ekki orðið stefnumarkandi fyrir framhald málsins þó að sjálfsagt væri að leita eftir sjónarmiðum þeirra sem þarna settust að borði. Þrátt fyrir fyrrnefnda annmarka leitaði nefndin að einhvers konar niðurstöðu sem þeir sem við borðið sátu gætu flestir sætt sig við. Um þá niðurstöðu hafa menn rætt undir nafngiftinni samningaleið.

Það þekkja allir Íslendingar frá barnsaldri dæmisöguna um fílinn og blindu mennina fimm. Þessi saga hefur flögrað ítrekað að mér við að fylgjast með umfjöllun um svokallaða samningaleið. Sagan sýnir vel hvernig upplifun manna af sama viðfangsefninu getur verið margvísleg eða að minnsta kosti frásagnir þeirra af þeirri upplifun. Ég hef hlustað á fulltrúa ríkisstjórnarinnar halda því fram að aðalmarkmiðum ríkisstjórnarflokkanna megi ná fram með útfærslu samningaleiðarinnar. En ég hef líka séð að bæði hagsmunaaðilar sem komu að málinu og gagnrýnendur niðurstöðunnar sem vilja fara aðrar leiðir telja að með þessari leið breytist í raun ekki neitt. Eignarhaldi útgerða á auðlindinni verði einungis skipt út fyrir eignarhald útgerða á veiðirétti. Ég hef ekki forsendur til að meta hvort er rétt fyrr en útfærsla samningaleiðarinnar liggur fyrir.

> Ég hef stundum orðað það svo að það séu einungis tvær samkomur þar sem meirihluti hafi verið fyrir eignarhaldi útgerðarmanna á auðlindum sjávar, sem sé á aðalfundum LÍÚ og á Alþingi.

Eftir fyrrnefndan aðdraganda er hafin smíði frumvarps um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða og Alþingi á eftir að fjalla um frumvarpið. Þar eiga þingmenn að meta hvort með því verði farið að vilja þjóðarinnar. En í þessu máli hefur Alþingi ekki endurspeglað vilja þjóðarinnar fram að þessu heldur hagsmunaaðila og valdhafa. Ég hef stundum orðað það svo að það séu einungis tvær samkomur þar sem meirihluti hafi verið fyrir eignarhaldi útgerðarmanna á auðlindum sjávar, sem sé á aðalfundum LÍÚ og á Alþingi. En þetta má til sanns vegar færa og það hefur undrað mig af hve mikilli óbilgirni og forherðingu sjálfstæðismenn (og sumir framsóknarmenn) hafa barist fyrir séreign útgerðarmanna á veiðirétti fram á síðustu daga. Ég leyfi mér hins vegar að trúa því að það frumvarp sem nú er sagt í smíðum á vegum ríkisstjórnar Jóhönnu Sigurðardóttur verði í fullu samræmi við stjórnarsáttmálann og boðaða stefnu stjórnarflokkanna og tefji ekki eða hamli með neinum hætti gildistöku ákvæðis um þjóðareign á auðlindum. Alþingi taki því ekki með neinum hætti fram fyrir hendur Stjórnlagaþings en leiti þess í stað samninga og sátta við þjóðin sjálfa en ekki einungis hagsmunaaðila um framtíð auðlindavörslunnar. Ef Alþingi reynir að forða sérhagsmunum núverandi útgerðarmanna undan áhrifum af nýju ákvæði um þjóðareign á auðlindum eins og Einar Guðfinnsson virðist binda vonir við mun þjóðin ekki taka því vel og stuðningsmenn ríkisstjórnar Jóhönnu Sigurðardóttur þó verst.

# Misskilningur um gjaldskrá

Landsnet

Þórður Guðmundsson
forstjóri Landsnets



Vegna nýlegrar Kastljóssumræðu um að Landsnet hafi oftekið 6-7 milljarða króna í flutningskostnað af orkusölufyrirtækjunum á síðustu árum er nauðsynlegt að koma á framfæri staðreyndum málsins en með þær hefur verið farið heldur frjálslega að mati okkar sem störfum hjá Landsneti.

Árið 2007 varð það samdóma niðurstaða orkusölufyrirtækjanna, Orkustofnunar og Landsnets að æskilegt væri að færa gjaldskrá Landsnets fyrir flutningskostnað stórnotenda á raforku úr krónum yfir í dollara. Þetta var talið eðlilegt þar sem langstærsti hluti allra sölusamninga raforku er í dollurum og sama gegnir um fjárfestingaskuldbindingar fyrirtækjanna. Lögum samkvæmt ber að hafa gjaldskrá Landsnets hóflega þannig að tekjur dugi fyrir kostnaði við flutning orkunnar, afskriftum og arðsemi. Orkustofnun er falið að ákveða fyrirtækinu þau tekjumörk sem gjaldskráin miðast við og að hafa eftirlit með breytingum á gjaldskránni. Gjaldskrá Landsnets gildir annars vegar fyrir almenna notendur og hins vegar fyrir stórnotendur og verður ekki annað sagt en að henni hafi verið stillt í hóf því frá stofnun fyrirtækisins árið 2005 hefur gjaldskráin fyrir almenna notendur hækkað um 20% á sama tíma og aðrar dreifiveitur í landinu hafa hækkað sínar gjaldskrár um 40-80%.

**Gjaldskrá var lækkuð**

Reynt er að haga gjaldskrá Landsnets þannig að hún sé sem stöðugust þannig að til lengri tíma litið sé jöfnuður í viðskiptum við orkusölufyrirtækin, þótt komið geti tímabil þar sem hallar á annan hvorn aðilann. Stundum er misræmið orkusölufyrirtækjunum í hag og í öðrum tilfellum Landsneti. Haustið 2008 var þessi staða orkusölufyrirtækjunum í hag en það breyttist snögglega við gengisfall krónunnar í kjölfar bankahrunsins í lok október. Á vormánuðum 2009 þegar ljóst var að misvægi orkusölufyrirtækjanna gagnvart Landsneti vegna stórnotenda fór vaxandi var ráðuneyti og Orkustofnun gerð grein fyrir stöðunni og byrjað að huga að leiðum til að leiðrétta það. Við næstu gjaldskrárbreytingu í janúar 2010 var gjaldskráin síðan lækkuð um 7%. Áfram er misræmi vegna orkuflutnings fyrir stórnotendur sem væntanlega mun ganga tilbaka til orkusölufyrirtækjanna á næstu misserum og árum í formi lægri gjaldskrár. Hver þessi leiðrétting verður nákvæmlega liggur ekki fyrir þar sem enn hefur ekki verið lokið endurskoðun á eignagrunni Landsnets en breytingar á honum munu hafa áhrif á gjaldskrána.

> Innistæða sem orkusölufyrirtækin mynduðu hjá Landsneti á árinu 2009 er eingöngu til komin vegna orkuflutnings til stóriðju.

**Ráðherra kveður upp úr**

Í þeirri umræðu sem hófst nú í byrjun janúar réttu ári eftir að leiðrétting var gerð á gjaldskrá Landsnets hafa því miður verið settar fram fullyrðingar sem byggja á misskilningi sem nauðsynlegt er að leiðrétta. Þannig hefur því verið haldið fram að eitt þúsund milljónir króna hafi verið ofteknar við flutning á rafmagni til almenningsveitna. Þetta er af og frá. Sú innistæða sem orkusölufyrirtækin mynduðu hjá Landsneti á árinu 2009 er eingöngu til komin vegna orkuflutnings til stóriðju. Undir þetta er tekið í yfirlýsingu sem Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra sendi frá sér eftir fund með stjórnendum Orkustofnunar og Landsnets síðastliðinn fimmtudag 6. janúar. Þar kemur fram að aðilar séu sammála um að gjaldskrá Landsnets fyrir flutning raforku til almenningsveitna hafi að öllu leyti verið innan þeirra tekjumarka sem Orkustofnun setti fyrirtækinu og í samræmi við gildandi eignagrunn. Umræða um að Landsnet hafi innheimt um einum milljarði króna of mikið af almannahlutanum miðað við sett tekjumörk sé því byggð á misskilningi.

# Fagleg endurskoðun heilsugæslu

Heilsugæsla

Sif Gylfadóttir og Unnur Pétursdóttir
sjúkraþjálfarar M.Sc.





Af hverju í ósköpunum er þetta ekki kennt áður en maður er búinn að eyðileggja á sér bakið?“ var spurt eitt sinn í bakskóla sem sjúkraþjálfarar héldu fyrir þá sem höfðu farið í bakaðgerðir á Borgarspítalanum. Sjúkraþjálfararnir fullyrtu að það stæði til bóta, það væri verið að vinna í því að fá stöðugildi sjúkraþjálfara við heilsugæsluna svo hægt væri að sinna einmitt þessum forvarnarþætti. Þetta var í nóvember árið 1989. Árið 1990 voru sett lög á Alþingi um stöðugildi sjúkraþjálfara í heilsugæslu. Í dag hefur enn ekkert gerst í þeim efnum. Það má e.t.v. segja ráðamönnum til vorkunnar að fjárhagslegan ávinning forvarna hefur ætíð verið vandasamt að reikna út, því hver eru hin raunverulegu verðmæti lífsgæða, heilbrigðis og heilsu?

Fagleg endurskoðun og umræða um þjónustuhlutverk og vinnuferla heilsugæslunnar er löngu þörf í ljósi þróunar á heilsufarslegum vanda og afleiddum fjárhagslegum byrðum heilbrigðiskerfisins. Í dag geisar faraldur lífsstílssjúkdóma, s.s. háþrýstings, ákveðinna tegunda krabbameina, sykursýki (gerð II) og ýmissa hjarta- og æðasjúkdóma, auk þunglyndis. Ofnæring, offita og hreyfingarleysi barna og fullorðinna hefur aukist síðustu ár. Þessir þættir auka áhættuna á fyrrnefndum sjúkdómum auk stoðkerfisvandamála og draga í mörgum tilfellum úr starfsorku.

Rannsóknir síðasta áratugar hafa sýnt að draga má úr líkum á lífsstílssjúkdómum með heilbrigðum lífsháttum. Þar skiptir mestu máli líkamleg hreyfing, hollt mataræði og reykleysi. Rannsóknir hafa jafnframt sýnt að lyf geta ekki kallað fram jafn víðtæk áhrif og hreyfing til bættrar heilsu. Þó svo að lyf geti verið nauðsynleg og hjálpað til við t.d. að lækka háþrýsting og blóðsykur (áhættuþætti margra sjúkdóma) þá getur regluleg hreyfing ekki einungis gert slíkt hið sama, heldur einnig minnkað áhættu á öðrum lífsstílssjúkdómum svo sem ýmsum krabbameinum og stuðlað almennt að góðri heilsu og bættri líðan.

Afleiðingar lífsstílssjúkdóma taka æ stærri toll af útgjöldum til heilbrigðismála. Þegar rætt er um skipulagningu og uppbyggingu heilsugæslunnar þurfa því að koma að fagaðilar með sérþekkingu á fyrsta og annars stigs forvörnum, heilsuhegðun og sértækum leiðum til bættrar heilsu landsmanna. Þar ætti þekking sjúkraþjálfara á almennri og sértækri líkamlegri hreyfingu að koma að góðum notum. Hreyfing, sem ráðlögð er sérstaklega samkvæmt niðurstöðu greiningar, getur snúið við þróun lífsstílssjúkdóma og viðhaldið heilsu fólks sem býr við langvinnan heilsubrest.

Sjúkraþjálfarar eiga náið samstarf við lækna og eru þátttakendur í heildrænu mati á heilsufari fólks skv. ICF-flokkunarkerfinu (International Classification of Functioning, Disability and Health), sem gefið er út af Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni. Sjúkraþjálfarar virkja fólk til bættrar heilsuhegðunar og ábyrgðar með því að fræða, ráðleggja, meta og greina hlutlægt, leggja upp áætlun í samvinnu við aðra fagaðila og fylgja henni eftir. Úrræðin eru byggð á rannsóknum á aðlögunarhæfni líkamans til bættrar líkamsstarfsemi með breyttri hegðun, hreyfingu og þjálfun. Þannig geta og ættu sjúkraþjálfarar einnig að vinna með öðrum fagaðilum í heilsugæslunni og vera hlekkur í því að veita heildstæða þjónustu sem er raunhæf, árangursrík og í takt við þarfir hvers einstaklings og vandamál 21. aldarinnar.

Heilbrigðiskerfið á Íslandi miðast við að veita gæðaþjónustu sem er hagkvæm og árangursrík en kostnaður vegna veikinda og afleiðingar sjúkdóma og fötlunar er hins vegar stigvaxandi. Sjúkraþjálfarar hafa alla tíð notað nálgun sem er án lyfja og án skurðaðgerða, en lyf og skurðaðgerðir eru, eins og þekkt er, meðal dýrustu úrræða heilbrigðiskerfisins. Aðkoma sjúkraþjálfara með hlutlægu mati, fræðslu og leiðbeiningum í samræmi við niðurstöður mælinga, ávísun á skilgreind úrræði, stuðningur og handleiðsla með það að markmiði að fækka lífsstílssjúkdómum, er því í fullu samræmi við hlutverk heilsugæslunnar.

Upplýst samfélag, hvetjandi umhverfi og fagleg þjónusta er grunnurinn að því að ná árangri. Sjúkraþjálfarar, með sinni sérþekkingu, geta lagt þung lóð á vogarskálarnar til að bæta heilsu landsmanna og lækka kostnað í heilbrigðiskerfinu. Nauðsynlegt er að nýta þá þekkingu sem er til í landinu til hagsbóta fyrir íbúa þess. Við höfum þá trú að með samstilltu átaki ætti íslenska þjóðin að geta orðið fyrirmynd annarra þjóða hvað varðar heilbrigði.

Oft er það svo að þegar breytingar eða hagræðing eru nefndar bregðast heilbrigðisstarfsmenn hart við og mótmæla hástöfum. Það er ekkert undarlegt, gjarnan hefur þeirri umræðu fylgt krafan um aukið vinnuálag samfara kjaraskerðingu. Því er ekki úr vegi að fagstéttirnar taki nú frumkvæðið og ræði hvernig hægt sé að spyrna gegn heilsufarsvandanum, byggja upp þjónustu til bættrar heilsu landsmanna í ljósi takmarkaðra fjármuna, en jafnframt að gera heilsugæsluna að eftirsóknarverðum vinnustað þeirra fagstétta sem þar starfa.

LYFJA
– Lifið heil
www.lyfja.is



Nicorette
Freshmint
2mg 210 stk.
5.670 kr.
4.819 kr.

Nicorette
Fruitmint
2mg 210 stk.
4.975 kr.
4.229 kr.

Lægra verð í Lyfju

15% afsláttur af öllum Nicorette vörum í janúar




*Heimild: Fréttablaðið 8. janúar 2011*

# Andaðu **léttar!**

## með harðskeljadekkjum frá TOYO

Svifryk er fínasta gerð rykagna sem eiga greiða leið í öndunarfærin. **Nagladekk valda svifryki og slíta akbrautum hundraðfalt meira** en önnur dekk. Árlega þarf Reykjavíkurborg að endurnýja um 10.000 tonn af malbiki vegna slits af völdum nagladekkja.

Í Reykjavík er svifryk 50% uppspænt malbik, 10% sót, 15% eyddir bremsuborðar og 25% jarðvegur og salt. Fjöldi leikskóla á höfuðborgarsvæðinu **hleypir stundum börnum ekki út** að leika vegna svifryksmengunar.

Toyo harðskeljadekkin innihalda brot úr valhnetuskel, sem er með hörðustu efnum sem finnast í náttúrunni. **Skeljabrotin grípa eins og klær í hálkuna**, draga verulega úr svifryksmengun og Silica gúmmíblöndunarefnið heldur þeim **stöðugt mjúkum í miklu frosti.** Toyo harðskeljadekkin eru því **raunhæf og örugg** lausn í stað nagladekkja.



Bílabúð Benna – Sérfræðingar í bílum

Reykjavík NESDEKK Reykjanesbæ

Meira grip án nagla

Bílabúð Benna - Vagnhöfða 23 - Reykjavík - 590 2000 - www.benni.is
Nesdekk - Fiskislóð 30 - Reykjavík - 561 4110 / Njarðarbraut 9 - Reykjanesbæ - 420 3333

# Alvald ríkissaksóknara

Réttarfar

Gerður Berndsen
auglýsingateiknari



Veit almenningur að réttarkerfið hefur komist upp með að brjóta eftirtalin lög þar sem ung stúlka var myrt 27.5.2000? Að það er enginn til að framfylgja þeim lögum? Að ríkissaksóknari er alvald? Að Alþingi er undirsáti hans? Að hann þarf hvorki að rökstyðja né skjalfesta ákvörðun um ákæru? Að ekki er hægt að áfrýja ákærunni? Að Hæstiréttur, æðsta dómsvald landsins, getur uppdiktað dóma?

1. gr. 1. í lögum um meðferð opinberra mála: Þau mál öll, sem handhafar ríkisvaldsins höfða til refsingar lögum samkvæmt, skulu fara eftir ákvæðum laga þessara. 31. gr. Þeir sem fara með ákæruvald og annast rannsókn skulu vinna að því að hið sanna og rétta komi í ljós. 45. gr. Sönnunarbyrði um sekt sakbornings og atvik sem telja má honum í óhag, hvílir á ákæruvaldinu. 48. gr. Dómur skal reistur á sönnunargögnum sem færð eru fram við meðferð máls fyrir dómi. 59. gr. 2. Dómari skal gæta þess að spurningar hans og annarra séu ákveðnar, ekki tvíræðar eða meiðandi, ekki særandi eða móðgandi framar en efni standa til og ekki sýnilega þýðingarlausar. 66. gr. 4. Rannsóknari er sá starfsmaður lögreglu eða ákæruvalds sem rannsókn stýrir eða sinnir hverju sinni. 71. gr. c. hegðun hans og fyrri brot; um þessi atriði skal afla sakarvottorðs og annarra gagna, svo sem endurrita fyrri dóma ef ástæða er til. 77. gr. 1. Nú telur rannsóknari rannsókn lokið og gögn komin fram sem geti leitt til saksóknar og sendir hann þá ríkissaksóknara rannsóknargögnin… Með rannsóknargögnunum sendir rannsóknari að jafnaði greinargerð um rannsóknina þar sem kemur fram samandregin lýsing á atriðum sem hann telur ákæru geta beinst að. Í 2. mgr. 40. gr. og 77. gr. kemur fram að réttargæslumaður hefur sömu réttindi og skyldur og verjandi. 86. gr. 1. Hald má leggja á bréf, símskeyti og aðrar sendingar sem eru í vörslu Pósts og síma, enda sé það gert vegna rannsóknar út af broti sem varðar getur þyngri refsingu en sektum. 111. gr. Sérhver refsiverður verknaður skal sæta ákæru, nema annað sé sérstaklega ákveðið í lögum. 157. gr. 1. Ríkissaksóknari og ákærði geta aflað frekari gagna í málinu.

Um miðjan nóvember sendi ég áskorun til allra alþingismanna um réttarfarsdómstól, afturvirkan. – Meðfylgjandi voru staðreyndir í málinu – þeir ætla ekki að gera neitt. Ofantalin lög eru samþykkt af Alþingi, en ríkissaksóknari og Hæstiréttur mega brjóta þau. Það er enginn til að framfylgja þeim. Þeir geta gert hvað eina sem þeim sýnist. Það er siðlaust og fjarstæðukennt. Bæði embættin eru háð fjárframlögum frá Alþingi, en samt alvald. Annað ákærir fyrir lögbrot og glæpi og hitt fellir dóma.

Sá sem átti að vera rannsóknari í málinu var þá yfirmaður rannsóknarlögreglu Kópavogs. Annaðist yfirheyrslur ásamt undirmanni. Spurði eingöngu út í tvö sönnunargögn sem hann túlkaði ranglega. Hunsaði allar niðurstöður tæknideildar; vettvangsskýrslu, aðrar upplýsingar og niðurstöður. Sú litla vinna sem hann vann var eingöngu til að skaða málið. Skilaði ekki greinargerð. Upplýsingar úr lögregluskýrslum.

Ríkissaksóknari gerði ekki athugasemd við að greinargerð vantaði. Hann gaf út ákæru um manndráp, en ekki einnig um nauðgun. Ekki hægt að finna forsendur og rök fyrir þeirri ákvörðun þar sem ekkert er skjalfest. Hann vissi að ekki er hægt að áfrýja ákæru. Ríkissaksóknari er vel tryggður.

Dómurum Hæstaréttar ber skylda til að lesa öll gögn sem þeir fá í hendur. Dómur var ekki byggður á sönnunargögnum úr lögregluskýrslum sem liggja öll fyrir. Þeir

> Það kostaði hana lífið að berjast á móti nauðgara sínum.

virðast hafa skáldað hann upp úr endurriti héraðsdóms þar sem hvorki voru lögð fram sönnunargögn né greinargerð. Tilvitnun úr endurriti í dómi Hæstaréttar: „Héraðsdómur hefði ekki talið framburð hans um þau fá staðist og ekki væri efni til að ætla, að mat á sönnunargildi munnlegs framburðar Á fyrir dómi væri rangt svo að einhverju skipti um úrslit málsins.“ Eftir dóm Hæstaréttar er ekki hægt að fá málið tekið upp að nýju fyrir íslenskum dómstólum né Mannréttindadómstóli Evrópu. Hæstiréttur er einnig vel tryggður. Þeim fannst ekki frekar en héraðsdómi skipta máli hvernig eða hvers vegna 21 árs gömul stúlka var myrt?!

Það kostaði hana lífið að berjast á móti nauðgara sínum. Hún skildi 14 áverka eftir á honum, suma blóðuga. Hún barðist af þvílíku offorsi að hann hélt ekki lim sínum inni í kynfærum hennar. Þá kýldi hann hana af miklu afli í ennið, sem varð að 2,5-3 sm risastórri kúlu. Hún missti meðvitund. Hann bar hana 6 metra að svalahandriði. Þar rankaði hún við sér og rak upp óp. Hann kastaði henni samt fram af handriðinu, 26 metra fall á steinsteypta stétt. Unga stúlkan var dóttir mín.

# Í gegnum brimrót tafa og kreppu

Sveitarfélög

Árni Sigfússon
bæjarstjóri í Reykjanesbæ



Reykjanesbær hefur á undanförnum árum fjárfest í uppbyggingu atvinnusvæða, sérstaklega í Helguvík. Þar eru um 180 hektarar lands tilbúnir að taka við fjölbreyttum iðnaðar- og atvinnutækifærum. Samhliða áherslum á betur launuð störf hefur verið fjárfest í innviðum með byggingu skóla, íþróttamannvirkja, göngustíga, gatna, almennum umhverfisbótum og bættri þjónustu sérstaklega við börn, unglinga og eldri borgara. Þessi fjárfesting skapar góða umgjörð fyrir íbúa sem vilja búa hér og skila bæjarfélaginu tekjum af nýjum og vel launuðum störfum.

Stundum þykir mér sem litið sé á Reykjanesið sem hluta af öðru landi en Íslandi. Hvað skyldu landsyfirvöld hafa gert ef 11 þúsund störf hefðu horfið í Reykjavík, á 6 mánuðum?

Þegar Varnarliðið hvarf af Suðurnesjum á árinu 2006 myndaðist vandi fyrir 11 hundruð einstaklinga og fjölskyldur þeirra, sem misstu störf sín. Þeir fundu flestir tímabundnar lausnir í þenslunni en fundu svo óþyrmilega fyrir því með atvinnumissi strax við upphaf kreppunnar árið 2008. Reykjanesbær hafði gengið frá samningum um álver Norðuráls í Helguvík árið 2006 og átti þá viðræður um fjölmörg önnur áhugaverð atvinnuverkefni. Menn töldu sig því geta horft með bjartsýni fram á veg til að svara þeim mikla atvinnumissi sem varð í okkar samfélagi. Það var því ekki hrópað í örvæntingu heldur unnið ötullega að nýrri atvinnuuppbyggingu og treyst á skilning og stuðning allra landsmanna.

Menn þekkja tafirnar, álverið er enn ekki í höfn. Önnur verkefni eins og rafrænt gagnaver Verne, einkasjúkrahúsið, ECA flugverkefnið, skólasamfélagið Keilir, Gagnavarslan, Jarðauðlindagarður á Reykjanesi, minni nýsköpunarverkefni og verksmiðja íslenska kísilfélagsins í Helguvík, eru mörg komin vel á veg og víða vantar aðeins herslumuninn. Þessi verkefni munu umbreyta atvinnustöðunni í Reykjanesbæ á mjög jákvæðan hátt fyrir íbúa, bæjarsjóð og samfélagið allt.

Það hefur kostað bæinn fjármagn að byggja upp, en eignastaðan hefur samt vaxið hraðar en skuldirnar. Eignir bæjarsjóðs nema 34,9 milljörðum kr. og skuldir 28,5 milljörðum kr.

> Það hefur kostað bæinn fjármagn að byggja upp, en eignastaðan hefur samt vaxið hraðar en skuldirnar.

Því miður hefur umræða minnihlutans í Reykjanesbæ snúist nær eingöngu um skuldir. Þeir hafa haft sigur í að blása skuldir bæjarfélagsins úr öllu samhengi í fjölmiðlum. Fjölmiðlum er tíðrætt um miklar skuldir Reykjanesbæjar, aldrei talað um peningalegar eignir bæjarins á móti þessu skuldum, hvað þá heildareignir og allra síst um þær breytingar sem verða á tekjum bæjarfélagsins þegar fjárfestingin tekur að skila sér. Því miður.

Það verður skynsamlegt að spyrja að leikslokum – Við skulum ætla að á næstu tveimur árum verði komin niðurstaða í þau verkefni sem hér að framan eru talin. Fáein eru þegar komin af stað, önnur fara af stað á næstu mánuðum og enn önnur munu eflaust þurfa lengri aðlögunartíma, m.v. reynslu af stjórnarháttum og hægfara uppbyggingu efnahagslífsins eftir hrunið.

Ný viðmiðun hefur verið notuð til að mæla skuldastöðu sveitarfélaga. Rætt er um svonefnt skuldahlutfall. Þar eru skuldir og skuldbindingar til margra áratuga skoðaðar í hlutfalli af einsárstekjum sveitarfélagsins. Heildarskuldir og skuldbindingar eins og leigugreiðslur og lífeyrisgreiðslur til margra áratuga eru teknar með. Sveitarfélög hafa bent á að sé þessi viðmiðun notuð sé a.m.k. eðlilegt að draga peningalegar eignir sveitarfélaga frá skuldum, t.d. eignir á bankabók eða skuldabréfaeign. Í tilviki Reykjanesbæjar er skuldahlutfall bæjarsjóðs áætlað á þessu ári að frádregnum peningalegum eignum 221% og hjá samstæðu bæjarins 247%. Þetta eru allt aðrar tölur en hafa verið ítrekað birtar í fjölmiðlum og minnihlutinn í Reykjanesbæ hefur kosið að nýta sér í pólitískum ærslaleik. Þetta hlutfall er engu að síður hátt, enda miklar skuldir t.d. Helguvíkurhafnar og HS veitna teknar inn í samstæðureikningi bæjarins.

Með auknum atvinnutekjum og niðurgreiðslu skulda mun þetta hlutfall lækka. Von mín er að það geti farið niður fyrir 150% hjá bæjarsjóði á næstu 5 árum. En þá þurfum við að tryggja skilning á nauðsyn atvinnuuppbyggingar. Við þurfum forystu og fjölmiðla sem skilja að það þarf fyrst að kosta einhverju til svo menn geti notið afraksturs síðar. Við sjálfstæðismenn í Reykjanesbæ fylgjum ótrauð þeirri stefnu og munum sigla í gegnum brimrót tafa og kreppu með stefnu á fjölbreytt og vel launuð störf.

# Öryggismál

Pólitík á Íslandi

Valgarður Egilsson
læknir



Maður skilur stundum ekki pólitíkina á Íslandi.

Utanríkismál hafa löngum verið deiluefni hjá okkur Íslendingum, einkum vera bandaríska hersins. Þróun mála síðustu ár kallar á nýja pólitík. Með atburðum ellefta september sést að við sem búum hér á ey mitt í Atlantshafi þurfum að velta fyrir okkur hvað gæti gerst. Flugumferð til umheimsins gæti teppst um lengri tíma, þegar næst verða framin hryðjuverk, jafnvel margar vikur. Engin ráð virðast enn fundin til að hindra hryðjuverk. Eldgos geta stöðvað flugumferð langtímum saman.

Þá væri ívið betra að treysta á skipasiglingu milli landa. En nú kemur í ljós að Íslendingar eiga ekki lengur farþegaskip sem sigl- ir milli landa. Og vöruflutninga-

> Við þyrftum að eiga nokkrar birgðir lífsnauðsynja í landinu. Mat, lyf, eldsneyti, svo eitthvað sé nefnt.

skip eigum við reyndar, mörg skráð í öðrum löndum.

Við vitum ekki hvers konar stríð verður háð næst. Sýklahernaður og kemískur hernaður verður einhvern tíma prófaður nánar. Þegar stórfelld hryðjuverk fara af stað næst – og samgöngur til annarra landa teppast – þá erum við hér umkomulaus og illa stödd.

Það eru ekki til teljandi birgðir af svosem neinu hérlendis. Refurinn kann að safna matarbirgðum fyrir sig. Og hrafninn fyrir sig. En ekki við Íslendingar. Við þyrftum að eiga nokkrar birgðir lífsnauðsynja í landinu. Mat, lyf, varahluti, eldsneyti, svo eitthvað sé nefnt.

Við höfum stutt viðskiptabann á hin og þessi ríki svo við kunnum þetta sjálfsagt.

Á Íslandi ætti matvælaframleiðsla að vera fyrsta hlutverk. Landbúnað og sjósókn verður að tryggja. Skip þurfa eldsneyti. Bílar og dráttarvélar líka. Og varahluti. Það þurfa orkuver líka. Nokkuð fleira fyrir yður?



Allt að **60% afsláttur**

BYKO

# útsala!

## Brot af vörum á útsölunni:



**60% afsláttur**

Vnr. 52230683
**Loftvifta**
Loftvifta, 132 cm.

**6.359**
Fullt verð: 15.900



**1.595**
Fullt verð: 3.990

**60% afsláttur**

Vnr. 74801600
**Slípirokkur**
BAVARIA slípirokkur.



**7.693**
Fullt verð: 10.990

**30% afsláttur**

Vnr. 93456065
**Smíðavesti**
CORDURA smíðavesti, svart, stærðir S-XXL.



**15% afsláttur**

Vnr. 15400030
**Sturtutæki**
ARMATURA classic hitastýrt sturtutæki.

**12.741**
Fullt verð: 14.990



**2.796**
Fullt verð: 6.990

**60% afsláttur**

Vnr. 49808620
**Rafhlöðu-borvél**
SERVA rafhlöðu-borvél, 12V.



**60% afsláttur**

Vnr. 41100200
**Matarstell**
EVENTIDE matarstell, 20 stk.

**3.596**
Fullt verð: 8.990

... OG YFIR 10.000 VÖRUR Á ÓTRÚLEGU ÚTSÖLUVERÐI!

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl.
EXPO · www.expo.is

# Sparnaðarráð – fyrir allan peninginn

Neytendamál
Reynir Einarsson
sölufulltrúi



Í starfi mínu hjá fremur litlu fyrirtæki þar sem allir ganga í öll störf, er ég þessa dagana að fara yfir skráningar þess hjá Já annars vegar og í Símaskrá hins vegar. Jú þú last rétt, þetta er nefnilega ekki sami hluturinn þótt svo virðist við fyrstu sýn.

Þetta er merkileg staðreynd sérstaklega með tilliti til tölvutækninnar. Ef ég reyni að fara inn á slóðina www.1818.is þá kemur upp http://ja.is/vorur-og-thjonusta/118/.

Ef ég reyni við www.118.is þá gerist nákvæmlega það sama og loks ef ég slæ inn www.simaskra.is þá kemur upp http://ja.is/hradleit/. Bæði Já og Símaskráin eru skráð til húsa að Stórhöfða 33. Til að fullkomna plottið er það sami sölumaðurinn sem selur mér skráninguna og auglýsingar í báða miðlana, ja.is og símaskrána og meira að segja í sama símtalinu.

Símaskráin er víst stærsta handbók sem gefin er út á Íslandi í dag 200.000 eintök er mér sagt og þar af fóru 150.000 eintök í dreifingu strax fyrstu vikuna. Örugglega satt og rétt. En hver les símaskrána í dag? Hjá mínu 10 manna fyrirtæki komu níu símaskrár af 2010 útgáfunni í hús með sendibíl, átta þeirra eru enn í plastinu. Þessa einu opnaði ég til að rífa blaðsíðu úr gulu síðunum til að ræða skráningarmálin á starfsmannafundi. Á þeim fundi kom fram að fyrir skráningu hjá Já greiddi ég rétt um 100.000 krónur fyrir árið 2010 og fyrir skráningu í símaskrá greiddi ég 113.615 krónur. Það er einhver skítalykt af þessu. Hér er verið að selja sama hlutinn tvisvar, annars vegar með vinstri hendinni og svo aftur með hægri hendinni og sú hægri veit ekki (eða vill ekki vita) hvað sú vinstri er að gera. Niðurstaða fundarins varð sú að mitt fyrirtæki ætlar ekki að borga 113.615 krónur fyrir það að vera í símaskrá 2011. Það verður eingöngu skráð þar eins og allir almennir símanotendur landsins, þ.e. í stafrófsröð undir Reykjavík og nágrenni. Það verður hvergi skráð í gulu síðurnar sem aftur þýðir að þjónustufulltrúar upplýsinga vita ekkert hvað fyrirtækið býður upp á.

> Hér er verið að selja sama hlutinn tvisvar, annars vegar með vinstri hendinni og svo aftur með hægri hendinni…

Ha! Hvað meina ég? Jú, mér hefur nefnilega verið tjáð af sölumanni já og símaskrár að þjónustufulltrúar 118 og 1818 styðjist við gagnagrunn sem byggður er á skráningum í pappírsskrána!

Ef Símaskrá er tilbúin að borga mér 113.615 krónur á hverju ári héðan í frá þá er ég tilbúinn að veita þeim upplýsingar um hvaða vörur og þjónustu ég hef uppá að bjóða svo þeir geti selt þær upplýsingar áfram í gegnum 118 og 1818 á allt að 82 krónur fyrir mínútuna. Að öðrum kosti verða væntanlegir viðskiptavinir mínir að leita að mér á ja.is með því að slá inn eitthvað af þeim 92 leitarorðum sem þar eru skráð og eru lýsandi fyrir mína vöru og þjónustu og sem ég greiði árlega um 100.000 krónur fyrir.

Ég hvet þig til að fá sömu niðurstöðu hjá þínu fyrirtæki og ná fram sparnaði – fyrir allan peninginn.




# Samhjálp.is

Samhjálp
Inga Sigrún Atladóttir
bæjarfulltrúi í Vogum



Í áramótaávarpi forsetans talaði hann um samtakamátt þjóðarinnar, samhjálp og stuðning. Mér finnst það vera afturhvarf til gilda kynslóðarinnar sem nú er að ljúka sínu ævistarfi. Ég er sammála forsetanum að á þessum gildum væri best að byggja upp framtíð landsins. En höfum við hugsað um hvernig við höfum farið með samhjálp og traust kynslóðarinnar sem þessa áratugina er að kveðja okkur?

Ég á nokkra vini og ættingja úr þessari kynslóð. Þetta er fólk sem trúði því að bankinn gæti ávaxtað ævisparnaðinn, trúði því að vinalegir bankastarfsmenn væru raunverulegir vinir. Þetta er fólk sem treystir orðum annarra, lítur á handaband sem ígildi samninga, er tilbúið að lána eigur sínar og fé út á trúverðug orð. Ég á nágranna sem bráðum kemst á níræðisaldur, hann færir mér Fréttablaðið úr kassanum á hverjum morgni, lánar mér áhöld og tæki ef honum sýnist mig vanta, færir mér kartöflur og fisk í soðið. Aldrei hefur hann spurt hvað hann geti fengið í staðinn. Í stað þess er hann fullur þakklætis ef ég færi honum eitthvert smáræði.

> Kannski hefur okkur ekki bara mistekist að byggja upp bankakerfi heldur líka mistekist að varðveita samfélag.

Við höfum kynnst þessu viðhorfi, of margir hafa notfært sér það og kannski litið á það sem hálfgerðan einfeldningsskap. Nú þegar sagan hefur sýnt okkur að við getum ekki byggt samfélagið upp á siðferði síðustu áratuga er látið eins og íslenska samhjálpin spretti fram rétt eins og þetta hafi bara allt saman legið í fallegum dvala.

Nú kallar forsetinn eftir samhjálp og samábyrgð. En kannski hefur okkur ekki bara mistekist að byggja upp bankakerfi heldur líka mistekist að varðveita samfélag sem hlúir að þessum eignleikum, við höfum látið það viðgangast að þeir sem misnota sér traust annarra komast upp með það. Við höfum sætt okkur við að á Íslandi er enginn umboðsmaður heiðarleika, bara rándýr lögfræðiaðstoð.

Er hægt að biðja um samhjálp, traust og heiðarleika í samfélagi þar sem sagan sýnir okkur að slíkir eiginleikar borga sig ekki?



**Leikkonan Blake Lively**, frægust fyrir hlutverk sitt sem Serena van der Woodsen í Gossip Girl, verður andlit nýrrar auglýsingaherferðar Chanel. Karl Lagerfeld valdi hina íðilfögru leikkonu til verksins en þeim er víst vel til vina.


# ;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

**Sölufulltrúar: Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447



*Frábær tilboð sem gilda í janúar 2011:*

*Litun og plokkun Verð: 3.500 kr.*

*Handsnyrting með lökkun Verð: 5.500 kr.*

*Fótsnyrting með lökkun Verð: 5.500 kr.*

*Brasilískt vax Verð: 3.500 kr.*

Victoria Salon & Spa Laugavegi 178 Sími: 611-5500





Eirberg

Einnota latex hanskar

Tilboð á stærð XL

Verð 499 kr. án vsk.

Opið virka daga kl. 9 -18 og á laugardögum kl. 11 - 16

Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • www.eirberg.is





Enn meiri verðlækkun!

30-60% afsláttur!

TUZZI

KRINGLUNNI

S: 5688777


Sigríður Dagbjört Ásgeirsdóttir er nemandi í Verslunarskólanum og formaður Nemendamóts skólans



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Á tvennar leðurbuxur

Leður kom sterkt inn á tískupöllunum fyrir um tveimur, þremur árum og Sigríður Dagbjört Ásgeirsdóttir, nemi í Verslunarskólanum og formaður nemendamótsnefndar, segist ekki hafa farið varhluta af því. Hún á tvennar ekta leðurbuxur og gallabuxur með leðurbótum sem hún klæðist hér ásamt leðurjakka sem hún fékk í jólagjöf frá móður sinni.

„Leðurjakkinn fékkst í Topshop fyrir jólin, ljósbrúnn og mjög þægilegur. Annars er fatastíllinn minn fremur afslappaður, notast mikið við svartan grunn og er hrifin af léttum bolakjólum sem má henda yfir gallabuxur en þennan keypti ég hjá Gina Tricot. Ætli það sé ekki pínu rokk í mér, er hrifin af því að nota leður og grófari efni með.“

Í nægu er að snúast hjá Sigríði Dagbjörtu en í byrjun næsta mánaðar hefst nemendamót Verslunarskólans sem hún heldur utan um. Frumsýning á nemendamótssýningunni er 3. febrúar og svo er ball um kvöldið á Broadway.

*juliam@frettabladid.is*


6 mánaða vaxtalausar greiðslur

ÚTSALA

Gerið gæða- og verðsamanburð

20-70%

AFSLÁTTUR

Af völdum vörum



10.000 kr. vörukaup fylgja öllum heilsurúmum.

(Gildir ekki með öðrum tilboðum)



50% AFSLÁTTUR

Svefnsófi

með tungu hægri/vinstri og geymslu Svefnflötur 140x200

Tveir litir, verð 199.000

Nú 99.500

Svefn & heilsa

www.svefn.is

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150

Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00



**Tískuhúsið Wunderkind** hefur hætt við þátttöku í tískuvikunni í París í mars. Ástæðan er fjárhagserfiðleikar fyrirtækisins sem gengur nú í gegnum endurskipulagningu en meirihluta af þeim 50 starfsmönnum sem þar starfa hefur verið sagt upp.




# Meggings og magabolum spáð vinsældum í sumar

**Tískuspekúlantar velta nú vöngum yfir því hvað af vor- og sumarfatnaði í tísku karla 2011 sé líklegt til að ná hylli. Gangi spárnar eftir má búast við áhugaverðum og vægast sagt umdeildum tískustraumum á árinu.**

Tíska karla tekur hvorki jafn örum né miklum breytingum og tíska kvenna. Á síðasta ári kynntu hönnuðir þó ýmsar nýjungar í vor- og sumarlínum sínum fyrir 2011 og blaðamenn virtra tískutímarita og bloggarar velta nú vöngum yfir því hvað af því sé líklegast til að lifa og ná lýðhylli.

Gangi spárnar eftir má gera ráð fyrir að herralegir sport- og leðurjakkar nái miklum vinsældum, sömuleiðis skart, hálsfestar og lokkar í eyru og útvíðar buxur. Buxur með gulrótarsniði eru hins vegar á útleið fyrir fullt og allt, til allrar hamingju myndu sumir segja enda ekki á allra færi að klæðast níðþröngum buxum frekar en mínipilsum.

Þó er ekki alveg full ástæða til að varpa öndinni léttar þar sem einnig er spáð að blúndur og blómamynstur verði áberandi. Sjálfsagt á einhverja eftir að reka í rogastans við að heyra að meggings (karlkyns útgáfa af leggings), mónókóní og magabolir er allt saman talið að eiga eftir að sjást með hækkandi sól. Já, þið lásuð rétt: MAGABOLIR!

Þannig að það er kannski bara eins gott að drífa sig í ræktina – svona til öryggis, enda magabolur og lafandi bumba ólíkleg til að vekja mikla lukku.

*roald@frettabladid.is*



Íslenskar konur hafa tekið ástfóstri við leggings og nú geta karlarnir það líka. Meggings frá Emporio Armani.



Calvin Klein sýndi magaboli í vor- og sumarlínu karla 2011. Ótrúlegt en satt þá er þeim spáð vinsældum í sumar.



Blúnduskyrtur og annað dúlleri. Úr vor- og sumarlínu Etro Fashion.



Konur hafa yfirleitt klæðst mónókíni, en sérstök karlaútgáfa var kynnt til sögunnar í vor- og sumarlínu Emporio Armani 2011.






Yves Saint Laurent (1936-2008) var franskur tískuhönnuður og eitt stærsta nafn í tískubransanum á tuttugustu öldinni. Honum er eignaður heiðurinn af smókingdragtinni fyrir konur en hann var einnig fyrsti hönnuðurinn sem notaði fyrirsætur af ólíkum kynþáttum í sýningum sínum. Auk þess vísaði hann í mismunandi menningarkima í verkum sínum.

www.wikipedia.org






## ÚR HÁBORG TÍSKUNNAR
Bergþór Bjarnason skrifar frá París



# Útsölur í óreiðu

Af hverju að gera hlutina einfalda þegar það er hægt að gera þá flókna, mætti segja um undirbúning á vetrarútsölunum í Frakklandi sem hófust í gær með hefðbundnu kapphlaupi þeirra áhugasömustu. Hér í landi er venja að vetrarútsölur hefjist fyrsta miðvikudag eftir áramót. Ákvörðunin er tekin af viðskiptaráðuneytinu í samráði við verslunarmenn og gefin út í reglugerð þar sem upphafsdagur og lengd útsölutímabilsins eru ákveðin. Að þessu sinni voru aðeins tveir virkir dagar eftir áramótahelgina fram að fyrsta miðvikudegi í janúar og því var ákveðið að útsölur ættu að hefjast annan miðvikudag mánaðarins þ.e. í gær sem er nokkuð seint. En þetta er ekki öll sagan.

Í sumum landamærahéruðum landsins fengu kaupmenn sérstakt leyfi til þess að hefja vetrarútsölur viku fyrr, á sama tíma og nágrannarnir til dæmis í Belgíu og Lúxemborg. Þetta var gert til að koma í veg fyrir að óþolinmóðir viðskiptavinir myndu freistast til að fara yfir landamærin til að gera góð kaup. Því fylgdust kaupmenn beggja vegna landamæranna að. Við þetta urðu kaupmenn víða annars staðar heldur ókátir og hægt að segja að í lok liðinnar viku hafi víða verið tómar verslanir með leiðum verslunarmönnum, til dæmis í höfuðborginni.

Svo voru það þeir kaupmenn sem neituðu að játa sig sigraða og kepptust hver um annan þveran við að finna leiðir til að fara í kringum útsölureglurnar með því að bjóða allskyns tilboð og afslátt sem í raun var ekkert annað en dulbúnar útsölur. Stóru verslunarhúsin í París eins og Printemps, Galeries Lafayette og Le Bon Marché búa öll yfir þeim lúxus að hafa sín eigin greiðslukort og geta því klætt útsölurnar í búning tilboða til korthafa og ekkert ólöglegt við það. Tvö hinna fyrrnefndu buðu afslátt á sínum vörum frá miðvikudegi í síðustu viku en hið síðastnefnda á laugardag. Niðurstaðan er sú að vesalings viðskiptavinirnir sem hafa haldið í sér frá því fyrir jól og bíða eftir útsölum með góðum afslætti skilja hvorki upp né niður í þessari óreiðu og vita ekki hvaðan á þá stendur veðrið. Reyndar einkenndust jólainnkaup hér í landi af þó nokkru áhugaleysi almennings, jólin voru stutt og ekki alltaf ferðaveður bæði fyrir og um hátíðar sem ekki hvatti beinlínis til innkaupaferða. Svo eru landsmenn óvenju niðurdregnir og hafa litla trú á að nýtt ár færi þeim betri tíð samkvæmt nýlegum skoðanakönnunum. Allt er þetta bara einfaldlega á franska vísu, à la française!

*bergb75@free.fr*

# Jean Paul Gaulier hannar fyrir La Perla

FRANSKI TÍSKUHÖNNUÐURINN JEAN PAUL GAULTIER ER ÞEKKTUR FYRIR FRUMLEGA HUGSUN ENDA FER HANN ÁVALLT ÓTROÐNAR SLÓÐIR.

Jean Paul Gaultier er skapari hins heimsfræga keilubrjóstahaldara sem Madonna skrýddist á sviði í tónleikaferðalagi sínu Blond Ambition árið 1990. Gaultier hefur nú tekið höndum saman við undirfatafyrirtækið ítalska La Perla.

Hinn litskrúðugi franski hönnuður hefur löngum haft gaman af því að leika sér með kynþokkafullan kvennærfatnað í hönnun sinni og því er hann á heimavelli í þessu verkefni. Fyrir La Perla hannar hann 23 hluta línu. Þar verður að finna ýmsar útgáfur af keilubrjóstahaldaranum.

Línan verður kynnt í verslunum í Bretlandi á mánudaginn. Mikill áhugi er fyrir henni en á vefversluninni Net-a-porter.com eru þegar komnir 150 manns á biðlista. Nærfötin eru ekki ódýr, brjóstahaldarar kosta frá 50 til 160 þúsund krónur og nærbuxur frá 25 upp í 80 þúsund krónur.



Madonna vakti athygli fyrir keilulaga brjóstahaldara eftir Gaultier á tónleikaferðalagi sínu 1990.

# Skart héðan og þaðan úr heiminum

VEFVERSLUNIN WWW.DYNGJA.IS HÓF AÐ SELJA SKART Á NETINU STUTTU FYRIR JÓL.

„Við gerum okkar besta í að fylgja helstu straumum og stefnum í tískuheiminum og reynum að panta mjög ört, eða um leið og við sjáum eitthvað nýtt og spennandi," segir Guðrún Ásdís Sturlaugsdóttir hönnuður hjá Gastu. Hún, ásamt mágkonu sinni, Elísabetu Helgu Erlendsdóttur, setti á stofn vefverslun með skart skömmu fyrir jólin og nefndi hana Dyngju. „Dyngjur voru vistarverur kvenna í elstu gerðum torfbæja og okkur fannst það nafn alveg smella," segir Guðrún brosandi.

Vörurnar í Dyngju eru fluttar inn héðan og þaðan úr heiminum, að sögn þeirra mágkvenna og þær stefna á fleiri vöruflokka en skart þegar tímar líða, til dæmis töskur, sólgleraugu, úr og fylgihluti fyrir karlmenn. Þær segjast leggja metnað í að koma vörunni fljótt til viðskiptavina.

*- gun*






SKÓSPRENGJA



~~ÁÐUR 12.800,-~~
NÚ 6.400,-
Stærðir 38–41




AUSTURSTRÆTI 8-10 • SÍMI 534 0005

# Stella býður í te

**Föt úr síðsumarlínu Stellu McCartney voru kynnt í nokkurs konar teboði á höfðingjasetri í New York. McCartney var trú sjálfri sér í hönnuninni. Einfaldleiki í bland við fortíðarþrá og jarðlitir einkenndu fatnaðinn. Hönnuðurinn þótti einnig vísa í ákveðinn karlmannleika í fötum sínum.**



Kjólar sem ná niður á miðja kálfa verða áberandi á árinu.

Jarðlitir voru einkennandi fyrir síðsumarlínu McCartney.

Kápa sem er algerlega í anda Stellu McCartney; litavalið, sniðið og síddin.

Meðal hápunkta í línunni voru prjónaflíkur sem minntu um margt á fortíðina en höfðu þó yfir sér nútímalegan blæ.


**Frábær vara á góðu verði**

Heilstæðar kremlínur fyrir þig
- Q10 fyrir húð sem er að byrja að eldast
- Lift- fyrir eldri húð
- Margar nýjungar í boði



DeBa

Útsölustaðir: Apótekið, Árbæjarapótek, Lyfjaval, Lyfjaver, Rima Apótek, Reykjavíkur ap., HNLFÍ,

Smáfolk · Me Too · LipFish · H.J.O.R.T.H · Color Kids · eleven

**KONUKVÖLD**
HJÁ KÁTUM KRÖKKUM OG SMÁSKÓM
Í KVÖLD KL. 20–22
30–70% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM VÖRUM
Komdu og skoðaðu úrvalið, við tökum vel á móti þér.



SMÁSKÓR · KÁTIR KRAKKAR
Barnafataverslun | Suðurlandsbraut 52, bláu húsunum Faxafeni | 561 3500

**5.000 KR. DAGAR Í FLASH**



Kjólar ~~áður 16990~~ NÚ 5000

Skokkar ~~áður 14990~~ NÚ 5000

Allar gallabuxur ~~áður 9990~~ NÚ 5000

Gallapils ~~áður 8990~~ NÚ 5000

Toppar ~~áður 9990~~ NÚ 5000

Kápur litlar stærðir ~~áður 19990~~ NÚ 5000

Buxur ~~áður 9990~~ NÚ 5000

Ath takmarkað magn

FLASH
Laugaveg 54, sími: 552 5201

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
MEIRI FRÓÐLEIKUR
Meiri Vísir. vísir.is

BASLER MYBC Parísar TÍZKAN



RÝMINGARSALAN HAFIN
40-70 % afsl.
Skipholt 29b - 5510770

**Hringtreflar**
Ný sending af vinsælu hringtreflunum - mjúkir, hlýir og flottir.
**Verð kr. 2990,-**
Einnig mikið úrval af húfum, treflum, vettlingum, grifflum, hnésokkum og legghlífum.



SKARTHÚSIÐ
LAUGAVEGI 44
SÍMI 562 24 66
Erum á Facebook

**Hefur þú prófað Stafagöngu?**

**Nýtt námskeið hefst 15. janúar**
- Þriðjudagar kl. 17.30-18-30 (úti)
- Fyrsti tíminn: Laugard. 15. jan kl. 9.00-11.00 (inni og úti)

Hentar öllum á aldrinum 9-99 ára!
Ótakmarkað súrefni í boði!
4 vikur, 1x í viku

**Þjálfari Judit Rán Esztergál**

Verð kr. 6.500



HEILSUBORG
Þegar þú vilt fá það besta út úr lífinu!
Faxafeni 14 www.heilsuborg.is

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
MEIRI ÍÞRÓTTIR
vísir.is

# hm í svíþjóð

FIMMTUDAGUR 13. JANÚAR 2011




FRÉTTABLAÐIÐ

Arion banki
VÍS
ICELANDAIR
WWW.ICELANDAIR.IS
vodafone



**Sigurður Elvar Þórólfsson, íþróttafréttastjóri 365 miðla skrifar:**

# Ísland á HM í 16. sinn – ótrúlegt en satt

Heimsmeistaramótið í handknattleik karla hefst í dag í Svíþjóð og er þetta 22. mótið frá upphafi. Ísland er á meðal þeirra 24 þjóða sem keppa um titilinn en það eru Frakkar sem hafa titil að verja.

Það er ótrúlegt en satt að Ísland er að taka þátt í 16. sinn í lokakeppni heimsmeistaramótsins og frá árinu 1958 þegar Ísland keppti í fyrsta sinn á HM í Danmörku hefur Íslandi aðeins fjórum sinnum mistekist að komast í lokakeppnina, 1967, 1982, 1999 og 2009.

Aðeins Svíar (20), Þjóðverjar (19), Danir (18), Frakkar (17) og Ungverjar (16) hafa tekið þátt oftar en Íslendingar og Spánverjar. Ísland hefur því sett mark sitt á HM með eftirminnilegum hætti en besti árangur liðsins á HM er 5. sætið í Japan árið 1997.

Guðmundur Guðmundsson, þjálfari íslenska landsliðsins, hefur náð frábærum árangri með liðið á síðustu tveimur stórmótum. Silfur á Ólympíuleikunum í Peking 2008 og brons á Evrópumeistaramótinu í Austurríki 2010. Liðið hefur ekki breyst mikið á þessum tíma og margir eiga sér þá ósk að Ísland geri atlögu að gullverðlaunum á HM.



Guðmundur hefur að venju haldið væntingastuðlinum niðri og er það skynsamlegt í ljósi þess að flest önnur stórlið Evrópu hafa sett stefnuna á eitt af sjö efstu sætunum á HM. Heimsmeistararnir tryggja sér keppnisrétt á Ólympíuleikunum í London árið 2012 og liðin í sætum 2 til 7 fá tækifæri til þess að komast á ÓL með því að leika í umspilsriðlum sem fram fara í apríl 2012.

Íþróttafréttamenn 365 miðla verða með puttann á púlsinum á meðan HM stendur yfir. Þar ber hæst að 30 beinar útsendingar verða frá leikjum keppninnar á Stöð 2 sport. Kafað verður enn dýpra í HM-umfjöllunina í þáttum Þorsteins J., Fréttablaðinu, á Bylgjunni og X-inu. Ekki má gleyma HM-vefnum á visir.is en þar verður gríðarlegt safn af fréttum og myndböndum frá HM. Það ætti því enginn að missa af þessu stórkostlega móti.

Góða skemmtun – og áfram Ísland.

**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000
**Ábyrgðarmaður:** Sigurður Elvar Þórólfsson, seth@365.is
**Umsjónarmaður auglýsinga:** Hlynur Þór Steingrímsson s. 512 5439









Guðmundur Guðmundsson fer með íslenska landsliðið á stórmót í sjöunda sinn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Varnarleikurinn varð til í Peking og er enn í þróun

**Guðmundur Guðmundsson er í annað sinn á HM sem þjálfari. Hann er ánægður með ástandið á liðinu. Þjálfarinn tók áhættu á ÓL í Peking með nýjum áherslum í varnarleiknum. Hann er ekki í vafa um að vörnin hafi skilað Íslendingum á verðlaunapall á síðustu tveimur stórmótum.**

Guðmundur Guðmundsson, þjálfari íslenska landsliðsins í handknattleik, stjórnar í annað sinn á ferlinum liðinu í lokakeppni heimsmeistaramótsins. Guðmundur var þjálfari liðsins í Portúgal í janúar árið 2003 þar sem liðið endaði í 7. sæti – en liðið var hársbreidd frá því að komast í undanúrslit eftir naumt tap gegn Spánverjum í lokaleiknum í milliriðli.

Árangur liðsins á HM 2003 undir stjórn Guðmundar er enn sem komið er sá þriðji besti frá upphafi en Ísland endaði í 5. sæti á HM í Japan árið 1997 og í 6. sæti árið 1961.

## HELDUR VÆNTINGUNUM NIÐRI

Þegar ég settist niður með Guðmundi eftir æfingu liðsins síðastliðinn mánudag var alveg ljóst að þjálfarinn myndi ekki fara á flug og tala um verðlaun eða eitthvað slíkt – þrátt fyrir þá staðreynd að Ísland hefur fengið silfur og bronsverðlaun á síðustu tveimur stórmótum. Guðmundur er afar klókur að halda „væntingastuðlinum“ niðri og hann missir aldrei sjónar á því að aðeins mikil vinna og góður undirbúningur skila árangri. Tveir öruggir sigrar gegn Þjóðverjum um liðna helgi voru engin stórtíðindi fyrir landsliðsþjálfarann. „Það er vissulega betra að fara á HM með þessa sigra með okkur en þetta gefur okkur ekkert þegar út í alvöruna er komið. Við erum þeir síðustu sem förum á flug fyrir svona mót. Það gengur bara vel að halda okkur við þau markmið sem við setjum okkur þrátt fyrir að við höfum unnið til verðlauna á síðustu tveimur stórmótum. Það getur vel verið að margir séu þreyttir á þeirri klisju að við ætlum að taka einn leik fyrir í einu. Það er bara staðreyndin sem við erum að vinna eftir. Lengra hugsum við ekki. Annað er ekki hægt. Mótið sem við erum að fara í er erfitt og langt. Fyrsta hindrunin er þessi riðill og allt annað er aukaatriði. “

## ALLTAF SPENNA Í LOFTINU

Guðmundur hefur mikla reynslu af HM sem leikmaður en hann tók þátt í þremur B-keppnum og tveimur „alvöru“, HM í Sviss árið 1986 þegar Ísland hafnaði í 6. sæti og í Tékkóslóvakíu árið 1990.

„Ég man þetta nú alveg ágætlega allt saman þrátt fyrir að stórmótin séu mörg hjá mér sem leikmaður og þjálfari. Það er alltaf spenna sem fylgir því að fara á stórmót, bæði sem leikmaður og þjálfari.“

## HUGSUM EKKI LANGT FRAM Í TÍMANN

Eins og svo oft áður eru væntingarnar miklar hjá Íslendingum fyrir stórmót í handbolta og Guðmundur segir að það sé bara hluti af öllu ferlinu. Það sé gaman að íslenska þjóðin fylgist með og taki þátt fyrir framan sjónvarpstækin. „Við erum ekki að hugsa mjög langt fram í tímann fyrir svona mót. Svo einfalt er það nú. Leikurinn gegn Ungverjum á föstudaginn er fyrsta verkefnið og það er engin leið til þess að gera þetta öðruvísi. Við erum ekki farnir að horfa á ÓL 2012 eða eitthvað slíkt.“

## ER ALLTAF AÐ LÆRA

Guðmundur þjálfar Rhein-Neckar Löwen í þýsku deildinni og hann hugsaði sig aðeins um þegar ég spurði hann hvort hann væri með öðruvísi áherslur í undirbúningi liðsins núna þar sem hann veit hve mikið álag fylgir því að vera leikmaður í efstu deild í Þýskalandi. Þar fyrir utan eru þrír leikmenn Íslands leikmenn RN Löwen, Ólafur Stefánsson, Guðjón Valur Sigurðsson og Róbert Gunnarsson. „Já og nei. Það hjálpar mér að vera aktívur þjálfari og ég er að vinna við þetta alla daga. Það hlýtur að skila sér í aukinni færni. Hins vegar veit ég ekki hvort ég komi fram við liðið með öðrum hætti eða taki á ýmsum hlutum öðruvísi en áður. Maður er alltaf að læra og það er jákvætt.“

## TILRAUNASTARF Í PEKING

Íslenska liðið hefur á undanförnum árum ávallt skipt út tveimur sóknarmönnum fyrir varnarmennina Sverre Jakobsson og Ingimund Ingimundarson í hvert sinn sem Ísland leikur vörn. Guðmundur segir að andstæðingar Íslands reyni ýmislegt til þess að ná yfirburðum í þeim tilvikum en það hafi ekki reynst erfið hindrun fyrir íslenska liðið. „Mér finnst ekki að mótherjar okkar séu búnir að lesa leik okkar þrátt fyrir að við séum ávallt með svipaðar áherslur.“

Varnarleikur íslenska liðsins ásamt markvörslu lagði grunninn að árangri Íslands á ÓL í Peking árið 2008 og á EM í janúar 2009 í Austurríki var varnarleikurinn lengi í gang en það hafðist að lokum. Silfur á Ól og brons á EM er ágætis uppskera.

„Vörnin varð til í Peking og við náðum fínum tökum á vörninni þegar á leið Evrópukeppnina. Við höfum að undanförnu lagt mikla vinnu í að skilgreina ýmislegt í varnarleiknum og hvernig við ætlum að bregðast við ýmsum aðstæðum. Í Peking vissum við ekki alveg hvert þessi varnarleikur myndi leiða okkur og núna erum við með vörn og varnartaktík sem hefur verið fínstillt eftir tveggja ára vinnu. Þegar við fórum á ÓL í Peking þá tókum við sénsinn á að þetta myndi virka og sem betur fer virkaði vörnin því við hefðum aldrei farið svona langt á ÓL eða EM án þess að spila svona varnarleik. Í sóknarleiknum erum við með nokkur ný atriði og áherslur en það eru engar byltingar. Við bregðumst aðeins öðruvísi við þegar við erum manni færri og þar erum við með tvær nýjar leikaðferðir. Annars erum við að nota sömu hluti og áður – sem hafa virkað vel,“ sagði Guðmundur og brosti þegar ég spurði hvort það vantaði ekki einn verðlaunapening í safnið. Og það kom ekkert svar.

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 53042 01/11



# Gott að spila einn leik í einu

● segir Þorsteinn J. sem fjallar um HM ásamt gestum sínum

*Handboltalandsliðið verður skoðað frá öllum hliðum bæði fyrir og eftir leik í HM þáttum Þorsteins J. Vilhjálmssonar á Stöð 2 sport. Handboltasérfræðingar þáttarins verða að sjálfsögðu áberandi í þessari umræðu en hvernig verður þátturinn byggður upp Þorsteinn J. og gestirnir valdir?*

„Það má kannski segja að þessi HM umfjöllun sé fjórir hálfleikir, ef við teljum leikinn sjálfan með,“ segir Þorsteinn. „Við hefjum umfjöllun klukkutíma fyrir leiki Íslands og höldum svo áfram í klukkutíma eftir að leik lýkur. Það sem skiptir miklu máli er að gefa sérfræðingunum góðan tíma til að greina leikina: styrkleika/veikleika, hvað gekk vel, og hvað gekk ekki eins vel. Mér finnst skipta máli að gagnrýnin sé uppbyggileg. Það hefur oft gerst í gegnum tíðina að þjóðin gefst upp jafnvel þótt aðeins einn eða tveir leikir séu búnir af mótinu. Reynslan undanfarin tvö ár hefur, og ætti að hafa, kennt okkur annað! Við erum með gott lið, á heimsmælikvarða og allt það, en það er góð regla að spila bara einn leik í einu.“

*- Hverjir verða sérfræðingarnir í þættinum?*

„Þegar kemur að handbolta er næstum öll þjóðin sérfræðingar í íþróttinni! Það er frábært, en um leið er gott að þrengja hópinn aðeins, og það verða fjórir sérfræðingar í aðalhlutverki í þáttunum: Geir Sveinsson, Guðjón Guðmundsson, Hafrún Kristjánsdóttir og Logi Geirsson. Þetta er þrusu lið verð ég að segja, með áratuga reynslu af því að spila og fylgjast með leiknum. Mikil synd fyrir íslenska landsliðið að Logi skuli vera meiddur, en um leið er það gríðarlegur styrkur fyrir okkur í þættinum.“

*- Er þetta tímamótaumfjöllun þegar kemur að því að fjalla um íslenska handboltalandsliðið og HM í handbolta?*

„Það er nú ekki gott að segja, það er margt gott og eftirminnilegt úr handboltasögu fjölmiðla, en nú er þetta bara nýtt mót. Styrkurinn er sá að við höfum sérstaka íþróttarás til að fjalla um mótið, nægan tíma í dagskránni, og svo verður mótið ekki síður áberandi á vísi.is og í fréttatíma Stöðvar 2. Þar verður hægt að sjá brot úr umfjöllun, viðtöl og annað slíkt sem bætir miklu við það sem er í þættinum. Þannig að það sem mér finnst forvitnilegt er að gera þessu mjög ítarleg skil, að áhorfandinn segi að leik loknum og þegar umfjöllun dagsins er lokið: Þetta var harla gott. Ég horfi pottþétt aftur á morgun. Því oft er það þannig með íþróttakappleiki, að það er ekki bara leikurinn sjálfur sem er heitasta efnið, umræður í kringum hann, fyrir og eftir, endursýnd atriði í „slow motion“ með viðeigandi tónlist. Þetta er hluti af kræsingunum.“



HM-myndverið Þorsteinn J. Vilhjálmsson verður með ítarlega umfjöllun fyrir og eftir leik á meðan HM fer fram. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## HEIMSMEISTARAMÓTIÐ Í HANDBOLTA 2011



**Nicola Karabatic**
Leikmaður heims-Evrópu- og Ólympíumeistaraliðs Frakka.

| A Kristianstad, Lundur | B Norrköping, Linköping | C Malmö, Lundur | D Gautaborg |
|---|---|---|---|
| Barein | Austurríki | Alsír | Argentína |
| Egyptaland | Brasilía | Ástralía | Síle |
| Frakkland | Ungverjaland | Króatía | Pólland |
| Þýskaland | Ísland | Danmörk | Slóvakía |
| Spánn | Japan | Rúmenía | Suður Kórea |
| Túnis | Noregur | Serbía | Svíþjóð |

**A**

| Dagur | Tími | Leikur | |
|---|---|---|---|
| 14. jan | 17.00 | FRA-TÚN | |
| | 17.15 | ÞÝS-EGY | |
| | 19.15 | SPÁ-BAR | |
| 16. jan | 15.15 | BAR-ÞÝS | |
| | 16.30 | TÚN-SPÁ | 2 SPORT |
| | 17.45 | EGY-FRA | |
| 17. jan | 17.30 | SPÁ-ÞÝS | 2 SPORT |
| | 19.30 | FRA-BAR | |
| | 19.45 | TÚN-EGY | |
| 19. jan | 17.00 | BAR-TÚN | |
| | 17.15 | ÞÝS-FRA | 2 SPORT |
| | 19.30 | SPÁ-EGY | 2 SPORT |
| 20. jan | 17.00 | EGY-BAR | |
| | 17.30 | ÞÝS-TÚN | |
| | 19.45 | FRA-SPÁ | |

**B**

| Dagur | Tími | Leikur | |
|---|---|---|---|
| 14. jan | 16.00 | ÍSL-NOR | 2 SPORT |
| | 18.10 | NOR-JAP | 2 SPORT |
| | 20.30 | AUT-BRA | |
| 15. jan | 15.30 | UNG-NOR | 2 SPORT |
| | 17.45 | JAP-AUT | |
| | 20.00 | BRA-ÍSL | 2 SPORT |
| 17. jan | 16.00 | UNG-BRA | |
| | 18.10 | NOR-AUT | |
| | 20.30 | ÍSL-JAP | 2 SPORT |
| 18. jan | 16.00 | JAP-UNG | |
| | 18.10 | NOR-BRA | |
| | 20.30 | AUT-ÍSL | 2 SPORT |
| 20. jan | 16.00 | BRA-JAP | |
| | 18.10 | ÍSL-NOR | 2 SPORT |
| | 20.30 | AUT-UNG | 2 SPORT |

**C**

| Dagur | Tími | Leikur |
|---|---|---|
| 14. jan | 17.00 | KRÓ-RÚM |
| | 19.15 | DAN-ÁST |
| | 19.45 | SER-ALS |
| 16. jan | 17.00 | ÁST-SER |
| | 19.00 | ALS-KRÓ |
| | 19.15 | RÚM-DAN |
| 17. jan | 17.00 | KRÓ-ÁST |
| | 17.00 | RÚM-ALS |
| | 19.15 | DAN-SER |
| 19. jan | 17.00 | SER-KRÓ |
| | 19.15 | DAN-ALS |
| | 19.30 | ÁST-RÚM |
| 20. jan | 17.00 | ALS-ÁST |
| | 19.15 | KRÓ-DAN |
| | 19.30 | SER-RÚM |

**D**

| Dagur | Tími | Leikur | |
|---|---|---|---|
| 13. | 19.15 | SVÍ-SÍL | 2 SPORT |
| 14. jan | 17.15 | KÓR-ARG | |
| | 19.15 | PÓL-SVK | |
| 15. jan | 15.15 | SÓL-KÓR | |
| | 17.15 | SVK-SVÍ | |
| | 19.15 | ARG-PÓL | |
| 17. jan | 15.15 | SVK-ARG | |
| | 17.15 | PÓL-SÍL | |
| | 19.15 | SVÍ-KÓR | |
| 18. jan | 15.15 | SÍL-SVK | |
| | 17.15 | KÓR-PÓL | |
| | 19.15 | SVÍ-ARG | |
| 20. jan | 15.15 | KÓR-SVK | |
| | 17.15 | ARG-SÍL | |
| | 19.15 | PÓL-SVÍ | |

**Þrjú efstu liðin úr hverjum riðli komast í milliriðil.**

| Riðill 1 | | Jönköping | | Riðill 2 | | Malmö, Lundur | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 22. jan | A2-B3 | A3-B1 | A1-B2 | 22. jan | C2-D3 | C3-D1 | C1-D2 |
| 24. jan | B1-A2 | B3-A1 | B2-A3 | 23. jan | D1-C2 | D3-C1 | D2-C3 |
| 25. jan | A3-B3 | A2-B2 | A1-B1 | 25. jan | C3-D3 | C2-D2 | C1-D1 |

| | | | |
|---|---|---|---|
| 28. jan | Kristianstad, Malmö | Undanúrslit | |
| 30. jan | Malmö | Bronsleikur 13.30 | ÚRSLIT 16.00 |

Heimild: World Handball Championships Mynd: Getty images © GRAPHIC NEWS

HLEÐSLA ÍÞRÓTTADRYKKUR | 100% HÁGÆÐA MYSUPRÓTEIN

VINSÆLASTI PRÓTEINDRYKKUR LANDSINS!

NÚ EINNIG FÁANLEGUR Í FERNU




HLEÐSLA ER KJÖRIN FYRIR ALLA ÞÁ SEM TREYSTA Á HOLLA OG UPPBYGGILEGA NÆRINGU EFTIR GÓÐA ÆFINGU, LANGT HLAUP EÐA MILLI MÁLA. ÞAÐ ER ENGIN TILVILJUN AÐ HLEÐSLA ER VINSÆLASTI PRÓTEINDRYKKUR Á ÍSLANDI.* HENTAR VEL FÓLKI MEÐ MJÓLKURSYKURSÓÞOL.

MJÓLKURSAMSALAN WWW.MS.IS

*SAMKVÆMT SÖLUTÖLUM ACNIELSEN OG CAPACENT. 18. JÚLÍ – 15. ÁGÚST 2010.

# verkfæri

























Lincoln Electric rafsuðuvél



Verð með vsk.
129.900
51K14005-1
Powertec 161 amp mig/mag
Eins fasa
15 kg rúlla
Án byssu

Atlas Copco loftpressa



Verð með vsk.
94.500
CP6250363105
Tveggja hausa stimpilloftpressa
Öxultengd í rafmótor 3 hö.
Afkastar 5,7 l/sek
Stendur á 24 l kút

Sjálfstillandi línu-laser



Verð með vsk.
49.900
DW087K
Línu-laser (Pendúll)
Gefur lárétta og lóðrétta línu
Nákvæmni: +/- 0,3 mm/m
Segull til að festa laser
Rafhlöður 3 x AA (fylgja)
Veggfesting og taska

Dewalt veltisög



Verð með vsk.
119.900
DW743
Veltisög með 2000 W mótor
Blaðstærð 250 mm
Gráður (h/v) 45/45°
Halli 45°
Þyngd 37 kg

PIPAR\TBWA • SÍA • 110077

Vandaðar skurðar- & slípiskífur
Skurðarskífa 125 x 1 mm
Verð með vsk.
99 kr.



Verslanir
www.sindri.is / sími 575 0000
SINDRI
Viðarhöfða 6 - Reykjavík / Bæjarhrauni 12 - Hafnarfirði



Starfsmenn Sindra taka vel á móti viðskiptavinum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Góð þjónusta í fyrirrúmi

**Sindri er eitt þeirra fyrirtækja sem koma fyrst upp í huga iðnaðarmanna þegar minnst er á rafmagnsverkfæri enda á fyrirtækið langa sögu.**

Sindri býður upp á fjölbreytt vöruúrval heimsþekktra vörumerkja og er DeWALT þar líklega einna þekktast.

Áhersla Sindra er á fjögur mismunandi svið: verslunarsvið, véladeild, verkstæði og byggingardeild. Hér verður farið nánar yfir starfsemina.

### SAGAN

Fyrirtækið Sindri er stofnað árið 1949 og er því orðið eitt af rótgrónari fyrirtækjum hér landi, sérstaklega á sviði sölu og þjónustu til iðnaðarmanna. Lengi framan af var stálsmíði aðalviðfangsefni starfsmannanna en hlutverk Sindra hefur breyst í tímans rás og nú er aðaláhersla lögð á virðisaukandi sölu og þjónustu til viðskiptavina. Meðal vöruflokka sem fyrirtækið býður upp á má nefna rafmagns- og handverkfæri, loftpressur, rafsuðuvörur ásamt margs konar byggingalausnum og viðgerðar- og uppsetningarþjónustu tengdum fyrrgreindum lausnum.

### VERKSTÆÐIÐ

Kjörorð Sindra er „Þjónusta í þína þágu" enda er framúrskarandi þjónusta aðalsmerki hvort sem viðskiptavinurinn er að kaupa ný verkfæri, varahluti í þau eldri eða sækja eftir viðgerðarþjónustu. Fimm stjörnu verkstæði Sindra er gott dæmi um hvernig til hefur tekist. Þar er leitast við að útvega varahluti með stuttum fyrirvara og lágmarka alla bið eftir viðgerðum sem meðal annars er gert með öflugum varahlutalager á staðnum. Einnig er boðið upp á lánsverkfæri þegar hægt er að koma því við.





Verslun Sindra að Viðarhöfða 6.

### VERSLANIR

Sindri rekur tvær verslanir: að Viðarhöfða 6 í Reykjavík og að Bæjarhrauni 12 Hafnarfirði. Í báðum verslununum er mikið úrval af þeim vöruflokkum sem Sindri sérhæfir sig í. Má þar nefna rafmagnsverkfæri frá DeWALTt, allt frá borvélum upp í stórar sagir og alla þá fylgihluti sem við eiga. Einnig er þar mikið úrval rafsuðuvara frá Lincoln Electric, svo sem rafsuðuvír, vélar og annar búnaður sem þarf til rafsuðu.

Ekki má gleyma handverkfærunum frá Toptul sem slegið hafa í gegn hjá viðskiptavinum síðustu mánuði og þá má einnig nefna hinar vönduðu pípulagningavörur frá Ridgid. Jafnframt býður Sindri upp á mikið úrval af festingaefni, múrboltum, pallaskrúfum og boltum í öllum stærðum.

### VÉLADEILD

Í Véladeild Sindra fást loftpressur frá Atlas Copco af öllum stærðum og gerðum, allt frá litlum bílskúrsloftpressum upp í stórar pressur fyrir iðnað. Sindri starfrækir einnig öflugt þjónustuverkstæði fyrir loftpressur þar sem viðgerðarmenn sinna reglubundu eftirliti á öllum stærðum loftpressa ásamt viðgerðum. Véladeildin er einnig með mikið úrval af sandblástursvörum, svo sem sand, fatnað, spíssa, klefa og annað sem til þarf þegar sandblástur er annars vegar.

Loftverkfæri fyrir iðnað er svo önnur gerð verkfæra sem Sindri hefur upp á að bjóða í samvinnu við Atlas Copco & Power Tools.

### BYGGINGARDEILD

Álklæðningar frá DWall á Ítalíu og Alcoa í Frakklandi eru meðal þess sem Sindri hefur á boðstólum, ásamt undirbyggingarkerfum, skrúfum og öðru sem notað er við álklæðningar á byggingum. Þá hefur Sindri getið sér gott orð fyrir áreiðanlegar iðnaðarhurðir og hleðslulyftur sem koma frá Loading Systems.

Hliðslár, vöruhúsakerfi, flóttastigar, hurðir, svalir og handrið eru einnig dæmi um búnað sem Sindri býður upp á.

Verslanir Sindra opna klukkan 8 alla daga vikunnar og eru opnar til klukkan 18 að Viðarhöfða 6 og til klukkan 17 að Bæjarhrauni 12. Starfsmenn þar hvetja fólk til að koma í heimsókn og skoða fjölbreytt úrval vandaðra vara á samkeppnishæfu verði. Alltaf er heitt á könnunni.

**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000
**Umsjónarmaður auglýsinga:** Benedikt Freyr Jónsson s. 512 5411

# Öflugir vinnuþjarkar

**Í 51 ár hefur DeWalt stimplað sig inn sem framleiðandi alvöru verkfæra fyrir iðnaðarmenn, en ævintýrið byrjaði með framúrskarandi bútsög sem gaf orðspor og fyrirheit um sterk, öflug, nákvæm og áreiðanleg verkfæri.**


Hákon Ingi Jörundsson húsasmíðameistari í versluninni Sindra segir DeWalt borvélarnar vera fjölnota vinnuþjarka sem bæði bora, skrúfa, saga og festa. Þær séu fyrst og fremst atvinnumannavélar en undanfarin ár hafa þær orðið valkostur æ fleiri áhugamanna sem kjósa að kaupa sér betri vélar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„DeWalt verkfæri eru efst á blaði fagfólks um allan heim, enda stöðug vöruþróun í gangi og mikil vinna sem liggur á bak við hvern hlut,“ segir Hákon Ingi Jörundsson, sölumaður hjá Sindra. Meðal heitustu nýjunga DeWalt nú eru 10,8 volta borvélar sem koma í þremur útfærslum: borvél, hersluvél og lítilli skrúfvél. Reyndar njóta þær svo mikilla vinsælda að DeWalt hefur ekki undan að framleiða til söluaðila sinna.

„10,8 volta línan er létt en öflug og frábær fyrir rafvirkja og smiði í innivinnu, þótt vélarnar hafi líka getu í ótrúlegustu hluti á öðrum sviðum. Mikið hugvit er lagt í að gera borvélarnar sem notendavænstar og skiptir engu hvort notandinn er með netta hönd eða krumlu, þá fer hún vel í hendi,“ segir Hákon um vélarnar sem eru allar fisléttar, en borvélin vegur aðeins 1,1 kíló.

„Samt er hún það öflug að á einni hleðslu er hægt að skrúfa 340 tréskrúfur sem eru 4,5x50 á lengdina,“ segir Hákon. „Í 10,8 volta línunni er einnig svokölluð hersluvél sem er örlítið léttari en borvélin og gefur 107 Nm átak, en sú mælieining segir til um hversu mikið er hægt að herða. Í samanburði er ein af mest seldu borvélum DeWalt 18 volta, 2,6 kíló og 52 Nm, en sú léttari nær þessum yfirburðum með höggi sem slær á skrúfuna um leið og hún skrúfar, og með því næst meiri hersla,“ segir Hákon.

Í borvélinni er ljós neðan við patrónuna sem hentar vel þegar unnið er í töflum og skápum, en í hersluvélinni eru komin þrjú ljós sem útiloka skugga. Hákon, sem einnig er smiður, sá strax kostina.

„Þetta er langþráður ljósgjafi við að setja saman skápa og innréttingar, og ekki síst til verka í myrkvuðum hornskápum því vélin gefur mikla lýsingu.“

Þriðja borvélin úr 10,8 volta línu DeWalt er nett skrúfvél, nánast sérsniðin fyrir rafvirkja, en hún tekur bita beint í vélina og notast ekki við patrónu sem þarf að herða. „Sú vél gefur aðeins 8 Nm átak, en það afl hentar rafvirkjum vel. Hún vegur aðeins 960 grömm og er frábær til skrúfuvinnu í töflukössum,“ segir Hákon.

Borvélarnar eru allar seldar í töskum með tveimur rafhlöðum og hleðslutæki, en einnig er hægt að fá hersluvélina og þá litlu í mjúkri tösku, eða hersluvélina og borvélina saman.

„Með vorinu bjóðum við svo DeWalt hitamæli með skjá og leysipunkti sem brjóta mun blað í vinnu rafvirkja í leit að ónýtum öryggjum og myndavél með ljósi og eins metra löngum barka sem nota má til að skoða þröng og dimma staði.“

# Toppgæði á frábæru verði

„Frá því við hófum að selja Toptul fyrir tveimur árum hefur sala handverkfæra margfaldast, enda hágæða verkfæri á frábæru verði,“ segir Þórður Kristinsson verslunarstjóri um taívönsku handverkfærin Toptul sem Sindri flytur inn beint frá verksmiðju í Taívan.


Þórður Kristinsson, verslunarstjóri hjá Sindra. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Hingað til höfum við verið að kaupa handverkfæri í gegnum bandaríska og evrópska birgja, á mun dýrara verði, en með þessum hætti náum við að bjóða verkfærin allt að 60 prósent ódýrara en önnur af sambærilegum gæðum,“ segir Þórður.

Framleiðandi Toptul hefur í tímans rás framleitt verkfæri fyrir mörg af þekktustu merkjum Evrópu en nú slegið í gegn með sína eigin handverkfæralínu.

„Toptul býður lífstíðarábyrgð á öllum toppum og föstum lyklum, svo brotni eitthvað koma menn bara og skipta. Það gefur góð fyrirheit um gæðin, en handverkfæri Toptul eru 1,6 sinnum yfir DIN- og ANSI-viðmiðunarstöðlum,“ segir Þórður og víst er að viðtökurnar hafa verið stórkostlegar.


Toptul-handverkfæri eru falleg, sterk og eiguleg.

„Toptul hentar jafnt fagmönnum sem hobbíkörlum, en í línunni eru fastir lyklar, topplyklasett, verkfærasett, tangir, skrúfjárn, slaghamrar og fleira. Með vorinu hefjum við einnig sölu á loftverkfærum Toptul. Framleiðandinn er duglegur að koma fram með vel þegnar nýjungar eins og framlengingu með LED-ljósi sem lýsir í gegnum toppinn og nýtist frábærlega þegar unnið er undir bílum eða í öðrum skúmaskotum og sést illa til viðgerða,“ segir Þórður og bætir við að landsmenn hafi tekið ljósunum fegins hendi.

„Með hækkandi sól koma svo skemmtilegar nýjungar í verkfæraskápa á hjólum, sem gefur þeim meira rými og notagildi. Þeir seldust upp hjá okkur fyrir jólin, sem og topplyklasettin, enda vinsælar gjafir til eigin manna og stráka sem vilja eiga sitt eigið topplyklasett í skottinu og gera við sjálfir, en er einnig mjög eigulegt í bílskúrinn til ýmiss heimadunderus.“


## Öflug 10,8v skrúfvél



Verð með vsk.
**39.900**
DCF610S2
Nett og létt með stillanlegri herslu
Þrjú innbyggð LED ljós
Rafhlöður: 2 x 10,8v 1,3 Ah Li-lon
Hersla 8 NM
Bithaldari 6,35 HEX
Hleðslutími: 40 mín
Þyngd 960 g

## Bor- & hersluvél



Verð með vsk.
**64.900**
DCK211S2
Nettar og léttar 10,8V vélar
Borvél: 1 LED-ljós, 25 Nm hersla, 10 mm patróna
Hersluvél: 3 LED-ljós, 107 Nm hersla, 6,35 HEX bitahaldari
Rafhlöður: 2 x 10,8v 1,3 Ah Li-lon, hleðslutími 40 mín

## Skrúfjárna- og bitasett



Verð með vsk.
**11.900**
IBTGAAI5801
58 stk. skrúfjárna- og bitasett
Sterk plasttaska

## Fastir lyklar, 12 stk.



Verð með vsk.
**4.900**
IBTGAAE1211
Stærðir 6–19 mm
Lífstíðarábyrgð

## 7 stk. skralllyklasett



Verð með vsk.
**9.900**
IBTGAAM0708
Stærðir 10–9 mm

Verslanir
www.sindri.is / sími 575 0000
SINDRI
Viðarhöfða 6 - Reykjavík / Bæjarhrauni 12 - Hafnarfirði

PIPAR\TBWA • SÍA • 110077

JONNESWAY
Verkfæri















Stilling

# Standast ströngustu kröfur

**Stilling ehf. er með til sölu gott úrval verkfæra frá fyrirtækinu JONNESWAY® en það hefur getið sér góðs orðstírs um allan heim.**

Hjá Stillingu ehf. býðst viðskiptavinum úrval af öllum helstu vara- og aukahlutum í bíla frá heimsþekktum framleiðendum og birgjum í Ameríku, Evrópu og Asíu. Þar á meðal verkfæri frá JONNESWAY® sem Stilling tók í sölu fyrir nokkrum árum og hlotið hafa góðar undirtektir hérlendis að sögn framkvæmdastjórans Júlíusar Bjarnasonar.

„Landsmenn hafa tekið þessu framtaki alveg einstaklega vel, sem sést af því hve mikið hefur selst af verkfærunum síðustu fjögur til fimm árin. Ekki að ástæðulausu enda eru þau bæði vönduð og á einstaklega góðu verði, yfirleitt helmingi ódýrari en gengur og gerist á markaðnum hér heima,“ útskýrir Júlíus.

JONNESWAY® er með höfuðstöðvar í Taívan en er vel þekkt innan bílaiðnaðarins enda með 4.000 umboðsaðila um allan heim.



Gott úrval verkfæra frá JONNESWAY® er að finna í verslunum Stillingar um land allt.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Fimm ára ábyrgð er á öllum verkfærum frá JONNESWAY®.

Fyrirtækið hefur áratuga reynslu af hönnun, vöruþróun og framleiðslu hand- og loftverkfæra fyrir bílaiðnaðinn og hefur hlotið ýmsar viðurkenningar fyrir vandaða framleiðslu. Nýverið var JONNESWAY® til að mynda valið eitt besta vörumerkið í heimalandi sínu Taívan, en það segir enn og aftur til um þá ströngu gæðukröfur sem framleiðsla fyrirtæksins uppfyllir að mati Júlíusar.

„Við hjá Stillingu höfum fimmtíu ára reynslu af bílaiðnaðinum og tökum ekki í sölu hvaða merki sem er. Við ákváðum því að taka nokkrar vörutegundir frá JONNESWAY® fyrir fimm árum til að sjá hver viðbrögðin yrðu og vorum svo ánægð að við höfum átt í viðskiptum við fyrirtækið síðan.“ Að hans sögn er nú hægt að nálgast hjá Stillingu mikið úrval af verkfærum frá JONNESWAY®, allt frá smæstu skrúfjárnum upp í stærstu sleggjur fyrir leikmenn jafnt sem fagaðila. „Viðskiptavinurinn á því ekki að þurfa að leita lengra en til okkar.“

Júlíus getur þess að fimm ára ábyrgð sé á öllum verkfærum frá JONNESWAY®. „Við höfum þegar verið með verkfæri frá þeim í fimm ár og hingað til hefur enginn komið og skilað vöru vegna galla,“ segir hann og bendir á að nánari upplýsingar megi nálgast í öllum sex verslunum Stillingar, á heimasíðu Stillingar, www.stilling.is eða með því að hringja í síma 520 8000.

# Byggir á gömlum grunni

Stilling ehf. er elsta varahlutafyrirtæki landsins, stofnað árið 1960 og hefur verið í eigu sömu fjölskyldunnar frá upphafi. „Fyrirtækið var upphaflega stofnað sem hemlaverkstæði fyrir meira en hálfri öld en þróaðist yfir í innflutningsfyrirtæki á varahlutum frá Bandaríkjunum og er nú alhliða varahlutafyrirtæki fyrir bílaiðnaðinn,“ segir Júlíus Bjarnason, framkvæmdastjóri Stillingar.

Júlíus er sonur Bjarna Ingimars Júlíussonar, eins af upphaflegum stofnendum Stillingar, og er því vel að sér í sögu fyrirtækisinns. „Já, ég hef verið viðloðandi það í fjölmörg ár, byrjaði fyrst að sendast í kringum tíu ára aldur og tók síðan við rekstrinum á tíunda áratugnum ásamt Stefáni Ingimar Bjarnasyni,“ segir hann.



Hjá Stillingu starfar samhentur hópur starfsfólks með viðamikla þekkingu á verkfærum fyrir bílaiðnaðinn. Frá vinstri: Leifur Benediktsson og Ásgrímur Pálsson.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hann getur þess að gaman hafa verið að fylgjast með fyrirtækinu vaxa og dafna á síðustu árum, en það rekur samtals sex verslanir: í Skeifunni og á Bíldshöfða í Reykjavík, við Smiðjuveg í Kópavogi, í Dalshrauni í Hafnarfirði, við Draupnisgötu á Akureyri og Eyrarveg á Selfossi. Auk þess heldur það úti heimasíðu, stilling.is og vefverslun, partanet.is þar sem notendur geta meðal annars slegið inn bílnúmer til að leita eftir varahlutum. „Þar og í verslunum okkar er ótrúlegt úrval vandaðra varahluta frá fleiri hundruð birgjum á mjög góðu verði.“

Loks bendir Júlíus á að auðvelt sé að snúa sér til starfsmanna Stillingar með allar fyrirspurnir. „Við kappkostum að veita viðskiptavinum vandaða og góða þjónustu um land allt.“

**ÁBYRGÐ TIL 7 ÁRA**

**ÞÚ GETUR LÆKKAÐ ELDSNEYTISKOSTNAÐ ALLT AÐ**

# 50%

**MEÐ UPPFÆRSLU Í BENSÍN/METAN BÍL**

Við hjá **EINUM GRÆNUM** uppfærum bílinn þinn í **BENSÍN/METAN** bíl með háþróuðu og notendavænu gaskerfi frá **G-1**

Eftir ísetningu getur þú lækkað eldsneytiskostnaðinn allt að **50%** og ekið á bensíni eða metan allt eftir því hvað hentar

Hröð og einföld ísetning með 7 ára ábyrgð

www.g1.is

**Verð á búnaði með ísetningu**

4 cyl kr. 395,000 m.vsk
6 cyl kr. 459,000 m.vsk
8 cyl kr. 495,000 m.vsk

GRÆN ORKA

ALLA LEIÐ




**Verkfæraskápur 7 skúffur**
4 skúffur með verkfærum 284 stk
**Verðtilboð: Kr. 179.790,-**
Vörunúmer: 030 728406




**Starttæki 12V 1000 peak amper**
Hægt að endurhlaða í 12V instungu í bíl.
**Verð kr. 24.890,-**
Vörunúmer: 066 RS1



**Holsjá sem tekur hreyfimyndir**
Kemst inn í mjó göt því barkinn er aðeins 5,5mm. Lithium rafhlöður endist allt í upp í 5 klst. Kemur í veglegri tösku.
**Verð kr. 79.849,-** Vörunúmer: 066 VS8197



**Vinnuljós með segli**
Öflug vinnuljós með 26-5 díoðum með krók og segli hægt að stilla í 360°. Lithium rafhlaða sem endist í allt að 4 klst í stöðugri notkun. **Verð kr. 8.990,-**
Vörunúmer: 066 LED2105EU

1910 - 2010
Poulsen
partur af lífinu
í meira en 100 ár





Kristján Jónsson, markaðsstjóri Poulsen, við hluta af því úrvali sem fyrirtækið býður upp á í dag. Sonic-verkfæraskáparnir njóta til að mynda töluverðra vinsælda. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Sérhæfingin er mikil í dag

**Poulsen í Skeifunni 2 býður upp á fjölda verkfæra fyrir bílaverkstæði, iðnfyrirtæki og málningarverkstæði en einnig geta einstaklingar gert þar góð kaup.**

„Þróunin í verkfærum hefur verið nokkur hin síðustu ár. Mest áberandi er þó sú sérhæfing sem orðin er í þeim, sérstaklega í verkfærum sem notuð eru til bílaviðgerða. Bílaviðgerðir eru orðnar svo flóknar og sérverkfæri þarf fyrir hinar mismunandi tegundir bíla,“ segir Kristján Jónsson, markaðsstjóri Poulsen. Fyrirtækið hefur lagt áherslu á að þjónusta bílaverkstæði, iðnfyrirtæki og málningarverkstæði.

„Við erum með mikið af sérhæfðum verkfærum fyrir allra handa verkstæði, allt frá handverkfærum og loftverkfærum til borvéla,“ segir Kristján og bætir við að einnig séu vinsælir hjá þeim verkfæraskáparnir. „Við erum með verkfæraskápa frá Sonic sem við höfum selt mikið af um allt land,“ segir Kristján og telur upp kosti slíkra skápa. „Verkfæraskápar eru notaðir á verkstæðum en þá er hver starfsmaður með sérskáp. Þannig eru öll verkfæri hvers og eins á einum stað. Hvert verkfæri á sinn stað í skápnum sem er hægt að læsa með lykli. Þannig er hægt að ganga að öllu vísu og menn sjá strax ef eitthvað vantar.“

Kristján er beðinn að nefna fleiri merki sem Poulsen hefur til sölu. „Við erum til dæmis með Sealey sem eru bresk verkfæri og þess má geta að mörg þeirra eru á tilboði fram í mars. Þá erum við með loftverkfæri frá Dynabrade sem er amerískt gæðamerki og einnig Gison alhliða loftverkfæri,“ telur Kristján upp.

En í hvaða verðflokki eru verkfærin frá fyrirtækinu? „Við erum bæði með dýr og ódýr verkfæri. Bifreiðaverkstæðin gera auðvitað miklar gæðakröfur og fjárfesta þá í dýrum verkfærum sem auðvelt er að fá varahluti í og við getum gert við. Einstaklingar kaupa fremur ódýrari verkfæri.“

Kristján segir ávallt einhverjar nýjungar í boði. Í dag séu vinsæl svokölluð starttæki og hleðslutæki. „Í þessum kuldum sem nú ríkja reynir mikið á rafgeyma sem stundum verða rafmagnslausir. Þá er gott að vera með handtæki sem hægt er að setja í samband og kemur bílnum í gang á örstuttum tíma,“ segir Kristján en slík tæki koma alveg í staðinn fyrir startkapla og hafa þann kost að ekki þarf að kalla til annan bíl til að gefa start.

Þeim sem vilja kynna sér úrval Poulsen nánar er bent á vefsíðuna www.poulsen.is

# Slípivél fyrir erfiðar aðstæður

Poulsen hefur til sölu nýtt verkfæri sem er hálfgerð bylting fyrir bílamálara og réttingarmenn. Þetta er MBX-slípivél með vírbursta sem ætluð er til að komast alls staðar að þegar verið er að hreinsa ryð og málningu á stöðum sem erfitt er að ná til. „Við erum með önnur verkfæri frá sama framleiðanda sem eru mjög sniðug til að slípa upp ryð og hreinsa á stöðum þar sem erfitt er að komast að, en með þessu tæki er enn betra að komast inn í hjólaskálar og föls. Það kemst að fleiri stöðum og er alger snilld,“ segir Kristján Jónsson, markaðsstjóri Poulsen.

Kristján segir verkfærið aðallega ætlað bílamálurum og réttingamönnum sem vinna að því að laga boddí á bílum. Hins vegar nýtist verkfærið alls staðar þar sem hreinsa þarf ryð á erfiðum stöðum.



MBX-slípivélin er með vírbursta og kemst alls staðar að þegar verið er að hreinsa ryð og málningu, til dæmis á erfiða staði eins og inn í hjólaskálar og föls. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Allt fyrir steypu og stál

**Í verslun Haga ehf. að Stórhöfða 37 fæst fjölbreytt úrval rafmagnsverkfæra frá þýska framleiðandanum HILTI.**





Viðskiptavinir Haga ehf. ættu ekki að koma að tómum kofanum í húsnæði fyrirtækisins að Stórhöfða, þar sem fyrir er verslun, verkstæði og vélaleiga. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fyrirtækið Hagi ehf., sem var áður starfsrækt undir merkjum Umboðs- og heildverslunar Björns G. Björnssonar sf., hefur um áratuga skeið séð íslenskum iðnaðarmönnum, fyrirtækjum og einstaklingum fyrir verkfærum frá þýska fyrirtækinu HILTI. Í núverandi húsnæði Haga að Stórhöfða 37 er rúmgóður sýningarsalur sem geymir þverskurðinn af fjölbreyttu vöruframboði HILTI, sem gestir og gangandi geta fengið að skoða og prófa að sögn Kristjáns Inga Óskarssonar, framkvæmdastjóra Haga.

„Við erum hér með býsna gott úrval, svo sem naglabyssur, skrúfvélar, kjarnabora, slípirokka, stingsagir, demantssagir og höggfleyga og önnur rafmagnsverkfæri, sem eiga það sammerkt að vinna sig í gegnum steypu eða stál á einn eða annan hátt,“ bendir hann á og bætir við að einnig sé um að ræða tengdar vörur, til dæmis almenn trésmíðaverkfæri, múrfestingar, röraupphengjur og byggingavinkla.

Kristján segir Haga kappkosta að bjóða upp á góða þjónustu. Það sjáist meðal annars af því hvernig fyrirtækið reynir að spara væntanlegum viðskiptavinum sporin með því að senda til þeirra sérþjálfaða sölumenn til að kynna fyrir þeim verkfærin frá HILTI. „Þessi verkfæri eru ótrúlega vönduð, afkastamikil og endingargóð og við kynnum fyrir fólki rétta meðhöndlun, umhirðu og notkunarmöguleika hvers verkfæris fyrir sig.“ Hann getur þess að viðskiptavinir geti fengið að halda verkfærum eftir til reynslu til skamms tíma ef því er að skipta, en það sé hins vegar háð samkomulagi beggja aðila.

„Til frekara marks um góða þjónustu má geta þess að notendur eiga rétt á fríu viðhaldi í eitt til tvö ár og lífstíðarverksmiðjuábyrgð,“ segir hann og tekur fram að notendum gefist jafnframt kostur á að fá lánað sambærilegt verkfæri á meðan á viðgerð stendur. „Verkfærum hættir til að bila á versta tíma og með þessu viljum við fyrirbyggja að viðskiptavinir okkar stoppi í miðjum klíðum og lendi í einhverju veseni.“

Í verslun Haga fást fleiri vöruflokkar, öryggistæki fyrir fasteignir, brunaþéttiefni til húsbygginga, iðnaðarryksugur og laser-mælingatæki. Þá er einnig fyrirliggjandi hágæða vinnufatnaðar og öryggisútbúnaðar frá Sperian Protection en undir því eru hin viðurkenndu vörumerki TimberlandPro, Howard Light og Antec.

Þar er líka að finna vélaleigu sem fyrirtækið hefur haldið úti í fjörutíu ár. „Þar er hægt að fá leigð ýmis áhöld, borvélar, brotverkfæri, byggingavörur og fleira. „Vel er tekið á móti öllum og sérþjálfaðir starfsmenn okkar boðnir og búnir til að aðstoða eftir fremstu getu,“ segir Kristján.

Nánari upplýsingar um vöruúrval HILTI má nálgast á vefsíðunni www.hilti.com.









# Úr litlu verkstæði í leiðandi framleiðanda

HILTI er þýskt fyrirtæki sem stendur að baki framleiðslu á hágæða verkfærum sem seld eru um allan heim. HILTI dregur nafn sitt af þýska vélaverkfræðingnum Martin Hilti sem árið 1941 stofnaði lítið verkstæði, í eigin nafni, í borginni Schaan í smáríkinu Liechtenstein.

Þróunin í rekstrinum varð síðan á þann veg að HILTI breyttist í umsvifamikinn framleiðanda á fjölþættu úrvali rafmagnsverkfæra með starfsemi á heimsvísu í yfir 140 löndum.

HILTI-umboðið á Íslandi hefur verið í höndum fjölskyldu Óskars G. Sigurðssonar á Íslandi frá öndverðum sjöunda áratugnum. Fyrirtækið er nú rekið undir nafninu Hagi ehf. og er með aðsetur í húsnæði að Stórhöfða 37. Þar er starfrækt verslun, vélaleiga og verkstæði ásamt tilfallandi flísasögun og borþjónustu fyrir einstaklinga.



HILTI-umboðið hefur verið í höndum fjölskyldu Óskars G. Sigurðssonar frá öndverðum sjöunda áratugnum. Fyrirtækið er nú rekið undir nafninu Hagi ehf. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

SPERIAN

Timberland PRO SERIES MADE TO WORK

HILTI

Hagi – 414 3700

# Betri ending verkfæra


Verkfæri geta fljótt skemmst ef þau eru geymd þar sem raki er.

Með lagni er hægt að breyta smæstu skotum, í til að mynda bílskúr eða geymslu, í snyrtilegan og vel skipulagðan geymslustað fyrir verkfærin. Hjálpartækin sem má nota til þess eru skúffur, hillur og snagar og vel getur reynst að teikna útlínur þeirra verkfæra sem hanga á snögum til að þau skili sér á rétta staði. Snagar þurfa oft ekki að vera annað en naglar sem hengja má verkfærin á.

Annað sem gott er að hafa í huga er að flokka saman þau verkfæri sem eiga við sömu viðgerðir. Þannig geta verkfæri sem notuð eru fyrir bílinn verið í sér hillu eða skúffu, smíðaverkfæri í annarri, verkfæri er tengjast garðumhirðunni í þeirri þriðju og svo framvegis.

Síðast en ekki síst er mikilvægt að hreinsa og þurrka verkfærin vel eftir hverja notkun til að þau endist sem lengst. Algengast er að endurnýja þurfi verkfærin vegna þess að þau hafa verið geymd illa eða á röngum stöðum og hafa ekki haldist þurr og hrein á milli þess sem þau eru notuð.

Það er svo ekkert sem bannar það að skreyta verkfærahornið. *-jma*

**● HELSTU NAUÐSYNJAR** Verkfærakassi heimilisins þarf að innihalda nokkra hluti svo hægt sé að bregðast við viðhaldi sem fellur til frá degi til dags. Þeir eru eftirfarandi: Hamar, naglbítur, naglar, skrúfur, múrtappar, skrúfjárnasett, málband, lím, penslar, tangir, skiptilykill, sexkantar, skæri, bítari og hallamál. Víða má finna handhæg sett en einnig er hægt að sérvelja nauðsynlegustu verkfærin enda innihalda settin stundum hluti sem koma að litlum notum nema menn séu þeim mun laghentari.



**● VISSIR ÞÚ ...**

... að flestir halda vitlaust á hamri? Ekki halda of fast. Haltu honum létt en ákveðið, rétt eins og þú værir að heilsa með handabandi.

... góðir hamrar batna með aldrinum? Hamrar með logsoðnum stálhaus og rétt tempruðu yfirborði verða betri með réttri notkun.

... að klauf hamarsins skiptir sköpum? Djúp klauf er fyrir hámarks vogarafl við naglhreinsun en minni klauf til að komast undir og á milli timburfjala.

... að þyngd hamars þarf að hæfa verkinu? Hamrar fást í mismunandi þyngdum og betra að nota léttari hamar í fínni vinnu en þróttmeiri hamra í þyngri smíðavinnu.

... um mikilvægustu öryggisreglu við hamarsnotkun? Byrjaðu aldrei að negla án þess að setja upp hlífðargleraugu.

... hvernig hamar er bestur fyrir þig til að sporna gegn þreytu vegna titrings? Hamar með hágæða harðhnotu handfangi er bestur, og trefjagler næstbest, en gúmmí handfang utan um tré er svipað viðkomu og tréhandfang.




Stilling 55 ára

# Tilboð á topplyklasetti

## 25 stk. 1/2" topplyklasett

18 stk. 1/2" toppar: 10, 11,12 , 13, 14, 15, 16, 17, 18, 19, 20, 21, 22, 23, 24, 27, 30 og 32mm

- 2 stk. kertatoppar 16 og 21mm
- 2 stk. framlengingar 5" og 10"
- 1 stk. átakskaft
- 1 stk. liður
HVERGI BETRA VERÐ Á 24"



**NÝ SENDING**
**FYRSTIR KOMA FYRSTIR FÁ!**

### TK36 FARTÖLVA

Glæsileg fartölva með 15.6" HD LED skjá, 2GB minni, 320GB harðdisk og alla nýjustu tækni

**69.900**

HVERGI BETRA VERÐ!

**OPNUNARTÍMAR**

Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00

# TÖLVUTEK

Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

acer · ASUS · hp · lenovo · msi · packard bell · SONY · TOSHIBA

Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl

# menning

menning@frettabladid.is

**HÖKLAR HERDERS** Sýning Herders Andersson á altarisklæðum, höklum, dúkum og munum sem tengjast kristinni trú og handverki verður opnuð í Norræna húsinu 15. janúar næstkomandi. Herder hefur frá árinu 2006 saumað alls 26 hökla í öllum litum kirkjuársins ásamt með stólum sem hann hefur gefið Langholtskirkju og til annarra kirkna.



**UNNUR ÖSP STEFÁNSDÓTTIR** Segir leikritið Elsku barn velta upp áhugaverðum spurningum um hvernig sannleikurinn er meðhöndlaður. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Satt og logið í leikhúsinu

**Unnur Ösp Stefánsdóttir leikkona fer með hlutverk Donnu í leikritinu Elsku barn sem frumsýnt er í Borgarleikhúsinu í kvöld. Hún segir undirbúningstímann að þessu dramatíska verki hafa tekið á.**

Í leikritinu Elsku barn eftir Bretann Dennis Kelley er sögð saga Donnu, tveggja barna móður sem hefur setið í fangelsi fyrir morð á tveimur ungbörnum sínum. Þegar leikritið hefst hefur henni hins vegar verið sleppt úr haldi vegna skorts á sönnunargögnum. Unnur Ösp Stefánsdóttir fer með hlutverk Donnu.

### Eldfimt efni

„Leikritið er mjög áhugavert og eldfimt enda umfjöllunarefnið bæði viðkvæmt og spennandi. Það er byggt á atburðum sem áttu sér stað í Bretlandi þegar ungri konu var sleppt úr fangelsi eftir að hafa setið inni fyrir morð á börnunum sínum. Þetta er því eins konar heimildaleikhúsform, byggt á viðtölum, skýrslum og bréfum. Við fáum að heyra sögu Donnu frá hennar sjónarhorni og annarra sem henni tengjast, manninum hennar, blaðamanni, móður hennar, sálfræðingi og þar fram eftir götunum,“ segir Unnur sem segir fjölmiðlasirkusinn í kringum svona mál ekki síður umfjöllunarefni verksins. „Það veltir upp endalausum spurningum um það hvernig við tökum afstöðu, hver segir satt, hver lýgur og hvernig við greinum þar á milli.“

Þannig eru áhorfendur leiddir í gegnum söguna, og þurfa sjálfir að taka afstöðu til sögunnar og sannleikans. Leikritið er því ekki hefðbundið í uppbyggingu, er aðallega eintöl og aðeins fáar leiksenur. Það minnir því meira á heimildarmynd en stofudrama.

### Bannað að leika

Unnur Ösp segir leikstjórann, Jón Pál Eyjólfsson, hafa gefið út þau fyrirmæli til leikara að þeir ættu ekki að leika. „Það er það sem við leikarar erum alltaf að kljást við, að leika ekki heldur lifa persónuna en það er flóknara en það hljómar. Nálægðin við áhorfendur, efnistökin, og ekki síst þetta meginþema verksins um hvað sé satt og hvað sé lygi krefur okkur um að vera ansi hreint sannfærandi í frásögnum okkar.“ segir Unnur Ösp og bætir við að æfingatíminn hafi verið krefjandi.

„Ég hef aldrei lent í eins krefjandi undirbúningsvinnu og í rómantík aðventunnar var ansi skrítið að liggja yfir þessu efni og tók á. Jón Páll beitir að mörgu leyti aðferðum method-leikhúss Stanislavskis. Hann krefur okkur um að kafa djúpt í persónuna og þekkja hana frá öllum hliðum og vita alltaf af hverju hún gerir það sem hún gerir. Jón Páll er djúpur leikstjóri sem veitir manni mikinn innblástur.“

Unnur Ösp útskrifaðist sem leikkona árið 2002 en hefur stærstan hluta ferilsins verið sjálfs sín herra og flakkað á milli Þjóðleikhússins, Borgarleikhúsins og sjálfstæðra hópa. Fyrir tveimur árum var henni hins vegar boðin fastráðning hjá Borgarleikhúsinu. Fyrir utan að leika í Elsku barni leikur hún í Fjölskyldunni, Fást og er að æfa farsann Nei, ráðherra sem verður frumsýndur í febrúar. „Þetta er í fyrsta sinn sem ég er með svona mörg hlutverk í kollinum en það er bara áskorun og gaman að fá að taka þátt í svona spennandi verkefnum,“ segir Unnur Ösp.

sigridur@frettabladid.is

### HÆTTI Í SKÓLA SEXTÁN ÁRA GAMALL

Höfundur verksins Dennis Kelly er í hópi fremstu leikskálda Breta um þessar mundir og hefur á undanförnum árum fest sig í sessi sem eitt áhugaverðasta leikskáld Evrópu. Frá árinu 2003 hefur hann skrifað alls átta leikrit, meðal annars Love and Money sem var tilnefnt til Olivier-verðlaunanna og Munaðarlaus sem sýnt var í Norræna húsinu í ársbyrjun 2010 við góðar undirtektir. Kelly sem er 41 árs hætti skólagöngu sextán ára að aldri og vann ýmiss konar störf næstu tólf árin. Hann var áhugaleikari til 26 ára aldurs en hóf þá að skrifa leikrit.

### ÆVINTÝRI Í LONDON

Faust í leikgerð Vesturports hefur verið sýnt í Borgarleikhúsinu undanfarið og segir Unnur Ösp að til standi að sýna verkið víða um heim en ýmsar leikhúshátíðir hafa boðið hópnum að sýna verkið sem sýnt var í London í rúman mánuð síðasta haust. „Það var algjört ævintýri að leika í þeirri sýningu í London. Við sýndum fyrir troðfullu húsi sjö sinnum í viku og maður fékk að prófa hvernig það er að vera leikkona í London. Ég var stoppuð úti á götu í hverri viku til að gefa eiginhandaráritanir og kynntist stórstjörnum. Svo kom maður heim, var bara mættur í ísbúðina í Vesturbænum og það var næstum því eins og þetta hefði ekki gerst, þetta var eitthvað svo óraunverulegt,“ segir Unnur Ösp.



**ÚR FAUST** Þorsteinn Gunnarsson og Unnur Ösp Stefánsdóttir í hlutverkum sínum í Faust.


## METSÖLULISTI EYMUNDSSON

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í EYMUNDSSON UM LAND ALLT

05.01.11 - 11.01.11



**1** Almanak Háskóla Íslands 2011 – Þorsteinn Sæmundsson



**2** Punktur, punktur, komma, strik - kilja - Pétur Gunnarsson



**3** Sjálfstætt fólk - kilja – Halldór Kiljan Laxness



**4** Konur eiga orðið 2011 – Ýmsir höfundar



**5** Candida sveppasýking – Guðrún G. Bergmann



**6** Svar við bréfi Helgu – Bergsveinn Birgisson



**7** Íslandsklukkan - kilja – Halldór Kiljan Laxness



**8** Ísfólkið 35 - Myrkraverk – Margit Sandemo




**9** Prjónadagar 2011 – Kristín Harðardóttir




**10** Skólaljóð – Ýmsir / Halldór Pétursson

Eymundsson.is

Eymundsson
Bóksali frá 1872









# Elizabeth Arden

Kynning verður á Green Tea fjölskyldunni frá Elizabeth Arden í verslunum Hagkaups dagana 13.-19. janúar.

Nýjungar frá 8hr og Green Tea línunni verða í brennidepli þessa daga.



8hr "skin protectant" og tveir varasalvar í fallegri öskju.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*


GORILLAZ


THE DECEMBERISTS

## > Í SPILARANUM

Gorillaz - The Fall
We Made God - It's Getting Colder
Ellen - Let Me Be There
Tapes N' Tapes - Outside
The Decemberists - The King Is Dead

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Jens Lekman í spreng

Sænski furðupopparinn Jens Lekman hefur haft hægt um sig síðustu misserin en ætlar nú að gera bragarbót þar á. Hann stefnir að því að gefa bæði út breiðskífu og EP-plötu á þessu ári. Lekman er mikið niðri fyrir.

Íslandsvinurinn Lekman skrifaði á vefsíðu sína í síðustu viku að aðdáendur hans ættu von á vænni sendingu. „Nýja platan hefur verið lengi í smíðum því hún fór ekki að taka á sig mynd fyrr en fyrir nokkrum mánuðum. Fram að því var þetta bara samtíningur af öllum fjandanum. Rétt eins og þú hefðir sett höndina í vasann og hent því sem þar væri að finna á borð, svona svipað og þrjár síðustu plötur mínar og það er ekkert að þeim en þessi er Plata.“


**NÝTT EFNI Á LEIÐINNI** Jens Lekman ætlar að gefa út breiðskífu og EP-plötu á árinu.

Lekman segir að hann hafi lagt upp með að lögin fjölluðu um allt annað en hann sjálfan. Það hafi ekki gengið eftir og útkoman hafi verið lög eingöngu um hann sjálfan og kannski 3-4 aðra sem þjóni aðeins þeim tilgangi að endurspegla sjálfan hann.

Síðasta plata Lekmans, Night Falls Over Kortedala, kom út árið 2007 og sama ár kom hann fram í Norræna húsinu.

# Tveir risar saman á túr

**Útlit er fyrir að tvær af stærstu sveitunum í indie-tónlistargeiranum fari saman í tónleikaferðalag í sumar. Um er að ræða Arcade Fire og Portishead. Fréttir af þessu hafa farið sem eldur í sinu um tónlistarheima síðustu daga en engar dagsetningar hafa verið staðfestar.**

**Það eina sem liggur fyrir er að Arcade Fire og Portishead munu spila á nokkrum tónlistarhátíðum í Evrópu í sumar. Búist er við að sameiginleg tónleikaferð verði skipulögð í kringum þær hátíðir.**



## TÓNNINN GEFINN
**Trausti Júlíusson**

## *Móðurmálið í uppsveiflu*

Eitt af því sem setti sterkan svip á íslenskt popp á síðasta ári er sú staðreynd að sífellt fleiri tónlistarmenn velja að syngja á móðurmálinu. Af þeim tíu plötum sem fengu flest stig í vali sérfræðinga Fréttablaðsins á bestu plötum ársins voru fjórar með íslenskum textum, aðrar fjórar með textum bæði á íslensku og erlendum tungumálum og tvær með enskum textum. Og íslenskir textar voru líka áberandi á þeim plötum sem fylgdu á hæla þeirra tíu efstu. Þar á meðal voru plötur Moses Hightower og Bjartmars Guðlaugssonar og Bergrisanna. Báðar rómaðar fyrir fína íslenska texta.

Til samanburðar má nefna að í fyrra voru bara tvær plötur á Topp tíu með íslenskum textum og árið áður var ein plata með íslenskum textum, en þrjár með bæði íslenskum og erlendum. Hlutfall þeirra listamanna sem nota íslenskuna hefur verið rokkandi síðustu áratugi.

Það gengur í bylgjum og í dag er íslenskan í greinilegri uppsveiflu. Það er ekki gott að gera sér grein fyrir ástæðunni. Kannski er það aukin þjóðarvitund í kjölfar kreppunnar eða bara sú staðreynd að það er komin fram ný kynslóð sterkra textahöfunda sem semja á íslensku. Bragi Valdimar Skúlason er þar fremstur í flokki. Það að heyra góða íslenska texta hefur auðvitað hvetjandi áhrif.

Það eru ennþá margir sem semja á ensku. Sumir, eins og t.d. Hjaltalín eða Seabear, af því að þeir eru komnir með annan fótinn á erlenda markaði. Aðrir vegna þess að þeim þykir það flottara. Samt er gaman að sjá að jafnvel þeir tónlistarmenn sem gefa sínar plötur út alþjóðlega eru farnir að hafa texta bæði á íslensku og ensku á sínum plötum. Góð dæmi um það eru Jónsi og Ólöf Arnalds.


**BJARTMAR GUÐLAUGSSON** Syngur á ástkæra ylhýra eins og sífellt fleiri íslenskir popparar.


föstudagur **FÖSTUDAGS**VIÐTALIÐ

## Hætti í bankanum og gerðist atvinnuvarnarmaður

– Sverre Jakobsson er kletturinn í vörn Íslands á HM.




**Allt sem þú þarft …**


# Hreinleiki í stað vímuefna

**Breska poppsöngkonan Jessie J er líklegust til að slá í gegn árið 2011 samkvæmt nýjum lista BBC. Hún fékk hjartaáfall 18 ára og má ekki nota vímuefni.**

Breska poppsöngkonan Jessie J lenti í efsta sæti á árlegum lista breska ríkisútvarpsins, BBC, yfir þá flytjendur sem eru taldir líklegastir til að slá í gegn árið 2011. Í næstu sætum á eftir voru James Blake, rokksveitin The Vaccines með Árna Hjörvar Árnason á bassanum, Jamie Woon og Clare Maguire.

Jessie J, sem heitir réttu nafni Jessica Cornish og er 22 ára, hefur verið lýst sem bresku útgáfunni af Rihönnu eða Pink, enda ákveðin týpa með kröftuga rödd. Hún byrjaði aðeins ellefu ára í skemmtanabransanum þegar hún tók þátt í söngleiknum Whistle Down the Wind eftir Andrew Lloyd Webber. Hún stundaði söngleikjanám í sama listaskóla og Amy Winehouse, Katie Melua og Leona Lewis sóttu en í staðinn fyrir að setja stefnuna á West End ákvað Jessie að prófa sig áfram í poppinu. Hún gekk til liðs við stúlknasveit sem lifði ekki lengi og í framhaldinu tók hún upp sína fyrstu sólóplötu aðeins sautján ára. Svo illa vildi til að rétt áður en fyrsta smáskífulagið átti að koma út fór útgáfufyrirtækið á hausinn.

Með engan útgáfusamning í Bretlandi í sjónmáli byrjaði Jessie að semja lög fyrir aðra tónlistarmenn. Engu að síður, eftir að hafa spilað á nokkrum kynningartónleikum í Bandaríkjunum náði hún eyrum þarlendra útgáfumógúla og á endanum var það stórfyrirtækið Universal Republic sem tryggði sér krafta hennar. Taldi það söngkonuna hafa það sem til þyrfti til að slá í gegn vestanhafs. Þrátt fyrir samninginn hélt Jessie áfram að semja fyrir aðra, þar á meðal lagið Party in the USA sem Miley Cyrus kom í annað sæti bandaríska vinsældarlistans. Næst íhugaði hún að láta Rihönnu fá lagið Do It Like A Dude en popparinn Justin Timberlake hvatti hana til að eiga lagið fyrir sig sjálfa. Það borgaði sig því þetta fyrsta smáskífulag hennar náði á topp þrjátíu í Bretlandi á síðasta ári.

> Ég get ekki farið upp á svið með tvöfaldan gin og tónik í líkamanum eða eiturlyf.
>
> JESSIE J



### FYRRI SIGURVEGARAR HJÁ BBC

**2010:** Ellie Goulding
**2009:** Little Boots
**2008:** Adele
**2007:** Mika
**2006:** Corinne Bailey Rae
**2005:** The Bravery
**2004:** Keane
**2003:** 50 Cent

Jessie hefur þegar sett sér markmið fyrir næstu tólf mánuði og þau eru langt í frá í hógvær. Hún ætlar að gefa út plötu sem fer í efsta sætið á vinsældalistum, fara í tónleikaferð sem aðalnúmerið, setja eigið ilmvatn á markað, koma á fót góðgerðarsamtökum og klúbbum fyrir ungt fólk í London, semja söngleik, syngja dúett með Leonu Lewis og semja næsta topp smáskífulag Britney Spears.

Þrátt fyrir þessu háleitu markmið þarf hún að passa sig á að ofreyna sig ekki því hún á við hjartavandamál að stríða og fékk vægt hjartaáfall fyrir aðeins fjórum árum. Dagsdaglega finnur hún samt ekki fyrir óþægindum, nema þegar hún verður verulega þreytt, en hún má ekki drekka áfengi, reykja eða nota eiturlyf. „Ég vil vera fyrirmynd og ég verð að byggja sjálfstraust mitt á hreinleika. Ég get ekki farið upp á svið með tvöfaldan gin og tónik í líkamanum eða eiturlyf. Ég verð að fara á svið sem ég sjálf vegna þess að ég get ekki notað nein af þessum efnum,“ sagði hún.

freyr@frettabladid.is

## LAGALISTINN

Vikuna 6. - 12. janúar 2011

| | Sæti | Flytjandi | Lag |
|---|---|---|---|
| ► | 1 | Dikta | Goodbye |
| ▲ | 2 | P!nk | Raise Your Glass |
| ▲ | 3 | Bruno Mars | Just The Way You Are |
| ▲ | 4 | Katy Perry | Firework |
| ▼ | 5 | Hjálmar | Gakktu alla leið |
| ▼ | 6 | Björgvin Halldórsson & Mugison | Minning |
| ► | 7 | Jón Jónsson | When You're Around |
| ▲ | 8 | Thomas Holm | Nitten |
| ▼ | 9 | Rihanna | Only Girl In The World |
| ▼ | 10 | Tinie Tempah | Written In The Stars |

## TÓNLISTINN

Vikuna 6. - 12. janúar 2011

| | Sæti | Flytjandi | Lag |
|---|---|---|---|
| ► | 1 | Elly Vilhjálms | Heyr mína bæn |
| ► | 2 | Páll Rósinkranz | Ó hvílík elska |
| ▲ | 3 | Bubbi | Sögur af ást, landi og þjóð |
| ► | 4 | Jónsi | Go |
| ▲ | 5 | Retro Stefson | Kimbabwe |
| ▲ | 6 | Ólöf Arnalds | Innundir skinni |
| * | 7 | Apparat Organ Quartet | Pólýfónía |
| ▼ | 8 | Ýmsir | Pottþétt 54 |
| * | 9 | Svavar Knútur | Amma |
| ▲ | 10 | Skálmöld | Baldur |

**Skýringar:**
► Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku * Nýtt á lista

Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. Listarnir eru birtir í heild sinni á Vísir.is. vísir

**Þátttakendur í Lagalistanum:** Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2, Kaninn, tonlist.is. **Verslanir í Tónlistanum:** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Smekkleysa plötubúð, Havarí, Elkó, tonlist.is

58·12345

# LÉTTBÖKUR DOMINO'S

dominos.is

**Þunnur og stökkur botn með spelti.** Fullt af girnilegu áleggi og innan við 390 kaloríur í hverri Léttböku!

## Létttilboð: ½ lítra drykkur og Léttbaka á einungis 990 kr. Ef þú sækir.

Mest 390 kcal

8"

### BBQbaka

BBQ-sósa, ostur, laukur, sveppir, ananas og kjúklingur.



| Næringarefni í 100 g | |
|---|---|
| Orka | 177 Kcal |
| Prótein | 9.3 g |
| Fita | 4.7 g |
| Kolvetni | 24.4 g |
| Heildarþyngd | 220 g |
| Heildarorka | 389.4 Kcal |

Mest 390 kcal

8"

### Spínatbaka

Pizzusósa, ostur, hvítlaukur, spínat, rauðlaukur, sveppir, grilluð paprika og svartar ólífur.



| Næringarefni í 100 g | |
|---|---|
| Orka | 151 Kcal |
| Prótein | 7.3 g |
| Fita | 4.6 g |
| Kolvetni | 19.9 g |
| Heildarþyngd | 239 g |
| Heildarorka | 360.9 Kcal |

Mest 390 kcal

8"

### Kjúklingbaka

Pizzusósa, ostur, paprika, laukur, sveppir og kjúklingur.



| Næringarefni í 100 g | |
|---|---|
| Orka | 157 Kcal |
| Prótein | 8.8 g |
| Fita | 4.4 g |
| Kolvetni | 20.4 g |
| Heildarþyngd | 238 g |
| Heildarorka | 373.7 Kcal |

# bíó

bio@frettabladid.is



**> REYNA VIÐ BATMAN**

Áheyrnarpróf vegna nýjustu Batman-myndarinnar, The Dark Knight Rises, hefjast á næstunni. Á meðal leikkvenna sem eru sagðar ætla að reyna við tvö helstu kvenhlutverkin í myndinni eru þær **Anne Hathaway**, Keira Knightley og Jessica Biel.

## Leikur hina illgjörnu Ma-Ma

Hin breska Lena Headey hefur verið ráðin í eitt aðalhlutverkanna í hasarmyndinni Dredd.

Headey fer með hlutverk hinnar illgjörnu Madeline Madrigal, eða Ma-Ma, sem er leiðtogi gengis sem hefur tekið yfir Peach Tree City-hverfið þar sem meirihluti myndarinnar gerist. Samkvæmt handritinu á persónan Ma-Ma að vera langt komin á sextugsaldurinn með stórt ör á kinninni og vörinni. Ráðning hinnar 37 ára Headey kemur því mörgum á óvart en hún á vafalítið eftir að skila hlutverkinu með sóma. Headey er þekktust fyrir leik sinn í hasarmyndinni 300 og fyrir aðalhlutverkið í sjónvarpsþáttaröðinni Terminator: The Sarah Connor Chronicles.

Myndinni Dredd er ætlað að fanga bresku teiknimyndasöguna Judge Dredd mun betur en forveri hennar frá árinu 1995. Sú mynd, með Sylvester Stallone í aðalhlutverkinu, hlaut slæmar viðtökur og þótti lítil skemmtun. Með hlutverk Dredds í nýju myndinni fer Karl Urban og leikstjóri er Pete Travis, sem sendi frá sér hina áhugaverðu Vantage Point fyrir nokkrum árum.



**NÝ ANDLIT** Lena Headey leikur hina illgjörnu Ma-Ma í Dredd. Aðalhlutverkið leikur Karl Urban.

## Rokland í kvikmyndahús á morgun

Auk hryllingsmyndarinnar Saw 3D verða fimm myndir frumsýndar á morgun. Þar ber fyrst að nefna svörtu kómedíuna Rokland sem er byggð á samnefndri bók Hallgríms Helgasonar. Myndin fjallar um Böðvar Steingrímsson (Ólafur Darri Ólafsson) sem býr á Sauðárkróki. Á bloggsíðu sinni predikar hann sínar háleitu hugsjónir við lítinn fögnuð heimamanna. Hann heldur því af stað til Reykjavíkur með byssu í vasanum og hugsjónir fyrir lýðinn. Leikstjóri er Marteinn Þórsson sem fyrir sex árum gerði myndina One Point O.

Secretariat fjallar um húsmóðurina Penny Chenery sem tekur við rekstri hestabúgarðs föður síns. Þrátt fyrir mótlæti tekst henni að komast til metorða í hörðum karlaheimi og ná langt á veðhlaupabrautinni. Diane Lane og John Malkovich leika aðalhlutverkin.

Gamanmyndin You Again fjallar um almannatengil sem heldur á heimaslóðir til að vera viðstaddur brúðkaup eldri bróður síns. Hún uppgötvar að hann ætlar að kvænast höfuðandstæðingi hennar úr menntaskóla. Kristen Bell, Jamie Lee Curtis, Sigourney Weaver og Odette Yustman eru í helstu hlutverkum.

Söngkonurnar Christina Aguilera og Cher leika í söngvamyndinni Burlesque. Hún fjallar um unga sveitastúlku (Aguilera) sem eltir drauma sína til Los Angeles. Þar rekst hún á Burlesque-klúbbinn þar sem hún kynnist eigandanum (Cher). Stúlkan heitir því að koma einn góðan veðurdag fram í klúbbnum.

Loks má geta teiknimyndarinnar Alfa og Ómega sem fjallar um tvo úlfa sem þurfa að fóta sig í ókunnu landi.



**ROKLAND** Svarta kómedían Rokland verður frumsýnd á morgun.



**SAW 3D** Sjöunda og síðasta Saw-myndin kemur í bíó hérlendis á morgun.

## GRÓÐAMASKÍNAN SAW HVERFUR AF HVÍTA TJALDINU

**Saw 3D er lokahnykkurinn á hinum gríðarlega vinsæla Saw-hryllingsmyndabálki. Myndirnar hafa rakað inn seðlum undanfarin ár þrátt fyrir slaka dóma.**

Lokamyndin í hryllingsmyndaseríunni Saw kemur í bíó hérlendis á morgun. Einhverjir taka þessum tíðindum eflaust fagnandi, orðnir þreyttir á þessum „ófögnuði“ sem hefur snúið aftur á hverju ári síðan 2004. Aðrir syrgja þennan fasta punkt í tilverunni þar sem blóðsúthellingar, pyntingar og alls konar ógeð hefur fengið að njóta sín í toppgæðum á hvíta tjaldinu. Spennan í kringum aðalpersónuna Jigsaw hefur auðvitað haft sitt að segja til að laða kvikmyndahúsagesti að, sem flestir hafa verið undir 25 ára aldri.

Upphaflega átti Saw 3D ekki að vera sú síðasta í seríunni en vegna vonbrigða með aðsóknina á sjöttu myndina var ákveðið að láta gott heita. Saw 3D er uppfull af ofbeldi eins og við mátti búast og fyrst átti hún að vera bönnuð innan sautján ára vestanhafs. Það þótti framleiðendunum ekki ásættanlegt og á endanum þurftu þeir að senda hana sex sinnum til bandaríska kvikmyndaeftirlitsins til að fá loksins R-stimpilinn, sem þýðir að börn undir sautján ára mega fara á myndina í fylgd með fullorðnum.

Þrátt fyrir að Saw-myndirnar hafi langflestar fengið slaka dóma gagnrýnenda hafa ungmenni, sem eru yfirhöfuð dugleg við að fara í bíó, haldið tryggð við þær og um leið haldið seríunni gangandi. Nú er svo komið að þessi hryllingsmyndabálkur hefur þénað einna mest allra slíkra í sögunni. Flestar myndirnar hafa kostað smáaura á mælikvarða Hollywood á meðan aurarnir hafa streymt inn í kassann í stríðum straumi. Sú varð einmitt raunin með nýjustu myndina, sem er orðin sú fjórða vinsælasta í seríunni. Hvort það verði til þess að enn fleiri Saw-myndir verði framleiddar skal ósagt látið en aldrei skal vanmeta gróðamaskínuna Hollywood þegar vinsæl formúla er annars vegar, hvað þá ein sú tekjuhæsta í kvikmyndasögunni.

freyr@frettabladid.is

**GRÍÐARLEGAR TEKJUR SAW-MYNDANNA**

| Mynd | Kostnaður í dollurum | Tekjur í dollurum |
|---|---|---|
| Saw | 1 milljón | 103 milljónir |
| Saw II | 4 milljónir | 148 milljónir |
| Saw III | 10 milljónir | 165 milljónir |
| Saw IV | 10 milljónir | 140 milljónir |
| Saw V | 11 milljónir | 114 milljónir |
| Saw VI | 11 milljónir | 68 milljónir |
| Saw 3D | 20 milljónir | 123 milljónir |
| **Samanlagt:** | **67 milljónir** | **860 milljónir** |

## Bond snýr aftur á næsta ári

Daniel Craig mun endurtaka hlutverk sitt sem njósnari hennar hátignar, James Bond, í 23. myndinni sem er væntanleg í kvikmyndahús í nóvember á næsta ári.

Níu mánuðir eru liðnir síðan framleiðslu á myndinni var frestað vegna fjárhagsvandræða kvikmyndaversins MGM. Núna hefur verkefnið aftur verið sett af stað, hinum fjölmörgu aðdáendum njósnarans til mikillar ánægju.

Leikstjóri verður Sam Mendes, sem á að baki myndir á borð við American Beauty og Revolutionary Road. Michael Sheen, sem lék í Frost/Nixon, mun hugsanlega leika vonda karlinn. Enn á eftir að ákveða hver hin föngulega Bondstúlka verður. Judi Dench verður áfram í hlutverki M auk þess sem annar Breti, Simon Russell Beale, verður líklega í leikaraliðinu.

Tökur á myndinni hefjast síðar á þessu ári og frumsýningin á næsta ári verður haldin fimmtíu árum eftir að fyrsta Bond-myndin í Dr. No leit dagsins ljós. - fb



**DANIEL CRAIG** Craig endurtekur hlutverk sitt sem James Bond á næsta ári.





Mjúkís
ársins
2011
ÍSKYNNING Í FJARÐARKAUPUM Í DAG Á MILLI 16-18.
MÆTTU SNEMMA ÞVÍ 200 FYRSTU GESTIRNIR FÁ GEFINS
LÍTER AF MJÚKÍS ÁRSINS 2011 Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST.
Mjúkís
ársins
2011
Kjörís
KÓKOS ÍS
1 LÍTRI
Kjörís
KÓKOS ÍS

# Fólk

folk@frettabladid.is



**50 ÁR ERU LIÐIN** frá fæðingu Seinfeld-stjörnunnar Juliu Louis Dreyfus. Hún hefur í seinni tíð getið sér gott orð sem Christine „gamla" í gamanþáttunum The New Adventures of Old Christine.

# ROKLANDI FAGNAÐ MEÐ HELJARINNAR TEITI

**Aðstandendur Roklands skemmtu sér konunglega á Austri á þriðjudagskvöldið enda langur tími að baki. Aðalleikarinn Ólafur Darri Ólafsson lék við hvurn sinn fingur en hann er á leiðinni til Hollywood í næsta mánuði að leika í Contraband eftir Baltasar Kormák. Árið 2011 verður svo sannarlega ár Ólafs því auk þess leikur hann aðalhlutverkið í Djúpinu, annari kvikmynd eftir Baltasar.**



Ólafur Darri gafst aldrei upp á Roklandi þótt framleiðsla myndarinnar tæki sinn tíma. Marteinn Þórsson er höfundur handritsins og líka leikstjóri.



Stefán Hallur og Björn Hlynur voru flottir á Austri. Grænn hattur sem Björn Hlynur skartar þessa dagana vakti mikla athygli þótt hann sjáist ekki á myndinni.



Björn Emilsson, höfundur Hringekjunnar, ásamt spúsu sinni, Rögnu Fossberg og Helgu Stefánsdóttur.



Þær Ingibjörg Magnadóttir og Kristín Eiríksdóttir ræddu málin við Hallgrím Helgason, höfund Roklands-bókarinnar.



Hrafn Gunnlaugsson var í eiturstuði á Austri ásamt kúbverskri vinkonu sinni og frænda sínum Ólafi Egilssyni en auk þeirra voru þau Rakel Garðarsdóttir og Víkingur Kristjánsson í góðum fíling.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN




KVIKMYNDASKÓLI ÍSLANDS FLYTUR Í NÝTT OG GLÆSILEGT HÚSNÆÐI AÐ OFANLEITI 2, GEGNT KRINGLUNNI.

KVIKMYNDASKÓLI ÍSLANDS

NOKKUR LAUS PLÁSS ERU Í BOÐI Á HANDRITA-, LEIKLISTAR-, LEIKSTJÓRNAR- OG FRAMLEIÐSLUDEILD.
Skólinn verður settur mánudaginn 17. janúar, klukkan 13:00 í Bíó Paradís.

SÆKIÐ UM NÚNA Á
WWW.KVIKMYNDASKOLI.IS



# ÚTSALAN Í FULLUM GANGI

CRAGHOPPERS

DARE2B

# 50-80% AFSL.

Regatta
GREAT OUTDOORS™

# NÝTT KORTATÍMABIL

# MEIRI VERÐLÆKKUN
## Á ÝMSUM VÖRUM

**OPIÐ**

VIRKA DAGA 11 – 18
LAUGARD. 11 – 16
SUNNUD. 13 – 16

ÚTIVIST & SPORT
verslun
heildverslun
Faxafen 12 S. 533-1550.

# Charlie Sheen drekkur eins og svín

Síðasta helgi hjá Charlie Sheen virðist hafa verið með villtara móti eftir því sem bandarískir og breskir fjölmiðlar kafa dýpra ofan í sukksama veröld bandaríska leikarans. Hann var staddur í Las Vegas um helgina, sem er kannski ekki í frásögur færandi, nema ef vera kynni fyrir þá staðreynd að Charlie var viðstaddur stærstu klámmyndahátíð heims, AVN-Adult Entertainment Expo. Charlie kaus líka að hella sér af alvöru í sukk og stóðlífi, hellti í sig hverri vodkaflöskunni af fætur annarri á milli þess sem hann bauð klámmyndastjörnum í partí.

Að sögn sjónarvotta var það nánast ótrúlegt að horfa á drykkju Charlie milli þess sem hann skjallaði hina ljóshærðu fullorðinsmyndastjörnu Bree Olson upp úr skónum. Þrátt fyrir að þau tvö væru augljóslega nokkuð skotin þá hurfu þau ekki einsömul upp á hótelherbergi heldur bauð Bree tveimur starfssystrum sínum úr fullorðinsbransanum með sér. Samkvæmt The Sun ku Sheen þó vera hrifinn af Bree, hann flaug meðal annars til heimabæjar hennar í Indiana um jólin og hitti hana þar.



**SUKKARI** Charlie Sheen eyddi helginni í faðmi þriggja klámstjarna í Las Vegas og drakk vodka af stút. Hann mætti hins vegar galvaskur á tökustað eftir sukkið, samstarfsfólki hans til mikillar undrunar og gleði. GETTY IMAGES/NORDIC PHOTOS

Charlie Sheen er án nokkurs vafa ein mesta sukkpadda Hollywood og hefur margsinnis komist í kast við lögin vegna drykkjuskapar og óláta. Samkvæmt heimildum vefsíðunnar TMZ mætti Charlie hins vegar eldhress í tökur á sjónvarpsþættinum Two and a Half Men eftir allt bílífið og lék og lét eins og ekkert hefði í skorist. „Hann virðist geta drukkið ótæpilegt magn af áfengi, hann er óseðjandi,“ hefur TMZ eftir heimildarmanni sínum á tökustað.



**ÁSTFANGINN** Seth Rogen ætlar ekki að biðja unnustu sína um að skrifa undir hjónabandssáttmála áður en þau gifta sig. NORDICPHOTOS/GETTY

# Enginn sáttmáli hjá Seth

Kanadíski gamanleikarinn Seth Rogen sagði í viðtali við Howard Stern að hann ætlaði ekki að gera hjónabandssáttmála áður en hann gengi í það heilaga með unnustu sinni, þjóninum Lauren Miller.

Parið hefur verið í sambandi frá árinu 2004 og bað Rogen unnustu sinnar í september síðastliðnum. Útvarpsmaðurinn Howard Stern spurði leikarann hvort hann mundi biðja Miller um að skrifa undir hjónabandssáttmála fyrir brúðkaupið, en slíkt er vinsælt meðal stjarnanna í Hollywood. „Ég mun ekki biðja hana um það þrátt fyrir að margir hafi mælt með því. Hjónaband getur kostað sitt og ef ég tapa milljónum í kjölfarið þá sæi ég ekki eftir þeim fjármunum,“ sagði leikarinn sem bað unnustu sinnar á heldur óhefðbundinn hátt. „Hún var að klæða sig og stóð þarna á nærbuxunum. Ég hafði þegar byrjað að bera fram spurninguna og ég hugsaði með mér: „Ansans. Hún stendur þarna á nærbuxunum, það var ekki hluti af planinu. Engin stúlka vill láta biðja sín á meðan hún stendur hálf nakin inni í fataskáp.“ En þá var orðið of seint að hætta við.“



**JOHNNY DEPP** Leikarinn er síður en svo hrifinn af nýjustu tækni.

# Ekki hrifinn af tækninni

**Leikarinn Johnny Depp er ekki hrifinn af þeim tækninýjungum sem hafa orðið á undanförnum árum og breytingum á sjónvarpsefni. „Stundum langar mig að hlaupa öskrandi frá okkar heimi þar sem allt snýst um tækni, ágenga fjölmiðla og hið brjálæðislega raunveruleikasjónvarp,“ sagði Depp. „Við höfum misst öll tengsl við hið einfalda í lífinu. Við erum að tapa okkar sjálfstæðu persónuleikum.“**

**Depp býr í Frakklandi með fjölskyldu sinni og á einnig eyju í Karíbahafinu. „Eyjan hljómar kannski einum of en ég þarf einhvern stað þar sem ég get andað rólega og þarf ekki að hafa áhyggjur af myndatökum.“**



# Fínasta afþreying

Tónlist ★★★

**Gæludýr**

Ensími



Þegar sveitir láta langan tíma líða á milli platna myndast oft ósanngjörn eftirvænting hjá aðdáendum þeirra um að sveitin hljóti að vera með eitthvert meistarastykki í smíðum. Hvort aðdáendur Ensímis hafi gert sér í hugarlund að Gæludýr, fyrsta plata Ensími í átta ár, myndi leggja Ísland og heiminn að fótum sér skal ósagt látið. Hún er hins vegar ágætis afþreying, svo mikið er víst.

Ensími er án nokkurs vafa ein skemmtilegasta starfandi hljómsveitin á markaðinum um þessar mundir, hljómagangurinn í lögunum þeirra er áheyrilegur og einfaldur, hljóðfæraleikurinn til fyrirmyndar og sveitin er þétt enda með einn besta trommuleikara landsins innanborðs. Gæludýr byrjar ágætlega með laginu Aldanna ró. Bestu sprettina á sveitin hins vegar í lögunum Fylkingar, Heilræði og Pillubox. Þar er að finna ákaflega þéttar og góðar lagasmíðar sem láta vel við fyrstu hlustun og lifa ágætis lífi í heilabúinu.

Gæludýr er fín plata, það vantar ekki. Hennar helsta vandamál er að hún er helst til of flöt, það eru engir hápunktar þótt það séu heldur engir lágpunktar, hún líður einfaldlega áfram í eyrunum án þess að ögra hlustandanum.

**Freyr Gígja Gunnarsson**

**Niðurstaða:** Gæludýr er alveg ágætis plata, hvorki meira né minna.

# Komin með nýjan



Leikkonan Jenny McCarthy hefur verið dugleg að fara á óvissustefnumót frá því hún sagði skilið við kærasta sinn, leikarann Jim Carrey.

Hún var gestur í spjallþætti Ellen Degeneres og sagði þá frá nokkrum mislukkuðum stefnumótum sem hún hafði farið á.

Leikkonan hafði þó heppnina með sér því í gegnum stefnumótin kynntist hún manni sem búsettur er í Boston og hafa þau verið að hittast undanfarnar vikur. McCarthey segist þó ekki tilbúin til að kynna nýja kærastann, sem er umboðsmaður fyrir íþróttamenn, fyrir syni sínum alveg strax. „Enginn fær að hitta Evan nema eftir sex mánaða samband. Hann hittir ekki kærasta í hrönnum. Sonur minn skiptir mig mjög miklu máli,“ sagði leikkonan.

**HAMINGJUSÖM** Leikkonan Jenny McCarthy kynntist nýja kærastanum sínum á óvissustefnumóti.



**ÓLÉTT** Sagt er að leikkonan Kate Hudson eigi von á sínu öðru barni innan skamms. NORDICPHOTOS/GETTY

# Hudson ólétt

Tímaritið US Weekly heldur því fram að leikkonan Kate Hudson sé ólétt eftir kærastann sinn Matthew Bellamy, forsprakka hljómsveitarinnar Muse.

Samkvæmt heimildarmanni blaðsins er Hudson komin fjórtán vikur á leið og er parið afskaplega ánægt með fréttirnar. „Þetta kom þeim á óvart en þau eru mjög spennt og taka fréttunum opnum örmum. Kate er líka afskaplega ánægð með að sonur hennar, Ryder, eignist bráðum systkini,“ sagði heimildarmaðurinn. Hudson á fyrir hinn sjö ára gamla Ryder með fyrrverandi eiginmanni sínum, söngvaranum Chris Robinson.



**PÁLL ÓSKAR** Páll Óskar verður á meðal þeirra sem syngja á tónleikunum í kvöld.

# Syngja fyrir nímenninga

**Páll Óskar, KK og Ellen, múm og Diskóeyjan eru meðal þeirra sem ætla að syngja á tónleikum í kvöld til stuðnings nímenningunum hafa verið ákærðir fyrir brot á 100. grein hegningarlaga vegna mótmæla sinna við Alþingishúsið. Tónleikarnir verða á Nasa og opnar húsið klukkan 20.30. Miðaverð er 500 krónur. Aðrir sem stíga á svið verða Sin Fang Bous, Reykjavík!, rithöfundurinn Einar Már Guðmundsson, Steini úr Hjálmum, Prins Póló, Parabólurnar og fleiri gestir. Nánari upplýsingar má finna á síðunni rvk9.org.**



# Sömu áhrif og OK Computer

Serge Pizzorno, gítarleikari Kasabian, vill að næsta plata sveitarinnar hafi sömu áhrif á hlustendur og OK Computer með Radiohead. „Ég stefni að einhverju álíka frábæru. Það er þessi tilfinning að láta gjörsamlega hrista upp í sér,“ sagði hann við NME.

Þrjú ár eru liðin síðan Kasabian sendi frá sér sína þriðju plötu, Ryder Pauper Lunatic Asylum. Hún var tilnefnd til bresku Mercury-verðlaunanna og var kjörin plata ársins hjá tónlistartímaritinu Q. Væntingarnar eru því miklar og Pizzorno hefur síður en svo slegið á þær með þessum nýjustu ummælum sínum. Kasabian, sem kemur frá Leicester á Englandi, hefur verið bókuð á hátíðirnar Isle Of Wight og RockNess í sumar og vonar Pizzorno að eitthvað verði komið út af nýju efni með hljómsveitinni fyrir þann tíma.



**KASABIAN** Serge Pizzorno, til vinstri, ásamt söngvaranum Tom Meighan. Ný plata með Kasabian er væntanleg.
NORDICPHOTOS/GETTY



# Hornreka á Króknum

Kvikmyndir ★★

**Rokland**

Handrit og leikstjórn: Marteinn Þórsson. Byggt á samnefndri skáldsögu Hallgríms Helgasonar.
Aðalhlutverk: Ólafur Darri Ólafsson, Elma Lísa Gunnarsdóttir, Stefán Hallur Stefánsson, Lára Jóhanna Jónsdóttir.

Eftir tíu ára háspekilegt slark í Þýskalandi snýr Böðvar H. Steingrímsson, Böddi, heim til Sauðárkróks, stútfullur af biturð yfir hlutskipti sínu í samfélagi sem elur á heimsku og aumingjaskap en kann ekki að meta andleg valmenni á borð við hann sjálfan. Í upphafi frásagnar er Böddi búinn að missa kennarastöðuna við fjölbrautaskólann eftir að hafa stefnt nemanda í voða í skólaferðlagi. Hann býr hjá sjónvarpsfíklinum móður sinni og fær útrás fyrir gremjuna á blogginu. Lífið tekur hins vegar u-beygju eftir að Bödda verður á að barna bæjardræsuna Döggu á einhverju næturgöltrinu. En þrátt fyrir viðleitni til að hefja einhvers konar „eðlilegt líf“ nær Böddi aldrei fótfestu og röð harmrænna atburða leiðir til þess að hann ríður af stað til Reykjavíkur, staðráðinn í að hefja byltingu.

Það þarf ekki að undra að Marteinn Þórsson hafi viljað gera kvikmynd eftir Roklandi Hallgríms Helgasonar. Bókin leiftrar af kímni og frásagnargleði, beittri samfélagsrýni og magnaðri persónusköpun. Böddi grípur lesandann kverkataki strax á fyrstu síðu og dregur hann inn í rokið.

Ballaðan af Bödda skilar sér hins vegar því miður ekki almennilega á hvíta tjaldið sem skrifast fyrst og fremst á gloppótt handrit. Marteinn sýnir bókinni vissulega mikla trúfestu, stór partur samtalanna er til dæmis beint úr bókinni. Hann sleppir hins vegar grundvallaratriðum sem veikja persónusköpunina. Það er til dæmis ekkert vikið að forsögu Bödda, sem gerir að verkum að áhorfandinn veit ekki alveg af hverju hann er svona upp á kant við alla.

Þetta hefði mátt leysa með því að leggja meiri áherslu á bloggsíðuna sem liggur því miður tiltölulega óbætt hjá garð; gera hana jafnvel að rauðum þræði í gegnum myndina, því þar er Böddi í essinu sínu; afhjúpar sínar bestu og verstu hliðar í samfélagslegum eldmessum, sem þrátt fyrir beiskjuna og hrokann höfðu líka sinn brodd. Þessa vídd vantar Bíó-Bödda og virkar því stundum eins og innistæðulaust meinhorn með brostna skáldadrauma. Ég sakna líka forsögu Döggu, barnsmóður Bödda, sem kom þó reyndar ekki að jafn mikilli sök og í tilfelli hans.

Þá eru sumar breytingar sem gerðar eru á sögunni ekki til bóta, til dæmis á persónu Láru Maríu, sem Böddi þráir, þar sem þeim er í rauninni ekki fylgt eftir. Í bókinni er Böddi í sjálfu sér ekki ástfanginn af Láru sjálfri heldur af upphafinni hugmynd um hana sem djúpt þenkjandi og óflekkaðri stúlku sem sé honum samboðin. Einn vendipunktur bókarinnar er þegar Böddi laumast inn í herbergi til hennar og það rennur upp fyrir honum að Lára er bara plebbaleg „vídeómeri“ og ekki laus við „flekki“. Í myndinni er Lára hins vegar aldrei sýnd í dýrðarljómanum sem Böddi baðar hana í; þvert á móti er hún kófdrukkin þegar hún er kynnt til sögunnar og útbær á blíðu sína. Við vitum því í sjálfu sér ekki hvað Böddi sér við hana - nema við höfum lesið bókina.

Þrátt fyrir þessa breytingu heldur handritshöfundurinn hins vegar inni atriðinu í herbergi Láru svo til óbreyttu. En í samhengi myndarinnar er sú sena í sjálfu sér orðin tilgangslaus þar sem hún rífur ekki niður neinar hugmyndir sem áhorfendur hafa gert sér um Láru.

Þetta er eitt dæmi af nokkrum um hvernig myndin reynir að slíta sig frá upprunalega verkinu og standa á eigin fótum en tekur ekki skrefið alla leið. Afleiðingin er sú að kvikmyndaaðlögunin stendur ekki sem sjálfstætt verk heldur reiðir sig á að áhorfendur hafi lesið bókina til að fylla upp í eyðurnar. Hafi þeir ekki gert það er ég hræddur um að hún virki hreinlega sundurlaus. Framvindan er slitrótt, vantar snerpu og á köflum samhengi til að hrakandi sálarástandi Bödda komist til skila á sannfærandi hátt. Hvað er það til dæmis sem rekur Bödda ríðandi á hesti suður til Reykjavíkur? Hvaða byltingu er hann að tala um? Hvers vegna er þessi reiðtúr hans fréttaefni?

Að þessu sögðu er rétt að taka fram að Rokland ber Marteini Þórssyni talsvert betra vitni sem leikstjóra en handritshöfundi. Útlit myndarinnar er flott, leikarar skila sínu upp til hópa með prýði, sér í lagi Ólafur Darri, og það eru vissulega sprettir inn á milli sem vel má njóta. En heilt á litið skildi þessi mynd þann sem þetta skrifar eftir ósnortinn. Sem er synd og skömmin því Rokland hafði allt til að bera til að verða frábær kvikmynd.

**Bergsteinn Sigurðsson**

**Niðurstaða:** Gloppótt handrit hleypir loftinu úr Roklandi og kemur í veg fyrir að það fari á flug.


SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ
FULLKOMIN GÆÐI!

| SMÁRABÍÓ | GLERAUGU SELD SÉR – Nánar á Miði.is | |
|---|---|---|
| THE TOURIST | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| THE TOURIST LÚXUS | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| GULLIVER´S TRAVELS 3D | kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| LITTLE FOCKERS | Kl. 10.30 | 12 |
| GAURAGANGUR | KL. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | 7 |
| MEGAMIND 3D ÍSL. TAL | KL. 3.40 | L |
| NARNIA 3 3D | KL. 5.30 | 7 |
| NIKO OG LEIÐIN TIL STJARNANNA | KL. 3.40 | L |

| HÁSKÓLABÍÓ | Nánar á Miði.is | |
|---|---|---|
| THE TOURIST | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| GULLIVER´S TRAVELS 3D | KL. 5.50 - 10.20 | L |
| SOMEWHERE | KL. 5.50 - 8 | 12 |
| DEVIL | KL. 10.10 | 16 |
| GAURAGANGUR | KL. 5.50 - 8 - 10.10 | 7 |
| NARNIA 3 3D | KL. 8 | 7 |

| BORGARBÍÓ | Nánar á Miði.is | |
|---|---|---|
| THE TOURIST | kl. 8 - 10 | 12 |
| GULLIVER´S TRAVELS 3D | kl. 6 - 8 | L |
| LITTLE FOCKERS | kl. 10 | 12 |
| GAURAGANGUR | KL. 6 | 7 |

Nánari upplýsingar og miðasala á midi.is
facebook/smarabio • Sími 564 0000

NÝTT Í BÍÓ
LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

| LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR | | |
|---|---|---|
| THE TOURIST | 8 og 10.10 | 12 |
| GULLIVER´S TRAVELS 3D | 6 | L |
| LITTLE FOCKERS | 6, 8 og 10.10 | L |
| DEVIL | 8 | 16 |
| MEGAMIND 3D | 6 | L |

TRYGGIÐ YKKUR MIÐA Á WWW.SAMBIO.IS
MATT DAMON – Nýjasta meistaraverk Clint Eastwood – HEREAFTER
VINSÆLASTA MYNDIN Á ÍSLANDI Í DAG! KLOVN
TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMBIO.IS - ATH. SELT Í NÚMERUÐ SÆTI Í KRINGLUNNI

| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| KLOVN - THE MOVIE | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 14 |
| KLOVN - THE MOVIE | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | VIP |
| HEREAFTER | kl. 5:30 - 8 - 10:40 | 12 |
| TRON LEGACY | kl. 5:30 - 8 (3D) - 10:40 (3D) | 10 |
| MEGAMIND-3D M/ ísl. Tali | kl. 5:50 | L |
| LIFE AS WE KNOW IT | kl. 8 - 10:20 | L |
| HARRY POTTER | kl. 5:20 - 8 - 10:40 | 10 |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | | |
|---|---|---|
| KLOVN: THE MOVIE | kl. 5.50 - 8 og 10.15 | 14 |
| HEREAFTER | kl. 8 og 10.15 | 12 |
| GUILIVERS TRAVEL-3D | kl. 5.50 - 8 -10.40 | L |
| TRON: LEGACY-3D | kl. 5.20 - 8 og 10.40 | 10 |
| MEGAMIND-3D M/ ísl. Tali | kl. 5.50 | L |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI | | |
|---|---|---|
| FELA! leikrit í beinni útsendingu kl. 7 | | L |
| KLOVN - THE MOVIE | kl. 5 - 7 - 9 - 10:20 | 14 |
| TRON LEGACY-3D | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 10 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| HERE AFTER | kl. 9 | 12 |
| TRON : LEGACY-3D | kl. 6 | 10 |
| KLOVN - THE MOVIE | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | 14 |

AÐEINS EIN SÝNING!
SÝNT Í KVÖLD Í BEINNI ÚTSENDINGU FRÁ LONDON
SÖNG OG DANSLEIKURINN
FELA!

CAFÉ BÍÓ ★ PARADÍS

| | |
|---|---|
| THE NEXT THREE DAYS(12) | 18:00, 20:20, 22:40 |
| PINK PANTHER STRIKES AGAIN(L) | 20:00 |
| REVENGE OF THE PINK PANTHER(L) | 22:10 |
| THE KILLER INSIDE ME(16) | 18:00, 20:10, 22:20 |
| GNARR(L) | 18:00, 20:30, 22:40 |

MICMACS FRUMSÝND FÖSTUDAG
MUNIÐ AÐGANGSKORTIN! Allt að 37% afsláttur
RUSSELL CROWE THE NEXT THREE DAYS
PETER SELLERS THE PINK PANTHER SNÝR AFTUR 7.-13. JAN.
EIN VIKA-FIMM MYNDIR
TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á MIDI.IS
MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR / BIOPARADIS.IS / MIDI.IS

# ÚTSALA

## 20-60% AFSLÁTTUR

BREATH THERMO hlaupafatnaður

Hlaupaskór Hlaupafatnaður

## ATH! -50% AF ÖLLUM FÓTBOLTASKÓM

Skór Sokkar Íþróttagallar

Regnfatnaður Úlpur

Hettupeysur Joggingbuxur Bolir

Legghlífar Boltar Markmannshanskar

Allt í ræktina- Toppar Hlýrabolir T-bolir Buxur Peysur

Töskur Bakpokar

Íþróttateip Kælisprey Hitakrem

Nuddolíur Nuddkrem

Nýtt kortatímabil

**Opnunartímar**
virka daga 10-18 og
laugardaga 11-16

SPORTLAND

SPORTLAND EHF. | GRENSÁSVEGI 11 | 108 REYKJAVÍK | SÍMI: 571-1000 | NETFANG: SPORTLAND@SPORTLAND.IS | VEFFANG: WWW.SPORTLAND.IS

# sport

sport@frettabladid.is

HM BYRJAR Í DAG

**FIMM ÍSLENDINGAR** hafa komist í úrvalslið í Heimsmeistarakeppni. Gunnlaugur Hjálmarsson komst fyrstur í liðið á HM í Vestur-Þýskalandi 1961, Kristján Arason (1986), Bjarki Sigurðsson (1993) og Geir Sveinsson (1995) voru allir valdir í úrvalslið HM og Valdimar Grímsson komst síðastur Íslendinga í lið mótsins á HM í Kumamoto 1997.

Nýr styrkleikalisti FIFA:

## Katar komst upp fyrir Ísland

**FÓTBOLTI** **Íslenska fótboltalandsliðið datt niður upp eitt sæti á styrkleikalista Alþjóða knattspyrnusambandsins, FIFA, sem gefinn var út í gær.**

**Ísland og Wales eru saman í 113. og 114. sæti en íslenska landsliðið hefur fallið niður um 34 sæti frá því í ágúst og nálgast óðum sinn versta árangur á listanum sem er frá því í ágústmánuði árið 2007 þegar liðið var í 117. sæti á listanum.**

**Ísland missti Katar upp fyrir sig að þessu sinni en Katar heldur einmitt heimsmeistarakeppnina árið 2022. Næstu lönd fyrir ofan það íslenska eru núna Mið-Afríkulýðveldið, Samvinnulýðveldið Gvæjana, Sýrland, Norður-Kórea og Úsbekistan.** - óój



**MARGRÉT KARA STURLUDÓTTIR** KR-konur fá tækifæri til að hefna bikartaps á móti Hamri í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Undanúrslitin í körfunni:

## KR-ingar fengu tvo heimaleiki

**KÖRFUBOLTI** KR-ingar höfðu heppnina með sér þegar dregið var í undanúrslit Powerade-bikars karla og kvenna í gær. Bæði lið félagsins fengu heimaleik, strákarnir fá Tindastól í heimsókn en stelpurnar taka á móti Hamri úr Hveragerði.

Tindastóll hefur ekki haft heppnina með sér því liðið hefur komist fjórum sinnum í undanúrslit bikarsins en aldrei fengið heimaleik. 1993 lenti Tindstóll á móti Snæfelli í Hólminum, 1999 dróst liðið á móti Keflavík á útivelli og 2002 lentu Stólarnir á móti Njarðvík á útivelli.

Í hinum undanúrslitaleik karla mætast Haukar og Grindavík en Haukar lentu einmitt einnig á móti Grindavík þegar þeir komust síðast í undanúrslitin árið 2000. Hinn undanúrslitaleikurinn hjá konunum er síðan á milli nágrannanna Njarðvíkur og Keflavíkur. - óój



**GUÐMUNDUR OG ÓLAFUR** Landsliðsþjálfarinn og landsliðsfyrirliðinn koma réttum boðum til skila. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Hefur góða tilfinningu

**Íslenska handboltalandsliðið er komið til Svíþjóðar og æfði í fyrsta sinn í Linköping í gærkvöldi. Það var gott hljóð í Guðmundi landsliðsþjálfara í gær.**

**HANDBOLTI** Strákarnir okkar komu til Linköping í Svíþjóð í gær eftir nokkuð langt ferðalag frá Íslandi. Fyrst var þriggja tíma flug til Stokkhólms og þar beið strákanna tæplega fjögurra tíma rútuferð. Guðmundur þjálfari reif mannskapinn síðan á 90 mínútna æfingu um kvöldið þar sem leikmenn hristu úr sér ferðaþreytuna.

Heimsmeistaramótið hefst í dag en íslensku strákarnir hefja leik á morgun er þeir mæta Ungverjum í Norrköping. Það er í klukkutíma fjarlægð frá Linköping þar sem íslenska liðið mun dvelja en liðið spilar fyrstu tvo leiki riðilsins í Norrköping en síðustu þrjá í Linköping.

„Þetta var fínasta æfing. Það var ekkert tekið mjög mikið á því enda menn þreyttir eftir ferðalagið. Við tókum samt 90 mínútna æfingu sem var gott,“ sagði Guðmundur við Fréttablaðið eftir æfingu í gær.

Hann var að vonum afar ánægður með varnarleikinn gegn Þjóðverjum enda spilaði íslenska liðið hreint frábæra vörn í leikjunum tveimur. Engu að síður æfði liðið varnarleikinn aðeins í gærkvöldi og mun gera það líka í dag.

„Við nýttum æfinguna til þess að skerpa á hlutum í vörninni og vinna enn frekar í henni. Á morgun [í dag] munum við taka myndbandsfund um morguninn og svo æfa sóknarleikinn á æfingu síðar um daginn. Við munum aðallega vinna í sókninni en einnig kíkja betur á vörnina í leiðinni,“ sagði Guðmundur.

Aðeins er búið að úthluta íslenska liðinu 50 mínútna æfingatíma í dag en Guðmundur var að vonast til þess að geta tekið aðra 90 mínútna æfingu. Liðin eru ekki öll mætt á staðinn og salurinn því ekki eins þéttbókaður og oft á þessum tíma.

Björgvin Páll Gústavsson og Ingimundur Ingimundarson hafa verið að glíma við lítils háttar meiðsl síðustu daga en Guðmundur segir að það sé ekkert til þess að hafa áhyggjur af.

Þjálfarinn hefur ekki enn tekið ákvörðun um hvernig lokahópurinn verður skipaður en Guðmundur tók 17 leikmenn með út en má aðeins tilkynna 16 til leiks.

„Ég mun tilkynna 16 leikmenn inn en hef ekki enn ákveðið hverjir það verða. Ég mun ekki taka ákvörðun um málið fyrr en eftir æfinguna,“ sagði Guðmundur en hann má gera breytingar í tvígang meðan á mótinu stendur og á þeim tíma sem honum hentar sem er nýlunda á HM rétt eins og 16 leikmenn í hóp.

Undirbúningur íslenska liðsins hefur gengið vel þó svo að tíminn hafi ekki verið langur sem liðið fékk. Þjóðverjaleikirnir lofuðu góðu og þar sást neisti sem ekki hafði sést í nokkurn tíma. Strákarnir virðast því vera með hausinn í lagi og tilbúnir að selja sig dýrt í Svíþjóð.

„Ég hef góða tilfinningu fyrir þessu móti og auðvitað voru Þjóðverjaleikirnir jákvæðir. Við höfum engu að síður ekki unnið neitt enn sem komið er og við verðum að kalla fram þessa stemningu á nýjan leik í Ungverjaleiknum,“ sagði Guðmundur en hann hefur varað við of mikilli bjartsýni fyrir mótið og verið duglegur að minna leikmenn og stuðningsmenn liðsins á að fara ekki fram úr sér heldur einblína á eitt verkefni í einu.

„Það má alls ekki gleyma því að við þurfum að hafa mikið fyrir hlutunum og verðum að gefa allt. Opnunarleikurinn verður mjög erfiður enda eru Ungverjar með geysiöflugt lið og sterka menn í öllum stöðum. Þetta er hörkulið og við verðum að mæta tilbúnir í slaginn.“

**Henry Birgir Gunnarsson**
skrifar frá Linköping
henry@frettabladid.is





**ULRIK WILBEK** Þjálfari Dana er þekktur fyrir að setja mikla pressu á sína menn fyrir stórmót. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ulrik Wilbek þjálfari Dana:

## Stefnir ekki á gullið á HM

**HANDBOLTI** Ulrik Wilbek, þjálfari danska landsliðsins í handknattleik, kom Dönum verulega á óvart í gær þegar hann gaf það út að Danir væru ekki með lið sem gæti stefnt á það að verða heimsmeistari á HM í Svíþjóð.

Wilbek hefur líkt og margir aðrir þjálfarar gefið það út að markmiðið sé að komast í eitt af sjö efstu sætunum sem gefur tækifæri á umspilsleikjum um laust sæti á ÓL árið 2012. Margir danskir handboltasérfræðingar eru ósáttir við orð Wilbeks og telja að hann sé of varkár og það sé veikleikamerki að ætla sér ekki að taka gullið á HM.

„Ég vil ekki líta út eins og heimskur Dani sem segir að við ætlum okkur að verða heimsmeistarar. Við erum ekki með lið sem getur farið alla leið,“ segir Wilbek í viðtali við Ekstra Bladet en hann hefur verið þekktur fyrir að setja pressu á leikmenn sína. Fyrir Evrópumeistaramótið í Noregi árið 2008 sagði hann að það væri aðeins eitt markmið fyrir EM: að fara alla leið og vinna. Danir stóðu við það og fögnuðu Evrópumeistaratitlinum.

Anders Dahl-Nielsen sem var á árum áður þjálfari og leikmaður KR hér á landi segir að margt hafi komið á óvart hjá Wilbek að undanförnu. „Ég verð að viðurkenna að Wilbek hefur komið mér á óvart að undanförnu. Hann er ekki líkur sjálfum sér. Það sem hann hefur sagt virkar ekki vel á mig og val hans á leikmönnum í landsliðið hefur einnig komið á óvart,“ segir Dahl-Nielsen. - seth

Strákar! Gangi ykkur vel á HM.

Strákarnir okkar eru svo skemmtilega ólíkir og okkur þykir óskaplega vænt um þá alla. VÍS er stoltur styrktaraðili íslenska landsliðsins á HM í Svíþjóð.




Vátryggingafélag Íslands hf. | Ármúla 3 | 108 Reykjavík | Sími 560 5000 | vis.is

2 SPORT
besta sætið

vodafone | ICELANDAIR | VÍS | Arion banki

# ÉG VIL FÁ ÞIG Í HÓPINN!

## HM HEFST Í KVÖLD

SWEDEN 2011



## NÚ FER HVER AÐ VERÐA SÍÐASTUR AÐ TRYGGJA SÉR ÁSKRIFT FYRIR HM

## SJÁÐU ALLT UM HM Í HANDBOLTA Á VISIR.IS

**TÖKUM HÖNDUM SAMAN OG STYÐJUM STRÁKANA OKKAR TIL SIGURS!**
**ÞÚ STYRKIR HSÍ UM 2.000 KR. MEÐ ÞVÍ AÐ HRINGJA Í SÍMA 907–1020**

Stöð 2 Sport styður Strákana okkar. Hluti af áskriftargjaldi rennur til íslenska landsliðsins í handbolta.

### ALLIR LEIKIR ÍSLANDS SÝNDIR Í HD!

Þorsteinn J & gestir fyrir og eftir alla leiki Íslands

| | | |
|---|---|---|
| Í kvöld | Kl. 18:30 | Þorsteinn J & gestir |
| Í kvöld | Kl. 19:10 | Opnunarleikur mótsins |
| Á morgun | Kl. 15:50 | Ísland – Ungverjaland |
| Laugardagur | Kl. 19:50 | Ísland – Brasilía |
| Mánudagur | Kl. 20:20 | Ísland – Japan |
| Þriðjudagur | Kl. 20:20 | Ísland – Austurríki |
| Fimmtudagur | Kl. 18:00 | Ísland – Noregur |
| 22.–25. jan. | | Leikið í milliriðlum |
| 28. jan. | | Undanúrslitaleikir |
| 30. jan. | | Leikur um bronsverðlaun |
| 30. jan. | | Úrslitaleikur |

VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 SPORT INNIHELDUR 2 SPORT 2 SPORT 2 2 SPORT 3 2 SPORT 4 2 SPORT 5

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000




# Valskonur í stuði í seinni

**Valskonur unnu sjö marka sigur í toppslagnum á móti Fram í N1-deild kvenna í gær en Valur er búið að vinna alla þrjá leikina á móti Fram í vetur. Fram hafði fyrir leikinn unnið fyrstu átta deildarleiki sína í vetur en steinlá í gær.**

**HANDBOLTI** Valskonur urðu í gærkvöldi fyrsta liðið til þess að vinna Fram í N1-deild kvenna á þessu tímabili þegar Íslandsmeistarnir unnu sjö marka sigur á Fram, 23-16, í Safamýrinni. Valskonur tryggðu sér sigurinn með frábærum seinni hálfleik sem liðið vann 12-3 en Valur hefur nú unnið allar þrjár innbyrðisviðureignir sínar við Fram í vetur því Valstelpurnar höfðu áður unnið í Meistarakeppninni í september og svo í úrslitaleik deildarbikarsins í desemberlok.

Heimastúlkur í Fram höfðu yfirhöndina í fyrri hálfleik en í síðari hálfleiknum var aðeins eitt lið á vellinum. Gestirnir í Val lokuðu vörninni og spiluðu skynsaman sóknarleik sem skilaði þeim öruggum sigri. Mikið andleysi einkenndi leik Framara en þær skoruðu aðeins þrjú mörk í síðari hálfleiknum. Kristín Guðmundsdóttir, leikmaður Vals, var atkvæðamest gestanna en hún skoraði sex mörk. Maður leiksins var aftur á móti Íris Björk Símonardóttir, markvörður Fram, en hún varði 16 skot og þar af fjögur vítaskot. Toppbaráttan heldur áfram að vera spennandi eftir leikinn í gær.

Stefán Arnarsson, þjálfari Vals, var mjög svo sáttur við sigurinn í gær og sérstaklega spilamennsku sinna manna í síðari hálfleik.

„Ég er virkilega ánægður með það að hafa unnið þennan leik eftir að hafa spilað frekar illa í fyrri hálfleiknum. Stelpurnar sýndu sitt rétta andlit í seinni hálfleiknum og með frábærum varnarleik þá uppskárum við sigur. Með góðum varnarleik þá kemur markvarsla og það sýndi sig í kvöld, en Guðrún Jenný kom sterk inn í lokin og varði mörg mikilvæg skot. Við misnotum fimm vítaköst í leiknum en erum samt sem áður að vinna sannfærandi sem sýnir hversu sterkt lið við erum með.“

Valur, Fram og Stjarnan eru öll með 16 stig í efstu þremur sætum deildarinnar eftir leikinn í gær en Valur setur stefnuna á deildarmeistaratitillinn.

„Þetta eru allt góð lið en við ætlum okkur að enda mótið í efsta sæti og vera með heimavallarréttinn í úrslitakeppninni,“ sagði Stefán eftir leikinn í gær.

„Það er fátt hægt að segja eftir leik þar sem við skorum aðeins þrjú mörk í seinni hálfleik,“ sagði Einar Jónsson, þjálfari Fram, svekktur eftir leikinn í gær.

„Sóknarleikurinn okkar gjörsamlega hrundi í seinni hálfleik þó svo að varnarleikur okkar og markvarsla hafi verið að ganga upp. Tölurnar segja samt sem áður ekki alla söguna en munurinn á liðunum var aðeins þrjú mörk þegar um sjö mínútur voru eftir af leiknum. Mínar stelpur virtust missa aðeins hausinn í lokin og tóku ekki nægilega mikið af skarið,“ sagði Einar eftir leikinn.

**- sáp**



**LOK LOK OG LÆS** Framkonur skoruðu aðeins 3 mörk í seinni hálfleik þar sem Valsliðið lokaði vörninni og breytti stöðunni úr 13-11 fyrir Fram í 23-16 stórsigur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## ÚRSLITIN Í GÆR

### *Enska úrvalsdeildin*

Blackpool-Liverpool 2-1

0-1 Fernando Torres (3.) 1-1 Gary Taylor-Fletcher (12.), 2-1 DJ Campbell (69.).

### *Enski deildarbikarinn*

Ipswich-Arsenal 1-0

1-0 Tamas Priskin (78.)

### *N1-deild kvenna*

Fram - Valur 16-23 (13-11)

**Mörk Fram (Skot):** Birna Berg Haraldsdóttir 6 (25), Sigurbjörg Jóhannsdóttir 4/3 (9/4), Pavla Nevarilova 2 (2), Guðrún Þóra Hálfdánsdóttir 2 (4), Ásta Birna Gunnarsdóttir 1 (2), Karen Knútsdóttir 1 (8), Marthe Sördal 0 (1), Hildur Þorgeirsdóttir 0 (1)

**Varin skot:** Íris Björk Símonardóttir 16/4 (23/2, 41%)

**Hraðaupphlaupsmörk:** 1 ( Ásta Birna)

**Fiskuð víti:** 4 (Ásta Birna 2, Pavla og Karen Knútsdóttir) **Brottvísanir:** 6 mínútur

**Mörk Vals (skot):** Kristín Guðmundsdóttir 6/2 (12/2), Anna Úrsúla Guðmundsdóttir 4 (5/1), Anett Köbil 3 (6/1), Hrafnhildur Ósk Skúladóttir 3 (8/2), Karólína B. Gunnarsdóttir 2 (3), Rebekka Rut Skúladóttir 2 (5), Hildigunnur Einarsdóttir 1 (2), Íris Ásta Pétursdóttir 1 (3), Ragnhildur Rósa Guðmundsdóttir 0 (0/1), Camilla Transel 0/1 (0/2).

**Varin skot:** Guðný Jenný Ásmundsdóttir 13 (12/3, 52%), Sunneva Einarsdóttir 3/1 (4, 42%),

**Hraðaupphlaup:** 4 ( Anna Úrsúla 2, Hrafnhildur Ósk, Karólína Gunnarsdóttir)

**Fiskuð víti:** 8( Anna Úrsúla 3, Hildigunnur, Rebekka, Hrafnhildur Ósk, Anett Köbil, Karólína B.) **Utan vallar:** 4 mínútur.

### *Iceland Express-kvenna*

Keflavík-Grindavík 59-71 (27-44)

**Stigahæstar:** Jacquline Adamshick 34 (10 frák.), Bryndís Guðmundsdóttir 8, Pálína Gunnlaugsdóttir 7, - Crystal Ann Boyd 29, Berglind Anna Magnúsdóttir 12, Helga Hallgrímsdóttir 10 (11 frák.), Agnija Reke 9, Ingibjörg Yrsa Ellertsdóttir 8.

Snæfell -Haukar 73-72 (36-38)

**Stigahæstar:** Monique Martin 31 (18 frák.,3 varin) Berglind Gunnarsdóttir 11, Björg Guðrún Einarsdóttir 10, Helga Hjördís Björgvinsdóttir 9 - Kathleen Snodgrass 29, Ragna Margrét Brynjarsdóttir 12 (12 frák.), Gunnhildur Gunnarsdóttir 8, Íris Sverrisdóttir 7, Lauren Thomas-Johnsson 7.

Njarðvík -Hamar 67-93 (32-47)

**Stigahæstar:** Shayla Fields 26, Dita Liepkalne 17, Árnína Rúnarsdóttir 11 - Slavica Dimovska 30, Kristrún Sigurjónsd.25, Jaleesa Butler 19 (16 fr.).

Fjölnir-KR 77-82 (42-39)

**Stigahæstar:** Inga Buzoka 23 (15 frák.), Natasha Harris 20 (8 frák./8 stoðs./5 stolnir), Erla Sif Kristinsdóttir 14, Birna Eiríksdóttir 11 - Chazny Paige Morris 25, Margrét Kara Sturludóttir 19, Guðrún Gróa Þorsteinsdóttir 13

**Stig liða:** Hamar 26, Keflavík 22, KR 16, Haukar 12, Snæfell 10, Njarðvík 8, Grindavík 6, Fjölnir 4.

Liverpool og Arsenal töpuðu bæði óvænt í enska boltanum í gærkvöldi:

# Blackpool vann Liverpool aftur

**FÓTBOLTI** Liverpool og Arsenal töpuðu bæði í enska boltanum í gærkvöldi. Liverpool tapaði 2-1 á útivelli á móti Blackpool í ensku úrvalsdeildinni og Arsenal tapaði 0-1 á útivelli á móti Ipswich í fyrri leik undanúrslitaleikja liðanna í enska deildarbikarnum,

Nýliðar Blackpool eru með fullt hús á móti Liverpool í ensku úrvalsdeildinni í vetur eftir 2-1 sigur á Bloomfield Road í gær. Liverpool hefur því tapað tveimur fyrstu leikjum sínum undir stjórn Kenny Dalglish og alls þremur leikjum í röð.

DJ Campbell tryggði Blackpool öll þrjú stigin með því að skora sigurmarkið með skalla á 69. mínútu leiksins. Leikmenn Blackpool spiluðu vel í leiknum og áttu sigurinn skilinn. Liverpool fékk draumabyrjun í fyrsta deildarleiknum þegar Fernando Torres kom liðinu í 1-0 eftir tæplega þriggja mínútna leik en Gary Taylor-Fletcher jafnaði leikinn á 12. mínútu.

Blackpool vann líka 2-1 sigur í fyrri leiknum sem fram fór á Anfield í október en Blackpool komst í 2-0 í fyrri hálfleik í þeim leik. Blackpool komst upp í 9. sæti með þessum sigri en Liverpool er í 13. sætinu.

Enska b-deildarliðið Ipswich vann óvæntan 1-0 sigur á Arsenal en liðið hafði tapað 7-0 á móti Chelsea í enska bikarnum um síðustu helgi og er í 19. sæti í ensku b-deildinni með 8 sigra í fyrstu 24 leikjunum.

Ungverjinn Tamas Priskin tryggði Ipswich sigurinn á 78. mínútu leiksins eftir að hann slapp einn í gegnum Arsenal-vörnina.

Paul Jewell, verðandi stjóri Ipswich, var í stúkunni en það var Ian McParland sem stjórnaði liðinu alveg eins og í stórtapinu á móti Chelsea á sunnudaginn var. Ian McParland tók tímabundið við liðinu þegar Roy Keane var rekinn.

Seinni leikur liðanna fer fram á Emirates-vellinum 25. janúar næstkomandi en í hinni viðureigninni vann West Ham 2-1 heimasigur á Birmingham í fyrri leiknum.

**- óój**



**DJ CAMPBELL** Fagnar hér sigurmarki sínu í gær ásamt félögum sínum. MYND/AP


HYUNDAI
ix35
NÝR HYUNDAI SPORTJEPPI:
ix35
ix35
Það er ekki á hverjum degi sem við kynnum jafn athyglisverðan bíl og ix35 frá Hyundai, sem er í fararbroddi bílaframleiðenda í dag. Þess vegna er það okkur mikil ánægja að bjóða þér að koma og reynsluaka ix35 og kynna þér ríkulegan búnað, vandaðan frágang og fallegt yfirbragð bílsins.
Komdu og reynslu-aktu nýjum Hyundai í dag!
Verð 5.190.000 kr.
Allar nánari upplýsingar á www.hyundai.is
SantaFe
Þessi vinsæli jeppi er nú fáanlegur í nýrri og endurbættri útgáfu.
Verð 6.490.000 kr.
B&L og Ingvar Helgason
Sævarhöfða 2 • 110 Reykjavík
525 8000 • www.bl.is • www.ih.is
IH
INGVAR HELGASON

## > Jeff Goldblum

„Engin greiðsla, enginn Goldblum. Það er bara þannig.“

***Jeff Goldblum leikur Dr. Ian Malcolm sem fer með hópi fólks á eyju þar sem vísindamanni hefur tekist að endurlífga risaeðlurnar, en margt fer úrskeiðis og þurfa allir að berjast fyrir lífi sínu í kvikmyndinni Jurassic Park sem er á dagskrá Stöðvar 2 Bíó í kvöld kl. 18.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ: FREYR BJARNASON HORFÐI Á HM Í FUSSBALL Í BEINNI ÚTSENDINGU

# Spiluðu flottan fótbolta með höndunum

Sjónvarpsstöðin Eurosport hefur lengi gert íþróttagreinum sem venjulega fer heldur lítið fyrir í fjölmiðlum hátt undir höfði. Þar má nefna snóker, krullu, pílukast og nú síðast fussball, eða borðfótbolta eins og greinin er líka kölluð.

Heimsmeistarakeppninn í fussball var haldin í Frakklandi fyrir nokkrum dögum og að sjálfsögðu var Eurosport með puttann á púlsinum og sýndi beint frá herlegheitunum. Þar kepptu, ótrúlegt en satt, rúmlega 450 manns frá 32 löndum í þessu fjögurra daga móti. Liðin voru 59 talsins, eða 27 karlalið, 13 kvennalið, 11 lið með yngri spilurum og 8 með eldri. Bandaríkjamenn báru sigur úr býtum í karlaflokki og frændur okkar Danir lentu í öðru sæti á meðan Austurríki vann kvennaflokkinn.



**FUSSBALL** Heimsmeistarakeppninn í Fussball fór fram í Frakklandi fyrir skömmu.
NORDICPHOTOS/GETTY

Alvaran skein úr keppendum er þeir öttu kappi hver við annan og ljóst að þeir ætluðu ekkert að gefa eftir í baráttunni um heimsmeistaratitilinn. Það var magnað að fylgjast með boltatækninni sem keppendur höfðu yfir að ráða og hefðu margir alvöru knattspyrnumenn orðið fullsæmdir af henni. Boltanum var spilað á milli manna á yfirvegaðan hátt rétt eins og í venjulegum fótboltaleik og aldrei misstu menn boltann frá sér. Þegar loksins kom að úthugsuðu skotinu á markið var hlaðið vel í fallbyssuna og skotið látið ríða af með tilheyrandi handarsnúningi. Þarna voru greinilega fagmenn að verki, sannkallaðir snillingar í að spila fótbolta með höndunum.

## SJÓNVARPIÐ

**16.35 Sjónleikur í átta þáttum** (1:8) (e)
**17.20 Magnus og Petski** (1:12)
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Stundin okkar** (e)
**18.25 Bombubyrgið** (14:26) (Blast Lab)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Strákarnir okkar** (3:6) Í tilefni af 80 ára afmæli Ríkisútvarpsins verður í þessari þáttaröð leitað að besta handboltaliði Íslands frá upphafi.
**21.00 Árekstur** (1:5) (Collision) Breskur myndaflokkur. Harður margra bíla árekstur verður á hraðbraut og breytir lífi allra sem í honum lenda.
**21.45 Fum og fát** (1:20) (Panique au village) Í þessum belgísku hreyfimyndaþáttum ferðast Kúrekinn, Indíáninn og Hesturinn að miðju jarðar og lenda í ótrúlegustu ævintýrum.
**22.00 Tíufréttir**
**22.10 Veðurfréttir**
**22.20 Sporlaust** (19:24) (Without a Trace) Bandarísk spennuþáttaröð um sveit innan Alríkislögreglunnar sem leitar að týndu fólki.
**23.05 Dorrit litla** (4:8) (Little Dorrit) Breskur myndaflokkur byggður á sögu eftir Charles Dickens um erfiða lífsbaráttu fólks í London um 1820. (e)
**00.00 Kastljós** (e)
**00.30 Fréttir** (e)
**00.40 Dagskrárlok**

## 2 BÍÓ

**06.05 Uptown Girl**
**08.00 Red Riding Hood**
**10.00 Wedding Daze**
**12.00 Jurassic Park**
**14.05 Red Riding Hood**
**16.00 Wedding Daze**
**18.00 Jurassic Park**
**20.05 Uptown Girl**
**22.00 My Zinc Bed**
**00.00 Man About Town**
**02.00 The Man in the Iron Mask**
**04.10 My Zinc Bed**
**06.00 Definitely, Maybe**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 Sjálfstætt fólk**
**11.00 Gilmore Girls**
**11.45 The Mentalist** (2:23)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Matarást með Rikku** (5:10)
**13.25 La Fea Más Bella** (299:300)
**14.10 La Fea Más Bella** (300:300)
**15.05 The O.C. 2** (16:24)
**15.55 Barnatími Stöðvar 2**
**17.10 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar**
**17.58 The Simpsons** (15:21)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Two and a Half Men** (2:24)
**19.45 The Big Bang Theory** (4:23)
**20.10 Masterchef** (2:13) Stórskemmtilegur matreiðsluþáttur sem sló fyrst í gegn í Bretlandi. Það er Gordon Ramsey sem leiðir keppnina.
**20.55 NCIS. Los Angeles** (21:24)
**21.40 Human Target** (11:12)
**22.25 Life on Mars** (7:17) Sakamálaþáttur sem fjallar um lögregluvarðstjóra sem lendir í bílslysi og vaknar upp sem lögreglumaður snemma á 8. áratugnum.
**23.10 Spaugstofan**
**23.35 Hlemmavídeó** (11:12)
**00.00 Chase** (2:18)
**00.45 Numbers** (11:16)
**01.30 Mad Men** (6:13)
**02.20 Volver**
**04.15 NCIS. Los Angeles** (21:24)
**05.00 The Simpsons** (15:21)
**05.25 Fréttir og Ísland í dag**

## 2 SPORT *besta sætið*

**07.00 Enski deildabikarinn: Ipswich - Arsenal** Útsending frá leik Ipswich Town og Arsenal í undanúrslitum ensku deildarbikarkeppninnar (League Cup). Þetta er fyrri leikur liðanna.
**19.00 HM í handbolta - upphitun** Þorsteinn J. fær til sín handboltasérfræðinga og aðra góða gesti til að hita upp fyrir leiki dagsins á HM í handbolta.
**20.10 Svíþjóð - Síle** Bein útsending frá opnunarleiknum á HM í handbolta í Svíþjóð. Það eru gestgjafarnir, Svíar, sem mæta liði Síle í fyrsta leiknum en liðin eru í D-riðli.
**22.15 Þorsteinn J. og gestir** Þorsteinn J. og gestir hans kryfja opnunarleikinn og spá í spilin fyrir mótið.
**22.55 European Poker Tour 6 - Pokers** Sýnt frá European Poker Tour þar sem mætast allir bestu spilarar heims.
**23.45 Svíþjóð - Síle** Útsending frá opnunarleiknum á HM í handbolta í Svíþjóð.
**01.20 Þorsteinn J. og gestir**

## 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Blackpool - Liverpool**
**17.45 Blackpool - Liverpool**
**19.30 Season Highlights** Allar leiktíðir Úrvalsdeildarinnar gerðar upp í hröðum og skemmtilegum þætti.
**20.25 Premier League World 2010/11** Áhugaverður þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá hinum ýmsu óvæntu og skemmtilegum hliðum.
**20.55 Bebeto** Bebeto er enginn aukvissi en þessi fyrrverandi heimsmeistari með brasilíska landsliðinu 1994 og 1998 verður minnst með hlýhug enda frábær knattspyrnumaður. Ferill Bebeto verður skoðaður ofan í kjölinn og skyggnst verður á bak við tjöldin.
**21.20 PL Classic Matches: Tottenham - Manchester United.**
**21.50 PL Classic Matches: Liverpool - Newcastle, 1995**
**22.20 Wolves - Chelsea** Útsending frá leik Wolves og Chelsea í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁR EINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Rachael Ray** (e)
**09.30 Pepsi MAX tónlist**
**15.40 7th Heaven** (2:22) (e)
**16.25 Rachael Ray**
**17.10 Dr. Phil**
**17.55 Single Father** (2:4) (e)
**18.55 Real Hustle** (12:20)
**19.20 America's Funniest Home Videos** (40:46)
**19.45 Whose Line is it Anyway?** (14:39)
**20.10 The Office** (20:26)
**20.35 30 Rock** (6:22)
**21.00 House** (20:22)
**21.50 CSI: Miami** (15:24) Bandarísk sakamálasería um Horatio Caine og félaga hans í rannsóknardeild lögreglunnar í Miami. Lík manns fellur af himnum ofan og rannsóknin leiðir í ljós að hann var úti í geimnum.
**22.40 Jay Leno** Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.
**23.25 The L Word** (4:8) (e)
**00.15 Flashpoint** (9:18) (e)
**01.00 Worlds Most Amazing Videos** (5:13) (e)
**01.45 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00 ESPN America**
**12.15 Golfing World**
**13.05 Tournament of Champions** (4:4)
**17.05 PGA Tour - Highlights** (1:45)
**18.00 Golfing World**
**18.50 Inside the PGA Tour** (2:42)
**19.15 Tournament of Champions** (4:4)
**23.35 Inside the PGA Tour** (2:42)
**00.00 Sony Open in Hawaii** (1:4)
**03.30 ESPN America**

## 2 EXTRA

**19.50 The Doctors**
**20.35 Unhitched** (2:6) Framleiðendur Unhitched eru hinir frumlegu Farrelly-bræður sem m.a. gerðu There's something about Mary og Dumb and Dumber. Þessir frábæru grínþættir segja frá vinum á fertugsaldri sem allir eru nýlega einhleypir og reyna að fóta sig í nýjum aðstæðum.
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 Gossip Girl** (10:22)
**22.35 Hawthorne** (7:10) Dramatísk þáttaröð sem fjallar um hjúkrunarfræðinga á Richmond Trinity spítalanum í Virginíu. Jada Pinkett Smith leikur yfirhjúkrunarfræðing á spítalanum og helgar sig starfinu, þrátt fyrir annir í einkalífinu.
**23.20 Medium** (16:22) Sjötta þáttaröð þessa dulmagnaða spennuþáttar sem fjallar um sjáandann Allison Dubois sem gegn eigin vilja sér í draumum sínum skelfilega glæpi sem hafa ekki enn verið framdir. Þessi náðargáfa hennar gagnast lögreglunni vitaskuld við rannsókn málanna og er hún því gjarnan kölluð til aðstoðar.
**00.05 Nip/Tuck** (14:19)
**00.50 Unhitched** (2:6)
**01.15 The Doctors**
**01.55 Fréttir Stöðvar 2**
**02.45 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## N4

**18.15 Að norðan** Með Hildu Jönu Gísladóttur. Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Er sáttaleiðin þá fær eftir allt?
**21.00 Under feldi** Örlagaár í sjálfstæðissögu eyjunnar bláu.
**21.30 Rokk og tjatjatja** Tónlistarflóran á eyjunni bláu er engri lík.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |



NÝ NÁMSKEIÐ AÐ HEFJAST
Fitnessbox
CrossFit
Ketilbjöllur
Zumba Fitness
World Class ICELAND
SKRÁÐU ÞIG NÚNA
á worldclass.is og í síma 55 30000

## Í KVÖLD



### STÖÐ 2 SPORT KL. 19. HM í handbolta

Það er komið að stóru stundinni. HM í handbolta hefst í dag og Þorsteinn J. blæs til leiks klukkan 19.00 með skemmtilegri upphitun fyrir mótið. Svíþjóð og Síle mætast í opnunarleiknum sem hefst klukkan 20.10 og strax eftir leikinn mætir Þorsteinn J. aftur með gestum sínum og gerir upp leikinn.

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn 07.03 Vítt og breitt **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.03** Veðurfregnir **10.13** Litla flugan **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Hádegisútvarpið **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir og auglýsingar **13.00** Samræður á sunnudegi **14.03** Á tónsviðinu **15.03** Útvarpssagan: Höll minninganna **15.25** Skurðgrafan **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Samkomuhúsið: Ríkisútvarpið 80 ára **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.20** Útvarpsperlur: Óperettudrottningin Sigrún Magnúsdóttir **23.20** Til allra átta **00.05** Næturútvarp Rásar 1

### BBC entertainment

**09.45** QI **10.15** Waterloo Road **11.05** EastEnders **11.35** Doctor Who **12.25** Deal or No Deal **13.00** Deal or No Deal **13.35** QI **14.05** QI **14.35** Only Fools and Horses **15.05** Only Fools and Horses **15.35** Doctor Who **16.20** New Tricks **17.15** Deal or No Deal **17.50** Deal or No Deal **18.25** Only Fools and Horses **19.00** Only Fools and Horses **19.30** Wrong Door **20.00** Lead Balloon **20.30** Little Dorrit **21.20** Lead Balloon **21.50** QI **22.20** QI **22.50** New Tricks **23.40** EastEnders **00.10** Wrong Door **00.40** Lead Balloon **01.10** Little Dorrit **02.00** QI

### DR 1

**13.00** Vores Liv **13.30** Undercover chef - DSB **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.05** Aftenshowet **15.00** Noddy **15.10** Rasmus Klump **15.15** Babar **15.30** Cirkeline i Fandango **16.00** Landsbyhospitalet **16.50** Det søde liv **17.00** Vores Liv **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet **19.00** Forsvundne danskere **19.30** Verdens vildeste o **20.00** TV Avisen **20.25** Jersild Live **20.50** SportNyt med VM Håndbold **21.10** The Miracle Baby Of Haiti **22.10** DR1 Dokumentaren **23.10** Arven efter Stieg Larsson **00.05** Godnat

### NRK 1

**12.00** NRK nyheter **12.05** Aktuelt **12.35** Urix **13.00** NRK nyheter **13.05** V-cup skiskyting **15.00** NRK nyheter **15.10** Folk **15.40** Folkets vinterfilm **16.00** NRK nyheter **16.10** Koht på jobben **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Førkveld **17.40** Distriktsnyheter **18.45** Ikke gjør dette hjemme **19.15** Anne & Ronny møter 8 med vilje **19.55** Distriktsnyheter **20.30** Debatten **21.30** Sognepresten **22.00** Kveldsnytt **22.15** Kautokeinoopprøret **23.05** Jordmødrene **23.35** How to make it in America

### SVT 1

**11.00** Rapport **11.05** Trettondagsshow på Berwaldhallen **12.05** Engelska Antikrundan **13.00** Inför Idrottsgalan 2010 **13.05** Skidskytte. Världscupen Ruhpolding **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **15.55** 100 dagar **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Antikrundan **20.00** Maria Larssons Eviga ögonblick **22.10** 100 dagar **23.10** Nurse Jackie **23.40** Stalins sista brott





LAGERSALA MÚRBÚÐARINNAR
SMIÐJUVEGI 72
í Kópavogi (hjá Sólningu)
Opið kl. 13-18 mánud.- föstud. laugardaginn 15. jan. kl. 10-16

LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA-VÖRUM

- Flísar og parket
- Hreinlætistæki
- Rafmagnsverkfæri
- Stálvaskar - fatnaður
- Útlitsgallaðar vörur

Meiri gæði / Lægra verð

MÚRBÚÐIN

## BESTI BITINN Í BÆNUM



*„Það myndi vera Eldsmiðjan. Fæ mér yfirleitt pepperóní og jalapenjós hjá þeim.“*

Hugrún Halldórsdóttir, verðandi fréttamaður á Stöð 2.

# 120 íslenskar bækur þýddar á þýsku

„Við höfðum gert okkur vonir um að þetta yrðu kannski hundrað titlar þannig að þetta fer fram úr því sem við bjuggumst við,“ segir Halldór Guðmundsson, verkefnisstjóri Sögueyjunnar Íslands, sem heldur utan um heiðursgestahlutverk Íslands á bókamessunni í Frankfurt en hún verður formlega sett í október. 120 íslenskir titlar koma út á þýsku á næstu mánuðum og Halldór segist reikna með að verk yfir áttatíu höfunda verði aðgengileg á þýsku. „Þarna inni á milli eru safnrit, ljóða- og smásagnasöfn þannig að höfundarnir gætu verið miklu fleiri.“

Ísland verður áberandi á alls konar viðburðum í Þýskalandi sem tengjast skáldagyðjunni með beinum og óbeinum hætti. Þannig verður í júní blásið til mikillar íslenskrar ljóðaveislu í ellefu þýskum borgum þar sem íslensk ljóðlist verður kynnt. Þá er ráðgert að bókasýning fari fram í Leipzig þar sem fimm íslenskir rithöfundar verða gestir. Punkturinn yfir i-ið er síðan sjálf bókamessan í október þar sem sjö þúsund sýnendur frá hundrað löndum mæta á svæðið með verk sín.

Halldór segist ekki vita hversu margir íslenskir rithöfundar séu búnir að bóka farseðil til Þýskalands en annar hver maður í Rithöfundasambandinu hljóti að minnsta kosti að vera velta þeim möguleika fyrir sér. „Við höfum verið að tala við öll forlögin sem gefa út íslenskar bækur og spyrja þau hvort þau vilji fá íslenska höfunda út til sín í frekari kynningar.“ - fgg



**ÓTRÚLEGUR FJÖLDI** 120 íslenskir titlar koma út á þýsku á næstu mánuðum í tilefni af bókamessunni í Frankfurt en Ísland er þar heiðursgestur. Halldór segir töluna fara fram úr hans væntingum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Varla varð þverfótað fyrir íslensku fræga fólki á frumsýningu Roklands, kvikmyndar Marteins Þórssonar eftir samnefndri sögu Hallgríms Helgasonar. Þjóðleikhússtjórinn **Tinna Gunnlaugsdóttir** mætti auðvitað ásamt eiginmanni sínum Agli Ólafsson. Skemmtilegasta gestaparið var þó án nokkurs vafa Hemmi Gunn og Linda Pé. Sjálfur Frímann Gunnarsson eða Gunnar Hansson var einnig á svæðinu sem og Dagur B. Eggertsson og sjónvarpskonan Telma Tómasson ásamt manni sínum, kvikmyndatökumanninum Karli Óskarssyni. **Katrín Júlíusdóttir**, hinn nýtrúlofaði iðnaðarráðherra, mætti örlítið of seint og fékk sér sæti á aftasta bekk og Víkingur Kristjánsson, sem leikur lítið hlutverk í Roklandi, gleymdi miðanum sínum inn í aðalsalinn en fékk engu að síður að komast inn eftir smá fortölur.



Þótt Ólafur Darri Ólafsson eigi stóra hvíta tjaldið í myndinni sem hinn eiturhressi Böddi þá er hann dyggilega studdur af þeim **Láru Jóhönnu Jónsdóttur** og **Elmu Lísu Gunnarsdóttur** sem eru ástirnar í lífi hans. Ekki var annað að sjá en að kærasti Láru Hönnu, leikarinn Hilmar Guðjónsson, væri sáttur með sína spúsu því hann smellti á hana rembingskossi að frumsýningu lokinni. - fgg



EVA RUT HJALTADÓTIR: ÉG ÞARF HELST AÐ KOMAST Í SPLITT Í FYRSTA SKIPTI

# Keppir við þær bestu á Norðurlandamóti í súlufimi í Stokkhólmi

„Ég var samþykkt inn í keppnina í lok nóvember og er búin að æfa fimm sinnum í viku ásamt því að teygja á hverjum degi. Ég þarf helst að komast í splitt, sem er eitthvað sem ég hef aldrei gert áður,“ segir Eva Rut Hjaltadóttir, bassaleikari hljómsveitarinnar Elektru og keppandi í súlufimi.

Eva er á leiðinni á Norðurlandamótið Battle of the Pole í Stokkhólmi í næstu viku. Hún hefur stundað íþróttina í rúmt ár og keppir því í svokölluðum „kittens“-flokki ásamt átta öðrum konum og körlum frá Danmörku, Svíþjóð og Finnlandi. Reynslumeiri keppendur keppa í „lionesses“-flokki.

Eva stundar nú strangar æfingar og játar að það væri þægilegt að geta verið með súlu heima. „Ég fer bara upp í Xformstúdíó þar sem ég er að æfa og kenna. Ég get farið þangað á hvaða tíma sólarhringsins sem er, sem er fínt,“ segir hún.

Fyrsta Íslandsmeistaramótið í súlufimi fór fram í september í fyrra. Sólveig Steinunn Pálsdóttir stóð uppi sem sigurvegari, en Eva hafnaði í öðru sæti. Íþróttin nýtur vaxandi vinsælda á Íslandi og þeim sem stunda súlufimi fjölgar stöðugt. Eva segir súlufimina vera hörkupúl, en hún prófaði íþróttina í gríni á sínum tíma og varð að eigin sögn háð. „Ég hef aldrei þolað íþróttir,“ segir hún og rifjar upp gamans upp endasleppan íþróttaferil:



**FIM Á SÚLUNNI** Eva Rut æfir nú fimm sinnum í viku fyrir Norðurlandamót í súlufimi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> Ég fór pínulítið í fimleika þegar ég var sjö ára og það hötuðu mig allir í leikfimi í skólanum því ég nennti ekki að taka þátt.
>
> **EVA RUT HJALTADÓTTIR**

„Ég fór pínulítið í fimleika þegar ég var sjö ára og það hötuðu mig allir í leikfimi í skólanum því ég nennti ekki að taka þátt.“

Það er til mikils að vinna fyrir Evu því sigurvegari Battle of the Pole fær meðal annars að launum 500 evrur, eða um 77.000 krónur, farandbikar og súlu. Á meðal þess sem dómararnir leita eftir, samkvæmt vefsíðu keppninnar, er frumleiki í danssporum, sköpunargáfa, framkvæmd, styrkur og þokki. Þá skipta klæðnaður og tónlist einnig máli.

Aðspurð að lokum hvort hún njóti aðstoðar danshöfunda við að semja atriðið segir Eva: „Nei. Ég sem atriðið sjálf.“

atlifannar@frettabladid.is




# ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

551 1200 / midasala@leikhusid.is / www.leikhusid.is



**Sindri silfurfiskur** (Kúlan)

| | |
|---|---|
| Sun 13.2. Kl. 13:30 | Sun 20.2. Kl. 13:00 |
| Sun 13.2. Kl. 15:00 | Sun 20.2. Kl. 15:00 |



**Gerpla** (Stóra sviðið)

| | |
|---|---|
| Mið 12.1. Kl. 20:00 Ö | Sun 30.1. Kl. 20:00 Ö |
| Fim 20.1. Kl. 20:00 Ö | |



**Fíasól** (Kúlan)

| | |
|---|---|
| Sun 16.1. Kl. 13:00 | Sun 23.1. Kl. 13:00 |
| Sun 16.1. Kl. 15:00 Ö | Sun 23.1. Kl. 15:00 Ö |



**Hænuungarnir** (Kassinn)

| | | |
|---|---|---|
| Lau 15.1. Kl. 20:00 U | Fim 20.1. Kl. 20:00 Ö | Sun 23.1. Kl. 20:00 Síð. sýn. Ö |
| Sun 16.1. Kl. 20:00 U | Lau 22.1. Kl. 20:00 U | |



**Íslandsklukkan** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Lau 15.1. Kl. 19:00 U | Sun 23.1. Kl. 19:00 Ö | Lau 5.2. Kl. 19:00 Ö |
| Sun 16.1. Kl. 19:00 U | Lau 29.1. Kl. 19:00 Ö | |
| Lau 22.1. Kl. 19:00 U | Fös 4.2. Kl. 19:00 Ö | |



**Lér konungur** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Fim 13.1. Kl. 20:00 6. sýn Ö | Fim 27.1. Kl. 20:00 Ö | Lau 12.2. Kl. 20:00 |
| Fös 14.1. Kl. 20:00 7. sýn Ö | Fös 28.1. Kl. 20:00 Ö | |
| Fös 21.1. Kl. 20:00 8. sýn Ö | Fös 11.2. Kl. 20:00 | |



**Ballið á Bessastöðum** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Fim 3.2. Kl. 18:00 U | Sun 13.2. Kl. 14:00 Ö | Sun 20.2. Kl. 17:00 |
| Sun 6.2. Kl. 14:00 Ö | Sun 13.2. Kl. 17:00 | Sun 27.2. Kl. 14:00 |
| Sun 6.2. Kl. 17:00 Ö | Sun 20.2. Kl. 14:00 Ö | Sun 27.2. Kl. 17:00 |



**Hvað EF – skemmtifræðsla** (Kassinn)

| | |
|---|---|
| Þri 18.1. Kl. 20:00 | Þri 25.1. Kl. 20:00 |
| Mið 19.1. Kl. 20:00 | Mið 26.1. Kl. 20:00 |


# Hlakkar til að fá sér kebab í Köben

„Ég er eiginlega kominn með í magann af spenningi. Ég get ekki beðið eftir því að fara út, hitta mömmu og systur mínar, drekka Faxe Kondi og borða kebab,“ segir Arnór Dan Arnarsson, söngvari rokksveitarinnar Agent Fresco. Þann 27. janúar verða miklir tónleikar á Nordatlantens Brygge með Agent Fresco, Lay Low og Mugison. Tónleikarnir verða Arnóri nokkuð mikilvægir enda bjó hann í Danmörku um langt skeið og hann getur ekki beðið eftir því að leyfa dönskum vinum sínum að heyra tónlistina sína sem fengið hefur frábæra dóma á Íslandi. „Við höfum reyndar spilað einu sinni áður í Danmörku, það var fyrir rúmu ári síðan og það var ekkert að marka þá tónleika. Nú er þetta alvöru. Það verður gaman að leyfa vinunum að heyra þetta.“

Arnór reynir að fara sem oftast út til Kaupmannahafnar en hefur gert minna af því að undanförnu, bæði vegna anna og svo er auðvitað orðið aðeins dýrara að fljúga á milli landanna. Hann hélt þó upp á jólin á danskri grund. „Þetta verður bara eins og spila í Reykjavík fyrir mig, ég er bara að fara heim,“ segir Arnór.

Agent Fresco hefur ekki gert mikið að því að spila í útlöndum þótt ekki hafi vantað tilboðin. „Þetta hefur bara verið eitt og eitt gigg. Við ætlum hins vegar að reyna að taka einhverja góða ferð í sumar,“ en sveitin hyggst hita upp fyrir útgáfutónleika sína í febrúar með smá hljómleikum á Sódómu á laugardaginn ásamt Loga úr Sudden Weather Change og Rökkuró. - fgg



**TIL DANAVELDIS** Arnór Dan og félagar hans í Agent Fresco eru á leiðinni til Danmerkur. Arnór segir það vera fyrir sig eins og að spila í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Nú þegar undankeppni Eurovision er að hefjast á Íslandi lifir framlag **Heru Bjarkar** enn þá erlendis. Je ne sais quoi situr þessa vikuna í tólfta sæti á lista breska tónlistarmiðilsins Music Week yfir danstónlist. Hera er í góðum hópi á listanum en fyrir ofan hana eru söngkonur á borð við Katy Perry, Miley Cyrus og Rihanna, sem situr einmitt í efsta sæti listans ásamt franska plötusnúðaprinsinum David Guetta.



Eins og Fréttablaðið greindi frá fyrir skemmstu er tökum á Tíma nornarinnar nú næstum lokið, eingöngu er beðið eftir smá snjó til að setja punktinn yfir i-ið í þessari fyrstu sjónvarpsþáttaröð Friðriks Þórs Friðrikssonar. Jafnframt var sagt frá því að **Valdís Óskarsdóttir** sæi um klippingu en með henni við verkið situr Sigurður Eyþórsson.

- afb, fgg




# elskubarn

## Nístandi saga um sannleika og lygi

Leikritið er byggt á opinskáum viðtölum við alla aðila málsins.
Engu hefur verið bætt við og allt er orðrétt haft eftir.

**Frumsýnt í kvöld kl. 20** | **UPPSELT**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| fös. | 14/1 kl. 19 | **UPPSELT** | sun. | 30/1 kl. 20 | **UPPSELT** |
| fös. | 21/1 kl. 20 | **UPPSELT** | mið. | 2/2 kl. 20 | laus sæti |
| þri. | 25/1 kl. 20 | **UPPSELT** | fim. | 3/2 kl. 20 | laus sæti |
| mið. | 26/1 kl. 20 | **UPPSELT** | mið. | 9/2 kl. 20 | laus sæti |

SNARPUR SÝNINGARTÍMI

Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is

Borgarleikhúsið

Fíton/SÍA

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst húsið

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



NÝTT ÍSLENSKT

GOS

GOSVERKSMIÐJAN ★ KLETTUR

www.gosogvatn.is


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Salander farin

Fréttablaðið greindi frá því á síðasta ári að íslenski kvikmyndaframleiðandinn Eva Maria Daniels væri að gera kvikmynd með **Rooney Mara**. Mara þessi hreppti eitt eftirsóknarverðasta hlutverk Hollywood fyrr og síðar þegar David Fincher fékk hana til að leika Lisbeth Salander. Í samtali við Fréttablaðið óttaðist Eva ekki að Rooney myndi yfirgefa sína mynd en samkvæmt imdb.com virðist það einmitt hafa gerst því leikkonan er ekki lengur í leikarahópnum.



### Auddi og Sveppi flýja land

Umboðsmaður barna er svo óánægður með uppátæki félaganna **Sveppa og Audda** að þeir sáu sér þann kost vænstan að flýja land. Þeir héldu til Seyðisfjarðar í gær og tóku síðan ferjuna Norrænu áleiðis til Færeyja. Það verða Umboðsmanni barna eflaust nokkur vonbrigði að frétta að stjörnurnar ætla sér að snúa brátt aftur, enda stendur til að verja heilum þætti í Færeyjaferðina. Grallararnir ætla að taka upp efni um borð í Norrænu og að sjálfsögðu hjá færeyskum frændum okkar. Allar líkur eru á því að í þættinum muni þeir sjá hérlendum barnaverndaryfirvöldum fyrir nægu umkvörtunarefni. Og hugsanlega færeyskum barnaverndaryfirvöldum líka. **- fgg, sh**



## Mest lesið VÍSIR.IS

1. Lögreglumaður kærður fyrir gáleysislega hegðun
2. Flogaveikum dæmdar bætur
3. Leggja til bann við kynferðislegri misnotkun dýra
4. Ólafur Þórðarson kominn á Grensásdeild
5. Umboðsmaður barna kallar Audda og Sveppa á teppið


OPIÐ 24 TÍMA

Opið allan sólarhringinn í Skeifunni

Office1

Útsölur!

40 til 50%

afsláttur af öllum vörum

nýtt kortatímabil VISA

BOSS HUGO BOSS

HUGO HUGO BOSS

SAND

RALPH LAUREN

B&S KONUR

B&S | Kringlunni 553 4141

H U G O B O S S

HUGO BOSS | KRINGLUNNI 533 4242

BOSS HUGO BOSS HUGO HUGO BOSS

herra GARÐURINN -klæðir þig vel

KRINGLAN - SMÁRALIND
568 9234 544 2410

SAND strellson eterna CANALI POLO RALPH LAUREN

FINUCCI collezione POLO JEANS CO. bugatti gardeur TINO COSMA BOSS LLOYD

ENGLABÖRNIN

Falleg föt á stelpur og stráka...

Kringlunni sími 552 2201

molo bisgaard hummel TICKET TO HEAVEN